




Af ljóðum  
Afbók #3

Útgefandi: Nýhil 2005  
ISBN: 9979-9715-0-9

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Eiríkur Örn Norðdahl  
Prófarkarlestur: Hildur Lilliendahl Viggósdóttir

Kápumynd: Örvar Þóreyjarson Smáráson  
Hönnun: Haukur Már Helgason  
Umbrot: Sölvi Björn Sigurðsson & Haukur Már Helgason

Letur meginmáls: 10 punkta Cochin á 12 punkta fæti

Edda styrkti útgáfu þessarar bókar 

Nýhi

Af ljóðum **AFBÓK**  
#3

Ritstjóri: Eiríkur Örn Norðdahl

## Formáli:

# Nokkrar sundurlausar hugsanir um ljóðlist

### I

Stundum fæ ég það á tilfinninguna að rithöfundar séu með botox í vörunum. Sérílagi á þetta þó við um ljóðskáld, og jafnvel enn frekar um íslensk ljóðskáld. Það er ekki að þau vilji ekki brosa, þau eru bara of vandræðaleg til að geta það. Þau eru of mikið að vanda sig við að vera falleg.

Hahaha... svona allir saman nú... ha ha ha ha! Ha! Ha! Ha!

Úff.

Ætla ég enn og aftur að halda því fram að íslensk ljóð séu rusl og þeim sé ekkert of gott að enda í ryðgaðri sorpkvörn? Heldur betur *ekki!* – Ekki! (...ekki...)

ÍSLENSKA LJÓÐIÐ HEFUR ALDREI SVIFIÐ JAFN  
TIGNARLEGA!

ÍSLENSK LJÓÐSKÁLD HAFU ALDREI VERIÐ JAFN  
HUGRÖKK OG FÖGUR!

ÍSLENSKA TUNGAN HEFUR ALDREI LOGAÐ JAFN  
GLATT!

ÍSLENSK LJÓÐABÓKAÚTGÁFA HEFUR ALDREI VERIÐ  
JAFN VEGLEG!

KILIR ÍSLENSKRA LJÓÐABÓKA ERU GULLBRYDDAÐIR  
OG BÓKSTAFIR LJÓÐA UPPHLEYPTIR!

ÍSLENSKIR LJÓÐAPRÓFARKALESARAR HAFU ALDREI  
VERIÐ JAFN NÁKVÆMIR!

TRJÁM HEIMSINS HEFUR ALDREI VERIÐ SÓAÐ Á  
GUÐDÓMLEGRI HÁTT EN Í ÚTGÁFU ÍSLENSKRA  
LJÓÐABÓKA!

Ha ha!

Jei!

## II

Auðvitað er þetta ekki allskostar satt. Það er allur fjárinn að íslenskri ljóðagerð. Og þegar ég tala um vond ljóð, í þessari grein, þá á ég við eitthvað af eftirfarandi:

A) Dundur. Alls kyns fólk á Íslandi fæst við ljóðagerð í frístundum. Bæði yrkir fólk tækifæriskvæði, það öðlast persónulega hreinsun við að hleypa út tilfinningum sínum í eitthvað form, það auðgar málfar sitt og hugsun með metafórískum, estetískum og eþerískum þankagangi. Þetta er annað en hitt að stunda ljóðlist af allri sál og öllum líkama, annað en að stunda ljóðræna nálgun á lífið allt – annað en að lifa með ljóðinu/lifa ljóðið hverja vökustund og dreyma það um nætur. Fúskljóð eru fullgild sem tjáning höfundarins við sjálfan sig, sem samband hans sjálfs við eitthvað guðdómlegt í sjálfum sér, en það er ekki það sama og að opna fyrir hið guðdómlega

í sjálfum sér og hleypa því út í heiminn í öllum sínum ljótleik og fegurð, smæð sinni og stærð sinni. Innhverft fúskljóð getur birst í Lesbók, eða verið prentað í bók, en það talar ekki við neinn nema skrifanda sinn, og kannski fáeina nána vini hans og ættingja. Þessi tegund ljóðlistar er trúarleg hreyfing sem ætti að stundast í einrúmi, ekki ósvipað og kynlíf.

B) Þykjustunni-ljóð. Fjöldinn allur af ljóðskáldum, mönnum og konum sem fást við ljóðlist allan daginn, nálgast list sína eins og nokkurs konar þrjónaskap. Þeir og þær líta í bók, finna uppskrift að góðu ljóði og dunda sér svo við að setja það saman. Sem dæmi um uppskrift má nefna:

Klassískt stílbragð (Frummynd + myndlíking (tesa)  
myndlíking x myndhvörf<sup>2</sup>  
antitesa (tesa) – hlutgerving (lh. þt)  
fullyrðing + persónugerving) = syntesa = ljóð

Eins og þetta sé nú ekki nógu óáhugavert, þá eru m.a.s. til skáld sem fylla inn í x-in og y-in með skítleiðinlegum klisjum. Flest þessara ljóðskálda lifa í skugga Steins Steinarr, og í ósjálfstæði sínu eru þau ófær um annað en að herma upp Tímann og vatnið í tíma og ótíma. Önnur færa dúkkulísur sínar í föt Sigfúsar Daðasonar (þessi eru yfirleitt eitthvað háskólamenntuð, og vilja sýna fram á að tilfinningar þeirra séu fínstilltari en alþýðumannsins sem apar Steinarr). Enn önnur skrifa þykjustunni-róttæk uppreisnarljóð, droppa inn vísunum í dóp og kynlíf, sum apa upp grótesk samtímaljóð (til að vera móðins, sjáiði til). En það eru til formúlur að þessu öllu, og það að þrjóna ljóð eftir uppskrift er ekki það sama og að gubba út úr sér sálinni, ekki það sama og að vera ljóðskáld.

C) Ég áskil mér rétt til að eiga við allt sem mér gæti mögulega þótt vont af hvaða ástæðum sem mér þykja eiga við, jafnvel af misskilningi. Ég get þá sem best bara tekið það til baka við eitthvað tækifæri.

### III

Ég varð fyrir þeirri merkilegu reynslu fyrir nokkru síðan að virt ljóðskáld og rithöfundur sagði upp áskrift sinni að Tímariti Máls og menningar, vegna greinar sem ég fékk birta í tímaritinu. Ég er svo sem ekki óvanur því að vinir mínir taki kjaftaganginn í mér óstint upp, en að fólk út í bæ, alræmt fólk sem mér hefði aldrei dottið í hug að væru svona miklir kettlingar, skuli fyrstast – það þótti mér merkilegt.

Í téðri grein gekk ég út frá skrifum Kristjáns B. Jónassonar í sama tímariti, þar sem hann hélt því fram að allar þessar sífelldu yfirlýsingar manna um að ljóðið væri svo sannarlega ekki dautt, heldur alveg gersamlega sprúðlandiblómstrandifljúgandi hress, væri jafngildi barkaþræðingar. Þar sem ég tók við (barka)þræðinum, gerði ég mér heimsókn á gjörgæsludeildina, og fann þar ljóðið barkaþrætt, útúrheimskt og uppdópað. Svo virtist sem ekkert hefði nokkurn tímann verið að því, það er, ekki fyrr en menn hófu að lækna það.

Hvar voru nú allir hómópatarnir? Höfðu þeir allir hlekkjað sig við portúgalska verkamenn á Kárahnjúkum?

Pegar ég var undirbúa TMM-greinina, sendi ég út spurningalista á heilu hersveitirnar af íslenskum skáldum. Spurninganna á meðal var þessi: *Hvers vegna er íslensk ljóðlist svona léleg?*<sup>1</sup>

Menn ýmist reiddust og roðnuðu eða fylltust baráttumóði, spurningin þótti bæði heimskuleg og ósanngjörn (sem hún og er, enda var tilgangur spurningarinnar ekki að finna svar, heldur svör, að finna viðbrögð) og gáfuleg og tímabær.

Flestir ætluðu mér forsendur spurningarinnar, að mér þætti öll íslensk ljóðlist léleg, sjálfsagt vegna fyrri skrifa minna um svipað efni – en nú er ekki svo að það sé það sama að halda einhverju fram, og að spyrja leiðandi spurninga. Heimatilbúinn antagónismi er sjálfsagt eitt algengasta stílbragð blaðamenskunnar.

Mér þótti spurningin aukinheldur áhugaverð, þrátt fyrir að vera að nokkru leyti ósanngjörn (eins og allar mögulegar spurningar um bókmenntir/ljóðlist, hljóta alltaf að vera); áhugaverð vegna þess að hún er áköf og jafnvel mikilvæg. Spurningin þykir mér svo, ofaní allt saman, alveg afskaplega augljós – og kannski var það einmitt

Þess vegna sem mörg skáldin brugðust illa við, spurningin (og svo greinin) var óþægileg viðfangs (og tímabær) einmitt vegna þess að hún benti á *keiðarans allsherilegheit*: nefnilega þetta að íslensk ljóð (og ljóð almennt) eru lítið og illa lesin.

Meira að segja bókmenntakrítík í virtum blöðum og vefritum, virðist oftast en ekki vera skrifuð af hálfkæringi, ljóðleiða og áhugaleysi – bæði þegar felldir eru jákvæðir dómar og neikvæðir. Meðalkrítikerinn skrifar fjórar fimm rýnir af nokkrum áhuga, svona rétt á meðan hann er að blása út einhverjum yfirborðsáhuga á bókmenntum og bókmenntafræði, en svo bara þúff ekkert – krítíkin missir alla eigin estetík, tapar bókmenntafræðilegum eiginleikum sínum og breytist í endursagnir og fullyrðingar, ýmist um bækurnar, höfundana eða bara krítikerana sjálfa. Allt er þetta merkt einhverjum undarlegum leiða. Maður fær á tilfinninguna að eina ástæðan fyrir því að þetta fólk fái stöfuð við krítík, sé einskonar blanda af löngun í *menningarlegt auðmagn*<sup>2</sup> og tilgangsleysi þess að gera annað – fólk hefur kannski menntað sig í mörg ár með það fyrir augum að verða „stórveldi“ í íslenskri bókmenntakrítík, en svo dagað upp í eigin leiða, smámsaman myglað að innan þar til það smitaðist út, en kann þegar upp er staðið, ekki að gera neitt annað.

En já, ekki getur þó leiddi krítíkera stafað af engu. Illa skrifuð og áhugalaus krítík þeirra hlýtur að koma til af einhverju fleiru eða öðru en að þeir séu illa læsir. Mér þykir ástand ljóðsins – þ.e. lítill almennur lestur og lélegur lestur krítíkera – gefa í skyn að eitthvað sé að íslenskum ljóðabókum: þær séu hreinlega ekki nógu góðar, eða of erfiðar, til að vekja áhuga krítíkera og lesenda. Mér finnst í öllu falli frekar léleg útskýring að ætla alltaf að kenna bara „lesendum“ og krítikerum um það hversu lítið og illa ljóð eru lesin (þó krítikerarnir ættu auðvitað að sýna sóma sinn í að láta af þeim starfa sem þeir eru augljóslega vanhæfir til, og hleypha öðrum að – á meðan bókmenntirnar eiga engar slíkar kröfur á almenna lesendur).

Er ekki augljóst að ljóðskáldin hljóti í og með að bera ábyrgð á ástandinu sjálf?

Hvað sem öllum getgátum líður, þá hef ég rekist á óhemju mikið af hrikalega lélegum og metnaðarlausum ljóðabókum á síðustu árum,<sup>3</sup> og þó góðum bókum hafi á sama tíma líka fjölgað, þá fækkar



draslbókunum aldrei rassgat. Þvertámóti, í þeirri grósku<sup>4</sup> sem nú ríður húsum hefur vondum skáldum vaxið ásmegin, þau skrifa fleiri og verri ljóð en nokkru sinni fyrr! Það er ljóst að fullnaðarsigur mun aldrei nást án algerrar útrýmingar, ekki bara ömurlegra ljóða heldur sjálfra ömurlegu ljóðskáldanna, og kaupenda ömurlegu ljóðabókanna. Eða á maður kannski ekki að gera neitt, bara sitja og halda kjafti og hugsa: mikið er nú fínt að fólk skuli fást við að yrkja. Kannski EYJÓLFUR HRESSIST, kannski á hann „fram tíðina fyrir sér,“ og kannski eru ljóðin hans „á hugaverð“ þó mörgu sé „ábótavant“ og hinn óhressi Eyjólfur eigi „eftir að taka út *skáldlegan þroska*“.

Og kannski þarf hann bara að fá byssukúlu í hausinn.

En snúum okkur aftur að umræðuefninu (þessu með greinina og spurninguna, ef einhver skyldi hafa tapað þræði):

Í ljós kom, hvað sem það svo þýðir, að flestir þeir sem á annað borð svöruðu spurningunni reyndust sammála forsendunum. Yfirgnæfandi fæstir höfðu fyrir því að svara. Margir settu sig upp á móti sjálfri spurningunni, og sumir beinlínis reiddust mér fyrir að spyrja svona leiðandi spurningar, og neituðu að taka afstöðu til spurningarinnar sem slíkrar – eins og spurningin ein og sér væri hryðjuverk á ljóðinu, allri hugsun og allri fegurð veraldar. En ekki einn einasti þeirra sem voru ósammála forsendunum, svaraði spurningunni. Við undirbúning greinarinnar fékk ég ekki svo mikið sem eitt einasta „Hún er ekki léleg.“

Getur verið að á Íslandi finnist ekki einn skáldborgari sem er tilbúinn til þess að fullyrða að íslensk ljóðlist sé ekki léleg?

Ojú, Gunnar Randversson – sem hvorki fékk spurninguna né svaraði henni – skrifaði, nokkrum mánuðum eftir að grein mín birtist í TMM, einhverja allra furðulegustu (og stystu) grein sem ég hef lesið í Lesbók Morgunblaðsins á síðustu árum, þar sem beinlínis öllu var ruglað til og frá í fádæma vanlæsi, meðal annars var ég kallaður Steinar Bragi og skoðanir mínar gerðar að hans, til að segja einmitt þetta:

„Íslensk ljóðlist er alls ekki léleg, íslensk ljóðlist er í miklum blóma um þessar mundir.“

Fánaberi íslenskrar ljóðlistar var loksins fundinn! Gunnar Randversson skriðinn ofaní skotgrafirnar, tilbúinn að láta lífið

fyrir ljóðið! Eða, í öllu falli, tilbúinn til að skrifa 100 orð ljóðinu til varnar fyrir Lesbókina. Aðrir varðhundur ljóðsins settu skottið milli lappanna og létu sér duga að ýlfra í skuggunum að óboðnum gesti í gula húsinu, gestinum sem pissaði á stofugólfið.

*Í miklum blóma um þessar mundir.*

#### IV

Það er allt í stakasta lagi. Dragið andann. Við erum ekki að gera neitt af okkur.

Snúum okkur aðeins aftur að einu þemanu hér fyrir ofan. Nefnilega bókmenntakrítík, því sem yfirleitt er gefið hið misvísandi nafn *bókadómur* á ástkærunni/ylhýrunni... Því burtséð frá því hlutverki krítikers að dæma verk, segja hvort honum þótti það gott eða vont – þá ber honum ekki síður skylda til að komast að því hvort verkið hafi „heppnast“, að komast að því á hvaða forsendum verkið er sett fram, hvað verkið hefur ætlað sér og hvort því hefur tekist það. Hann á ekki bara að segja til um hvort það hafi verið gott eða vont, heldur er grundvallarskylda hans að rýna í verkið til að komast að því hvað verkið er, að koma með einhverja túlkun á því sem hann sér sem stendur fyrir utan hans eigin velþóknun eða vanþóknun. Í íslenskrri bókarýni er ekki óalgengt að sjá setningar eins „höfundur er fullorðmargur/orðfár“, „bók þessari hefði ekki veitt af ritstjórn“, „höfundur mætti kunna fleiri orð“, „myndmál er klisjukennt“ eða ble ble og bla bla. Klisjur á klisjur ofan. Fullyrðingar af þessari tegund, fullyrðingar sem byggja á smekk gagnrýnandans, hans eftirlætis fagurfræði, þjóna einungis þeim tilgangi að vísa þeim sem eiga eftir að koma að bókunum sama vitlausa veg og krítikerinn fór sjálfur, svo allir lendi í sömu gryfjunni.

Í myndum okkur matargagnrýnanda sem fer út að borða, og kvartar svo undan því að tómatarnir séu rauðir, vínið blautt og skelin utan af kræklingnum leiki illa í munni. Það er þetta sem ég er að tala um. Að gera ráð fyrir því að það sem maður hefur fyrir framan sig eigi að vera öðruvísi en það er, eins og mennirnir sem fyrtust við þegar fyrstu ljóðin byrjuðu að birtast *órímuð*, skildu ekki (og

kunnu þ.a.l. ekki að meta) það sem þeir höfðu fyrir framan sig, ekki vegna þess að það hafi verið svo ótrúlega flókið að skilja það heldur einfaldlega vegna þess að viljinn til að mæta heiminum eins og hann er, er sjaldan jafnmikill og viljinn til að sjá heiminn eins og hann var þegar maður hefði helst viljað að hann staðnæmdist. Óttinn við að það sem er nýtt muni ganga af hinu gamla dauðu. Þegar fólk hefur komið sér þægilega fyrir í heiminum, er sátt við ríkjandi fagurfræði og ástandið almennt, þá er þeim ekkert eins mikill þyrnir í augum og mögulegar ögranir við hið algóða status quo.

Ég leyfi mér að taka eitt dæmi, einfaldlega vegna þess að ég þekki það svo vel. Allir dómur sem bók mín Nihil Obstat fékk, á sínum tíma, voru einmitt af þessari tegund, þar sem dregið var fram að bókin væri of orðmörg, of kaotísk, of ringlandi, of mikil blanda af gömlum framúrstefnum, of mikið „reykspólað“ í hringi og svo framvegis. Sem sagt, tómatararnir voru rauðir, vatnið blautt og skelin bragðvond. Enginn af þeim dómum, sem ég fékk fyrir Nihil Obstat, tók bókina á orðinu, enginn ætlaði að kaotíkin væri viljandi, að það væri merking í orðafjöldanum, og sandstormi (skýjaborgum?) tilraunamenskunnar, notkun gamalla framúrstefnuáttavita. Að fá svo þessa hluti, sem ég hafði ígrundað og íhugað og smíðað og barist við logandi sverði í marga mánuði – að fá þá í andlituð nefnda galla – var eiginlega meira ótrúlegt, en að það færi í taugarnar á mér. Mér þótti strax einhvernvegin tilgangslaust að reiðast fólki sem svo augljóslega var starfi sínu ekki vaxið. Tilgangslaust að reiðast gagnrýnendum sem leita að eigin fagurfræði í annarra verkum, sem í þessu tilfelli er hin ráðandi fagurfræði hvíslsins, hins lágstemmda, og hins frjóa myndmáls; hin dómínerandi fagurfræði íslenskra bókmennta. Hér sakast maður varla við gagnrýnendurna, hér er miklu frekar við ritstjórana að sakast fyrir að velja vanhæft fólk til verka.

Hér að ofan ber að hafa í huga að þetta á við bæði um þá jákvæðu hluti sem gagnrýnendur höfðu að segja um Nihil Obstat, og svo þá neikvæðu. Allur lestur á bókinni var takmarkaður. Að einhverju leyti hlýtur þetta reyndar að hafa verið bókinni, og mér, að kenna. Bókinni tókst ekki að toga lesandann til sín, að þvinga hann til að skilja sig. Á stöku stað tókst henni að búa til hlátur, og stöku stað yfirlæti, stöku stað áhugaleysi, og stöku stað eitthvað

umhugsunarvert. En það reyndist of mikið erfiði að komast yfir heildina, annað hvort voru gagnrýnendur ekki í nógu góðu formi, eða fjallið sem ég mokaði var of hátt.

En það er auðvitað staðreynd, að minnsta kosti í íslenskum ljóðheimi, að rekist maður á eitthvað óvenjulegt – eitthvað sem er ekki línulegt og proppfullt af „frjóu myndmáli“, eitthvað sem samsvarar sér ekki í þeim reglum sem maður er vanur að fara eftir – þá eru allar líkur til þess að þetta komi til af því að höfundurinn kunnir hvorki að gera línur né líkingar, þetta séu vankantar. Rétt eins og einu sinni mátti gera ráð fyrir því að ef það vantaði stuðul eða höfuðstaf, ef orð rímuðu ekki saman á réttum stöðum, þá væri það vegna þess að helvítis þroskahefta andskotans skáldið kynni hvorki að ríma né stuðla. Nú eins og þá eru íslenskir krítíkerar vanir því að geta opnað bækur og séð strax hvort að bók „uppfyllir“ staðlana. Já, helvíti, þeir geta meira að segja séð það af kápunum!

Mig minnir að það hafi verið Hemingway sem sagði að magt fólki hefði aldrei skilið að þó hann skrifaði ekki eins og Guð, þá þýddi það ekki að hann gæti það ekki ef hann kærði sig um það.

## V

Ein af þeim milljón mótsagnakenndu hugmyndum sem komið hafa fram um tilgang Nýhils, eða merkingu, er sú að Nýhil sé ætlað að vera vettvangur hinnar kátu tilraunar. Að ekki skipti endilega öllu að bækur/verk Nýhils séu bestu eða vönduðustu bækur/verk sem koma út á Íslandi, síður en svo þær *baganlegustu*<sup>5</sup>, heldur hitt að Nýhil sé vettvangur listamanna til að renna sér á rassgatinu eða takast á flug eftir því sem þeim sýnist, reka fokkmerki út í loftið eða breiða út faðminn til að knúsa heiminn. Að Nýhil sé leitin út úr leiðanum.

Enn sem komið er, er þó eina áþreifanlega merking Nýhils sú að eiga sér ekki eina merkingu, að setja ekki fram neitt maniféstó. Eða öll maniféstó. Að standa ekki bara í fjarðarbotni, heldur líka á fjallstindi, ganga á hafinu, synda í Laugardalslauginni, grafa sig í naflann á sér, grafa naflann í bókabúð, hlaupa á trén í merkingarskóginum

og sitja við barinn – grátandi hlæjandi blótandi brosandí kyssandi drekkandi fljúgandi lifandi deyjandi. Tilrauninni er að mörgu leyti nauðsynlegt að geta verið hvað sem er og hvar sem er, ekki bara kamelljón heldur öll dýr merkurinnar, blómin og moldin og myglan og stjörnurnar. Ekki bara góð, heldur líka beinlínis vond. Já, vond, og léleg. Drasl sem dregur merkingu og fegurð á eftir sér eins og fjörutíu ára gömul Lada dröslast áfram á meðan pústrórið skrapar malbikið og skýtur gneistum. Gimsteinar og svín. Í því samhengi ber manni að minnast þess að á meðan gimsteinar eru líflaust rusl, sem fær eingöngu merkingu í sjúku sambandi sínu við nánast ósýnilega borgarastétt og annan slíkan skartgripalýð, þá eru svínin líkust manningum af öllum dýrum jarðarinnar.<sup>6</sup>

Listamennirnir eru þá svínin sem velja sér um í blautri leðju stíunnar, í þeirri veiku, grátbroslegu von um að einn daginn verði þau glitrandi gimsteinar. Stundum er drasl drasl, og stundum er drasl fallett. Stundum þarf að vaða kúk til að komast að einhverju sem skiptir máli. Yfirleitt eru ljóðaskriftir heimskuleg tilraun til að öðlast algert tilgangssleysi, hvort eð er. Það eina sem gefur til kynna að ljóðlistin hafi eitthvert gildi *í sjálfri sér*, er sú staðreynd að fólk skrifar og les ljóð án þess að fá borgað fyrir það. Og það þó það sé helvítis streð, vanþakklátt og ergjandi, að lesa og skrifa ljóð. Kurteisleg skáld segja dónalegum skáldum kurteislega að halda sig heima, á meðan dónaleg skáld hóta því að ríða kurteisum skáldum í augntóftirnar fari þau ekki að taka sig á. Hvort tveggja er sama yfirlýsingin, hvor á sínu tungumálinu. *Tilraun til að öðlast algert tilgangssleysi.*

## VI

Ég stóð fyrir stuttu inni á bókasafni í heimavistarskóla rétt utan við Bálsta í Svíþjóð. Ásamt mér voru þar eitt sænskt skáld, og eitt færeyskt. Ég tók upp bók eftir Lars Mikael Raatamaa, sem heitir Politiskt Váld. Þar rakst ég á ljóð sem mér hafði verið sýnt nokkru áður á tölvuskjá, ljóð sem ég áttaði mig ekki á fyrr en ég sá það þarna

á blaðsíðunum í bókinni. Ljóðið heitir Al-Jazeera, það er konkretljóð upp á einhverjar 8 blaðsíður. Ég vitna í það af handahófi:

```
-,_j_-;Thag_,-_:Ya,-:_V:,-,-..Ba,;:,;_,-;-;_-;:
,.,vist;:,q',.e.,;:dtska'ala,;,,;,,;.over,"Pagr
,..'Göran,,;,,;,,;:dfe:~:~.^.^Yan:^.~:~'~,"Rom^~:~.
`+`+`?\\?;ta,,'+:.,;.Schil;,,;,,;...][Bagg][...Magnus
```

Það sem ég hafði ekki dottið inn í við lesturinn af tölvuskjánum var að byrja að rýna í textann til að finna merkingu, leita uppi orðahluta sem gátu passað saman. Þetta var eins og þegar maður skyndilega dettur inn í dýpt þrívíddarmyndar, og ég sat sjálfsagt með bókina í fanginu í rúman klukkutíma að skoða þetta ljóð, púsla saman og rífa í sundur, byggja og afbyggja. Og það hvarflaði að mér að það gæti einmitt verið eitthvað líkt þessu að horfa á fréttir frá Al-Jazeera, undarlega heillandi, og þó maður skildi orðabút hér og orðabút þar, þá væri ekki víst að maður gæti púslað þeim saman í neina eiginlega merkingu. Af því maður talar ekki tungumálið. En rétt eins og það er hægt að dást að tungumáli sem maður skilur ekki, rétt eins og það er hægt að ná estetískri nálægð við það, og jafnvel brotum úr merkingum víð á dreif, þá getur það talað til manns – og eins og ljóð talar það við mann með tungumálinu, en þó handan tungumálsins og yfir tungumálinu.

„Er þetta eitthvað nýtt“ sagði Færeyingurinn þegar ég sýndi honum ljóðið. „Menn hafa verið að gera þetta í áratugi,“ hélt hann áfram. Ég þagði og lét hann vera. Hann og sænska ljóðskáldið skottuðust burt og skildu mig einan eftir á bókasafninu.

Nýtt? Tja... bragarhátturinn er kannski ekki nýr, en það er ekki svo að fyrstu tíu konkretljóðin ógildi öll þau sem á eftir koma. Framúrstefna gengur ekki úr sér á einhverjum áratugum, og líftími nálgana er allt að því óendanlega langur – og í raun réttir ekki einu sinni rétt að tala um tíma í því samhengi, því klukkan er óstöðug og það geta jafnt liðið áratugir á einni sekúndu, sem og sekúnda getur tekið áratug að líða. Það er hinsvegar ljóst að íhaldsöflum í listum hefur tekist að koma þeirri hugmynd að listamönnum að framúrstefna sé ekki gild nema a) hún sé alger bylting, nálgunin sé *fullkomlega ný*, a.m.k. fyrir þeim öflum sem velja hvað er ferskt og

frískt, og hvað er eftirlíking, gamalt og kæst og b) hún sé einungis gild í takmarkaðan tíma. Það er að segja: popplíst dó með Andy Warhol. Beat-ið með Allen Ginsberg. Súrrealisminn með Breton. Pönkið með Sex Pistols. Og þar fram eftir götunum þar til manni verður illt af uppköstunum.

List er ekki línulegt fyrirbæri. Hún er ekki hugmynd sem byrjar við upphaf menningar mannsins, og teygir sig fram til dagsins í dag. Það hefur enginn, og getur enginn, breytt eðli lista. Listin getur átt sér stað inn í mörgum verkfærum. Hana má framkvæma á ýmsa vegu. Bragarháttur í ljóðlist – sem þýðir, þegar við sleppum stuðlum og rími, hvaða *nálgun* listamaðurinn beitir, hvaða *form* hann nýtir sér – þjónar ekki ósvipuðu hlutverki fyrir ljóðskáldi og hljóðfæri þjónar fyrir tónskáldi. Form ljóðs ákvarðar hljóðin, samspil orða og svo beinlínis útlit ljóðs á blaðsíðu, og hefur þannig áhrif á tónana og merkinguna.

Sá dagur rennur seint upp sem maður bendir á fiðlu og segir: „er þetta eitthvað nýtt?“ Menn benda ekki einu sinni á sonnettur og segja „er þetta eitthvað nýtt?“, eða hin kurteislegu móðernísku smáljóð um dauðann og tímann sem þó hvískra í hverju horni föðurlandsins, og hafa gert frá því löngu áður en nokkur í heiminum skrifaði konkret-ljóð.

Rétt eins og það skiptir tónskáldið máli að mega setja fiðlu í verkin sín, mega nota tölvu og rafmagnsgítar, dórófón, sembal og bumbuna á sér ef því er að skipta – að ekki sé minnst á þögnina – þá skiptir það ljóðskáldið máli að fá að nota öll sín hljóðfæri, að skalinn sé allur opinn, hvort sem það er konkretið eða haikan, beatið eða rómantíkin, vizpo eða langpo, allur djöfulsins skalinn. Þetta er hreinlega stéttarfélagsmál – og ég veit ekki til þess að skrifstofan hjá RSÍ sé eitthvað of upptekinn til að sinna barsmiðum á heimskum gagnrýnendum, nóg kostar þetta helvítis andskotans... en nú rekur mig frá umræðuefninu...

Aftur: ný form tapa ekki gildi sínu, úreldast ekki, þau bæta bara litbrigðum í palettu þeirra forma sem við eigum fyrir. Þau eru einfaldlega ný hljóðfæri.

En það er kannski einmitt það skrítna í þessu. Ákveðnum tjáningarformum – hinum framúrstefnulegu – er stöðugt vísað á dyr sem gömlum, í samfélagi sem er samansett úr hlutum sem í grunninn

eru mörg þúsund ára gamlir. Hálfkalkaðir eiturpennar hafa komist að því að besta leiðin til að tortíma framúrstefnunni, er að klappa henni föðurlega á bakið, segja henni að hún sé nú ágæt, en þetta hafi verið gert áður.

Malcolm X sagði einu sinni eitthvað á þessa leið: „Stigirðu á tána á mér, hegg ég af þér fótinn.“ Ég legg til að við höfum þessa setningu í huga þegar *uppbyggilega gagnrýni* rekur á fjörur okkar.

## VII

Ég er á póstlista sem kallast RealPoetik, og Kirby Olson ritstýrir. Þar til fyrir stuttu barst mér um það bil eitt ljóð á viku, þegar þetta leystist skyndilega upp í algera vitleysu. Fyrir einhverja tilviljun, einhverslags forritunarvillu, fóru öll svarbréf við þessum póstum að berast *öllum áskrifendum póstlistans*. Þeir eru tæplega fjögur þúsund. Eins og gengur voru flest bréfin frá fólki sem vildi skrá sig af listanum, og eftir því sem fleiri sögðu sig af listanum í viðurvist þessara tæplega fjögur þúsund lesenda, fóru menn að segja sig af listanum *vegna þess að þeir voru að fá svo mikið af bréfum frá fólki sem vildi segja sig af listanum*. Þá byrjuðu menn að senda ljóð sín á póstlistann, eiga í samræðum, rífast um það hvort maður mætti eða mætti ekki segja sig *mörgum sínum* af listanum, og ljóða sig svo í kringum orðið „remove“. Þessir póstar lentu allir í ruslhólfinu mínu, af einhverjum orsökum, og því get ég ekki vitnað í þá beint, en eitt ljóðið hét að mig minnir *Move me again* og hljóðaði eitthvað á þessa leið: *Remove me please*. Menn voru endurfærðir, endursnortnir, hjarlægðir (með öllu, að hluta, en yfirleitt alls ekki), fullir ást og hatri og pírringi og kátínu og umfram allt voru menn andrjúkir, blóðheitir og hreinskiptnir. Svona hélt þetta áfram, mönnum til mjög mismikillar gleði, hver á fætur öðrum sagði sig af listanum, þar til þetta fór að spyrjast út fyrir listann og þá fóru menn, sem ekki voru á listanum fyrir, að senda inn póst til að láta skrá sig á listann. Á nokkrum klukkustundum fékk ég 300 tölvupósta. Fyrir fáeinum dögum var svo tekið fyrir þetta, og tölvuvillan leiðrétt. Ég held ég hafi sjaldan, ef þá nokkurn



tímann, upplifað jafn mikla ljóðagregdu, jafn hreina, tilgangslausa og andveraldlega (himneska?) ljóðrænu.

## VIII

Það er ekki tilviljun að færustu stjórnámamenn heims fá skáld til að skrifa fyrir sig ræðurnar. Það er ekki bara vegna þess að skáldin kunna meðferð orða, heldur ekki síður vegna þess að skáldskaparmál og stjórnámamál eru blóðskyld, þau eru skítugu illu síamstvíburar hvort annars, og eiga sameiginlegan þennan innihaldslausa kjaftavaðal. Á meðan skáldinu er eðlilegt að tigna himnana, moldina og helvíti, þá finnur það þennan þríeina skáldskapardrottin í öllum skúmaskotum jarðarinnar, og list skáldsins getur verið sú að varpa honum á hvaða hlut sem er. Þannig er það jafnmikið skáld sem yrkir tignaróð til djöfuls, og það sem yrkir nið til dýrðlings, og gerir guðina mannlega. Sá er þó mesta skáldið sem getur varpað öllum þremur andlitunum á einn og sama reitinn. Þannig skáld skrifa sjaldnast fyrir stjórnámamenn, enda hentar stjórnámamönnum ekki annað en að láta tigna sig sem dýrðlinga, með áherslu á breyskleika þeirra og mennsku, til að skapa trúverðugleika, þó hvergi séu neinar eiginlegar syndir tíundaðar. Þetta eru sandkastalar, skáldin demógógar og stjórnámamennirnir skýjaborgir í buxum.

Handbragði margra höfunda er ætlað að fá fólk til að draga eigin ályktanir, en einungis *ákveðnar* eigin ályktanir. Svona starfa flest skáld, bæði kurteis og dónaleg. En þetta snýst ekki um ályktanir, hvorki eigin né annarra, hvorki lesenda né höfunda.

Þetta hefur svo aftur valdið því að skáld þora ekki að tala um stjórnámál, af ótta við að hljóma eins og stjórnámamenn. Af ótta við að hljóma eins og mennirnir sem þau skrifa fyrir. Þessi skáld gera sér ekki grein fyrir því hverslags tilgangsleysi er stefnt að, og kunna því ekki að nálgast heiminn á stökki ljóðsins. Þeim eru ekki gefnir aðrir skáldlegir eiginleikar en að raða upp stílbrögðum, rími, myndlíkingum, stuðlum og stöfum, kunna að stilla upp kommum og beita viðtengingarhætti, en eru að öllu öðru leyti grunlaus um hvað það er að stunda skáldskap. Þau kunna handbragðið, geta

ort haganlega, en hafa ekki hugmynd um skáldlegar nálganir, eða verund skáldsins. Þau myndu að sjálfsögðu aldrei viðurkenna eigin fávisku, en það breytir litlu um að hún er öllum ljós sem ekki hreinlega neita að sjá hana.

## IX

Ingólfur Gíslason, sem er ekki síður þekktur undir nafninu Hreinn Hjartahlýr, skrifar í bók þessa grein um ljóðalærdóm í skólum. Þegar ég var að alast upp í íslenska skólakerfinu var okkur gert að fara með ljóð, lesa þau, myndskreyta þau, skrifa okkar eigin, og svo síðar túlka þau eftir fyrirfram gefnu kerfi: rauður þýðir *ást og bylting*, regn er tákn fyrir *sorg*, og svo framvegis. Eiginlega voru öll ljóð sem ég man eftir um ást (á stúlku, einstaka sinnum dreng, eða þjóð (og þá undantekningalaust hinni íslensku þjóð)), ástarsorg (heimþrá eftir hinni íslensku þjóð) eða þá þau voru varíasiójnir af byltingarboðskapnum (kjarnorkuógn, friður, aum örlög verkamanna o.s.frv.).

Ekki veit ég hvaða viðmið eru höfð að leiðarljósi þegar safnað er í bækur eins og *Ljóðspor*, *Ljóðspota*, *Í gegnum ljóðmúrinn* og önnur safnrit ljóða sem ætluð eru til kennslu í grunnskólum, en ég veit hinsvegar að ef ég hefði ekki kynnt mér ljóðlist betur síðar, á eigin spýtur, þá hefði ég sjálfsagt seint gert mér grein fyrir því að það væri grundvallarmunur á verkum Steins Steinarr, Jónasar Hallgrímssonar, Matthíasar Jochumssonar og Dags Sigurðarsonar, annar en mismikil notkun á bragreglum. Þetta virtist allt afskaplega einfalt: Stríð, friður, sorg, ást og slangur af myndmáli sem helst skyldi sótt beint í íslenska náttúru. Af einhverjum orsökum virðast sumar tegundir ljóða engan veginn rata í þessar kennslubækur, ljóð eins og Kvíabryggjukantata Dags Sigurðarsonar (sem er stórkostlega ort, galsafenginn óður sem ætti einmitt að höfða til skítleiðra unglunga sem eru að uppgötva eigin túr og standþínur) villast á berangri íslenskra heiða, þessum ístöðulausu hugum sem velja ljóð ofaní börn. Og það þó sum þeirra, jafnvel flest, fjalli bara um stríð og ást.

Þetta gerir mig alveg brjálaðan. Ég froðufelli af reiði þegar ég hugsa um þetta. Djöfulsins hálfvitar sem taka þátt í þessu þjóðfélagi. Andskotinn!

## X

Nú held ég að flestir séu sammála um að Þröstur Helgason, ritstjóri Lesbókar Morgunblaðsins, sé langt í frá þroskaheftur maður. Þvert á móti held ég að allt sæmilega vel gefið fólk sé tilbúið til að fullyrða með mér að Þröstur sé dæmalaust snjall ritstjóri, hann sé penni sem vert er að gefa gaum, og þeir sem þekkja hann segja að hann sé bara almennt frekar finn kall. Og því spyr ég, lostinn öllum heimsins furðum: Hvers vegna í ósköpunum eru 19 af hverjum 20 ljóðum sem birtast í Lesbók Þratar, algert djöfulsins endemis andskotans rusl?

Hvers vegna langar mig að stinga úr mér augun þegar ég les ljóðin í Lesbókinni, á meðan mér þykja greinarnar oftast en ekki sérlega vandaðar, og nánast undantekningalaust áhugaverðar? Er Þröstur í samsæri með Námsgagnastofnun um að sannfæra þjóðina, frá sex ára og upp úr, um að ljóðlistin eigi heima á sorphaugum íslenskrar menningarsögu? Á maður bara að yppa öxlum og vona að Eyjólfur (Þröstur) hressist? Eða stinga höfðinu í sandinn og láta eins og það sé allt í stakasta lagi? Er það íslenski ljóðlist fyrir bestu að maður þegi yfir þessu? Getur ekki verið, að þó Þröstur sé hinn fínasti kall, þá þurfi einhver að taka sig til og sparka duglega í rassgatið á honum? Og dugi það ekki til er alveg spurning um að berja hann til óbóta. Eru einhverjir sjálfboðaliðar?

## XI Þakka fólki.

Það kom fjöldinn allur af góðu fólki að þessari bók. Og fjöldinn allur af góðu fólki kom að hátíðinni sem verður haldin í Klink & Bank nú um verslunarmannahelgina. Þegar þetta er skrifað eiga sjálfsagt enn

margir eftir að leggja hönd á plóg, til að skila öllu í höfn. Enn er ekki ljóst hvernig prentun verður borguð, eða hver brýtur hana um.

Fyrst ber að þakka öllum þeim sem skrifuðu eða þýddu texta í bókina. Þeir voru margir, og nöfnum þeirra hefur verið komið haganlega fyrir hér og hvar í bókinni. Næst ber að þakka erlendum skáldum, og rétthöfum texta þeirra, fyrir góðfúsleg leyfi til birtingar á þýðingum. Þeirra nöfn eru líka víða tíunduð. Birna Anna Björnsdóttir fær þakkir fyrir hjálp vegna texta Daves Eggers, Hildur Lilliendahl fyrir prófarkalestur, Menningarnefnd Reykjavíkurborgar, Norræna Húsið og Menntamálaráðuneytið fá þakkir fyrir styrki til að halda ljóðahátíðina, Valur Brynjar Antonsson, Davíð Stefánsson, Ófeigur Sigurðsson, Marta Guðrún Jóhannesdóttir, Klink & Bank (sérílagi Daníel Björnsson) fá alla mína ást og kossa fyrir hjálp vegna ljóðahátíðarinnar. Haukur Már Helgason fyrir hjálp við þýðingu á texta Christians Bök. Haukur Ingvarsson fær sérstakar þakkir fyrir ráðgjöf vegna alls milli himins og jarðar.

Vonandi finnur bókin sinn umbrotsmann, og sinn peningamógúl sem getur borgað prentunina. Og þá verður hún til. Vona ég.

Dragið andann. Við erum ekki að gera neitt af okkur. *Íslensk ljóðlist er í miklum blóma um þessar mundir.*

Þetta eru ekki bara endalok tímans, þetta er upphaf hans.

Helsinki, þann áttunda júlí, 2005,  
Eiríkur Örn Norðdahl

ps. Haukur Már Helgason hefur nauðugur viljugur tekið að sér umbrot, húrra húrra húrra (og átti engan hlut að því að skrifa þessa setningu sjálfur)! (Nei, í alvöru.)

<sup>1</sup> Spurningin er umorðuð úr verki Kristínar Helgu Káradóttur og Böðvars Gunnarssonar *Why is Icelandic art so...*

<sup>2</sup> Sjá: Óbærileg stöðnun e. Hjörleif Finnsson

<sup>3</sup> Fyrir skilgreiningu sjá kafla II um vond ljóð.

<sup>4</sup> Við lestur á orðinu *gróska*, er gott að hafa líka í huga orðið *gró*: „kynlaus æxlunarfruma blómleysingja eins og byrkninga, mosa, sveppa og þörungja, sem getur ein sér þroskast í fullvaxna lífveru.“ (úr tölvuorðabók Eddu).

<sup>5</sup> Sjá umfjöllun um „þykjustunni-ljóð“ í kafla II.

<sup>6</sup> Þeir sem vildu að í þessari málsgrein hefði staðið „perlur og svín“, þeir sem héldu að greinarhöfundur væri að taka feil í skartgripaskríni tungumálsins, þrugla út í loftið eins og þroskaheftur kaffibrúsakall – þeir féllu á prófinu, og ættu að halda sig eins fjarri gagnrýnendastörfum og þeim er frekast unnt.

---

*Eiríkur Örn Norðdabl (f. 1978) er ljóðskáld, rithöfundur og þýðandi. Eftir hann liggja ljóðabækurnar Heilagt stríð – runnið undan rifjum drykkjumanna, Heimsendapestir og Nihil Obstat auk skáldsögunnar Hugjónadruslan. Eiríkur hefur auk þess þýtt tvær bækur eftir Michael Moore, og úrval úr ljóðum Allens Ginsberg.*

## Úr *Gleðileiknum fáránlega* – nr. 17

Bókatíðindapjúkuð þjóð og döpur  
af þýðingarleysi, útgáfustíflu á Spáni,  
og tíðindapurrð í Sverige situr nöpur  
og sötrar bland í vodka. Kannski að skáni  
útflutningsgetan bráðum, berist rómur  
af byltingarkenndu textaflæði, hláni  
úr vöngum frosin feigðartár og lómur  
Frónbúans þagni: upp rís skáld sem kallar  
á allan heiminn! Upp er kveðinn dómur:  
„Det er sku poesi!“ New Yorker fjallar  
með frábærum hætti um höfundinn og Tæland  
slær hundrað þúsund eintök, Bretland skjallar  
allt heila klabbið: „Who would believe that an island  
of a hundred and fifty thousand (twice) would craft  
such a genius of the word?“ Og saga um sæland  
sindrandi af skáldum prentuð er í *Draft*:  
„Sigurður Pálsson þykir einnig ansi  
hreint uppátækjasamur, lítið slappt  
úr penna hans hnígur, eins er enginn vansi  
á Andra Snæ Magnasyni (sjá hér neðar),  
og enn þykir víst að orð á síðum dans  
í öllum verkum Sjóns. Mér voru léðar  
margt löngu fyrir bækur hans og bar ei  
mitt barr eftir það! Ó kaupið þær! Því téðar

póesibækur *segja satt* – ég var ei  
 samur á eftir lesturinn...“ Og áfram  
 upptalningin ótrauð heldur, þar ei  
 sést arða af lasti um rithöfund; að ná fram  
 heildstæðu lofi um höfundana er markmið  
 sem hæfir landi og þjóð. „En þetta að fá fram  
 er ógjörningur áður en treystir þjarkmið  
 eitt óbugandi skáld sem sigrar heiminn,  
 jafn gjörla og Eiður Guðjónsen öll sparkmið  
 gerði að sínum.“ Röddin klökk og dreymin  
 frá nýjum fundargesti barst, svo bærðist  
 hver brostin strengur skálds í hjarta, og gleymin  
 á vonbrigði ný von þar aftur hrærðist.  
 En hver var það sem mælti? Mussju! „Ó, hvaðan  
 kemur þú hingað vinur?“ Fólkið færðist  
 til fjörs á ný og lífs. „Ja, ég kem þaðan  
 sem ældi ég fyrir fáeinum mínútum síðan.  
 Nú finnst mér ég aftur nýr og laus við skaðann!  
 Djöfulleg var áður öll mín líðan  
 en undursamleg nú!“ Hann upp á sprettur  
 borðið þar sem breiða út faðminn víðan  
 tvö barnung skáld með viskið og rettur  
 í höndum, bölvandi listamannalaunum  
 sem láta á sér standa: „Illa settur  
 er maður bloddí enn. Og þótt við baunum  
 á úthlutunarnefndina sem moka  
 undir pakkið – alltaf sama – er raunum  
 manns engu sinnt.“ Og niður í sig slokar  
 þar ungskáldið hálfri krús og kneymar meira:  
 „Meira að drekka, minna búllsjitt. Lokar  
 hinn mikli Sirkus strax?“ „Nei, ég skal keyra,“  
 svarar þá hitt af drengskap, við það að deyja  
 af drykkju: „Verst er samt að þurfa að heyra  
 í hálfvitunum sem hafna manni og segja:  
 „Hafðu þig góðan þú skalt skeina rassgöt  
 í ár í viðbót. Vinur þú skalt hneigja

Þig vinsamlegast í duftið, ræsta rassgöt.““  
 Svo ræða kyndilberar skálda á Fróni  
 af yngstu kynslóð sín á milli um rassgöt.  
 En Mussju, hópsins hæglátasti dóni,  
 með herpta grettu í svip við þessu blöskrar  
 og orðlaus hnígur ofan líkt og róni  
 þar inn sé genginn, geiflar sig og öskrar  
 á nýja tíð, ný prinsip: „Penninn sigrar  
 sverðið að lokum, hægð mun hafa röskrar  
 hrakfallagyðju stríðtöl undir, digrar  
 kistur af orðsins gulli glatast ei  
 þótt gangi í stríð með svikum herrar vigrar!  
 Ræðum því ei um þrif á þörmum, nei,  
 ó, þykjumst heldur glöð yfir okkar drætti  
 í lífsins stóra lotterí.“ „Ókei,  
 let's beat it, Sirkus, shit, mér reyndar þætti  
 nú sjálfum betra ef Mussju færi heim,“  
 lét þambisins tryggja þjónn af vör og bætti  
 við það: „Þetta frík er fokkin drullu leim  
 fornaldarskrípi, allir fá á bauk þess  
 sem ekki tala eins og þeir hafi hreim  
 frá tíundu öld; svo taki ekki einhver stauk þess  
 og troði djúpt á kaf í þetta pungskáld  
 þá kem ég ekki með því Mussju er auk þess  
 í tómu rugli.“ Þannig þusti ungskáld  
 að þambi loknu á burt og með sér dró  
 alla nema Mussju, er þrætti þung skáld  
 við þarna enn í höfði sér og hjó  
 með sínu beitta sverði í herðar niður  
 öll leirburðarpeðin sem hann sig þar nóg  
 af svikum leikinn taldi. Ljúfsár kliður  
 tímans strauma streymdi því um hann  
 og sterkt hann numdi: „Nú er í landi siður  
 lúsargangs í lundarfari, kann  
 ei lengur neinn að krefja andann sóknar?“  
 Og tímans óvild inn að hjarta fann



sér ógnarleið og vakti í hug hans flóknar  
spurningar um lífið, logum brann  
hann Mussju þar og syrgði horfna heima  
hugans sem forðum lést til hæða að dreyma.

---

*Sölvi Björn Sigurðsson (f. 1978) hefur sent frá sér ljóðabækurnar Ást og frelsi og Vökunætur glatunshundsins, ásamt þýðingum á Sonnettum Johns Keats. Árið 2001 ritstýrði hann bókunum Ljóð Ungra Skálda 2001 og 100 þýdd kvæði og fáein frumort, en skáldsaga hans Radíó Selfoss kom út hjá Máli og menningu tveimur árum síðar. Fleiri eru væntanlegar á næstunni.*

## Reikað um ofgnóttarauðnir ljóðsins

### Flyksur úr hári hálfmiðaldra lesanda

Steinbrjótur. Það er jurt, og það er orð – fallegt, má segja það? Kraftaverk sem skýtur upp kollinum í sprungnu bergi og teygir anga sína mót sólu. Steingerður veruleikinn fær þá kannski nýja rós í hnappagatið – og kann að stæra sig af henni, hampa henni, hlaða á hana verðlaunum og prísnum, segjandi í raun ekkert annað en „sjáið mig, hversu góður ég er“. Nema hvað hann gerir sér ekki grein fyrir því að ræturnar mylja bergið, ever so slowly.

There's a crack in everything  
That's how the light gets in

kvað þjóðskáldið hið nýja. Hvað er ljóðið? Hvað hefur það sér til ágætis? Hver er dygd þess? Svo mikið er víst að heimurinn er sem aldrei fyrr uppfullur af orðum. Hví þá að bæta þar á? Þarf að dæla meiru á þennan yfirfulla tank? Takmarkið virðist í auguþýni, að allt gangi eins og smurt – verðsamráð smurorðafélaganna er að því komið að ryðja ljóðinu út af markaðnum. Í samtímanum gætir þreytu í garð ljóðsins, segja þeir sem til þekkja (að sögn). Ljóðið hafi runnið sitt skeið, lífæðin hafi stíflast um leið og stuðlar og höfuðstafir hurfu af sviðinu eða drógu sig að minnsta kosti til baka. Sarajevó ljóðsins,

Franz Ferdinand og Princip, hafi verið sú stund þegar atómskáldin stigu rallhálf og píreyg út af Laugavegi 11 og héldu með leirburð sinn, *sem var ekki einu sinni kveðinn*, á vit þjóðarinnar – og nú sé svo komið að ekkert sé eftir af ljóðinu annað en skugginn, afturganga sem í eðli sínu er ekkert annað en næfurþunn hula án innihalds. Hver hefur nokkurn tímann tekið á vofu? Ljóðið krefst þess að hægt sé að læra það utan bókar, segja menn: annars er ekkert kvæði. Og hver getur lært tveggja og hálftrar blaðsíðu óstuðlaða og órímaða romsu eftir Hauk Ingvarsson, Val B. Antonsson eða Eirík Örn Norðdahl? Og staðið svo fyrir framan bekkinn og romsað þessu upp úr sér? Gef mér þá heldur Gefðu að móðurmálið mitt og Lóan heim úr lofti flaug. Blámi skólaljóðanna blífur, en er um leið á leið út í bláinn – inn í rökkur aldanna, hins liðna tíma sem aldrei kemur aftur. Ljóðið er dautt, það siglir inn í sólarlagið sem reynist þegar að er gáð vera glóðin í líkbrennsluofninum – hvernig gæti sosum verið hægt að yrkja eftir Auschwitz? Að yrkja er að þegja, segja þessir vesalingar og depla augunum – tókum bara Paul Celan, nú eða Dag Sigurðarson, *Venjuleg húsmóðir*, ekkert nema auðar blaðsíður. „Orð, ég segi alltaf færri og færri orð“, eða jafnvel „mannshöfuð er nokkuð þungt“. Að þegja er að yrkja – en þá er nú betra að taka blaðið frá munninum og klæmast svoltíð... í voninni um að einhver, bara einhver, heyri. Segja ljótt í stað þess að hafa hljótt. Ekki læðast, ekki gufuna úr hvernium, ekki þennan hver sem er, heldur ryðjast, brjóta, mölva. Láta á það reyna hvort enn sé hægt að segja nokkuð. Taka slagorðasmiðina í bólinu, snúa orðum þeirra upp í roð sem fari undið oní hundskjafinn á þeim. Sjá til þess að þeir eigi í raun engan öruggan stað til að vera á. Hjálpum þeim að láta það gerast: það sem þeir gera okkur, það skulum við og þeim gjöra. Í nafni ljóðsins: traustur íslenskur ferðafélagi.

Í kirkjugarðinum gamla, segi ég dóttur minni, sofa þeir sem látnir göngu luku. Gridastaður mæðumanns, hæli í heimi tryggt. Ljóðið sækir í sig veðrið á þessum stað þar sem beinin hvíla og lífið heldur áfram. Þar sem hjartavörðurinn gengur rór og einstaklingur: vertu nú hraustur. Þar sem árstíðirnar eru fjórar: þytur í laufi að sumri, stjörnubjart að vetri og „dauðinn er hreinn og hvítur snjór“ en mennirnir koma á mjóum fótleggjum sínum eftir hjarninu. Eitthvað sem einhver kynni einhvern tíma að hafa kallað fegurð – áður en

hinir smurðu fundu upp blikkdósa hláturinn – ríkir. Landamæri lífs og dauða, eru þau nokkuð annað en óljós mörk? „Hvort er ég heldur hann sem eftir lifir / eða hinn sem dó?“ Ljóðið sækir á, óvænt stekkur það fram eða líkannast utan úr stjörnugeimnum eins og skrinseiver: stjörnurykið raðar sér upp og eitthvað kemur út úr því, orð sem tala en eru þó (ef til vill) óljósrar merkingar eða jafnvel merkingarlaus: ekki á forminu S er P, og rökfræðingurinn fálmar eftir sanntöfluglasinu og hefur yfir æðruleysisbæn sína, „snjór er hvítur“. Og þeir sem telja okkur trú um – „okkur“, einhverjum, ekki spyrja, haltu áfram – að við verðum hérna til frambúðar, afborganirnar vari að eilífu og að allt sé með allra besta móti; eða trúirðu kannski ekki á framfarir? „Greitt af öllu get ég / hvað gafstu fyrir mig?“ Hefðir kannski frekar viljað deyja ungbarnadauða, úr skyrbjúg eða spænsku veikinni? Slétt er það og fellt, og haltu kjafti. „Der Tod ist ein Meister aus Deutschland“ og ekki orð:

Spurt hef ég tíu miljón manns  
séu myrtir í gamni utanlands:  
sannlega mega þeir súpa hel;  
ég syrgi þá ekki; fari þeir vel.

Fari þeir vel og hvað varðar mig um þá. Eins og froskur oní tjörn. Hviss! Allt í réttri röð, og byrjum í túninu heima: „því hvað er auður og afl og hús / ef eingin jurtt vex í þinni krús“. Að það sé málið: krúsin? Að í henni vaxi jurtt? Rækta sjálfan sig og fullkomna áður en kastað er fyrsta steininum. Við erum fá og smá. Höldum okkur við garðinn þar sem hann er lægstur og yrkjum... tunguna. Land, þjóð og tunga, þrenning sönn og ein, og það gisti óður minn eyðiskóg. Lof sé og pris: við biðjum ekki um meira. Rís þú, unga Íslands merki; í þínar hendur fel ég anda minn og segi: kom þú sæll, þá þú vilt. Dauðinn er meistari frá erlendu landi sem sækir okkur heim; og hann er hreinn og vatnið er kalt og djúpt og ekki dugar að gráta Björn bónda. „Ég henti steini / í hvítan múrvegg / og steinninn hló“. Steinn, steinar: einhvern veginn opnast sprunga, einhvern veginn birtist jurtt... Hendingar. Sem steingervingin reynir, af brýnni nauðsyn, að kveða niður. Til að ekkert hendi og neyslan megi ríkja ein. En ljóðið snýr aftur, þetta allsherjarverkfall tungumálsins. Að

Það lifi þótt það deyi. Að dropinn holi steininn og breyti veig heillar skálar. Eitt orð, Charlotte: vertu. Og enginn getur lengur neitað því að í kvöld – hvenær sem er, í kvöld – ljúki vetri sérhvers vinnandi manns.

---

*Björn Þorsteinsson fæddist 1967 í Kaupmannahöfn. Til afreksverka hans áritvellingum má telja ljóðabókina kver sem er (1989), sem fékk þann dóm að „skáldið hefði að sönnu numið ljóðlandið þó að öndvegissúlurnar væru að vísu enn ófundnar“, þýðingu á Sögu augans (2001) eftir Georges Bataille, og doktorsritgerðina La question de la justice chez Jacques Derrida (varin 2. apríl 2005). Hann er kvæntur og á börn og býr í Reykjavík.*

## Ljóðganga - skólalist

### I. Gátuvísur - vísna gátur

Fallegur dagur í maí. Loftið er fullt af ljóðum og nefið af hori. Syngjandi glaður í sólinni fer ég í skólann, það er próf og ég er tíu ára.

Á blaðinu stendur:

Ljúkið við erindið:  
Fyrir var oft í koti kátt  
krakkar léku saman

---

---

---

---

---

---

Ég man það enn að ég mundi eftir *þar var löngum hlegið hátt, hent að mörgu gaman*, en ekki meir. Ég lærði þennan dag að lesa fyrir próf og að hata ljóð. Það var ekki fyrir en löngu síðar að ég náði mér og ég hætti að hata.

Ég sé fyrir mér nokkur andartök, nokkrar senur úr skólagöngu minni:

- a) Að hiksta á seinna erindinu í yfirheyrslu um *Nú er frost á fróni*
- b) Að klikka á endarími þegar semja átti ferskeytlu út frá gefnum orðalista, eitthvað með potta, pönnur og dollur.

Snemma á skólagöngunni læra börn að óttast mistök og þau læra að vera hrædd við að standa á gati. Smám saman lærist þeim að skóli er leiðinlegur og þau vita að allir vita að þannig er það og þannig á það að vera. Og allt sem gert er í skólanum kemur lífinu og tilverunni gersamlega ekkert við. Í skólaljóðunum eru bara eldgömul kvæði um fjöll og fornar skemmtanir, eitthvað óskiljanlegt sveitarugl fyrir afa og ömmur.

*Fyrr var oft í koti ðöll, mér er alveg sama*

Hér er rétt að taka fram að ég hef ekkert á móti Þorsteini Erlingssyni skáldi sem var þunglyndur sósíalísti og guðleysingi, þótt það fari ekki hátt í skólabókunum.

Skrítið að í ljóðasöfnum fyrir unglínga skuli skorta orðin typpi, píka, brjóst og samheiti yfir þessi hugtök sem leika yfirleitt lausum hala í sálum þeirra. Skrítið að ekki skuli prófað í SMS-i á samræmdu, mundi það kannski útrýma forminu? Seinna meir eiga gamlingjarnir eftir að róma hið stranga form símskeytastílsins.

Ég heyrði í útvarpinu að gömul skáld væru sammála um að það væri tóm mál að tala um að yrkja í frjálsu formi áður en maður hefði náð fullkomnu valdi á hefðbundnu stuðlamáli. Já, það þarf að ná fullkomnu valdi á gamla forminu - þú getur gleymt því að fara að yrkja eftir eigin höfði fyrr en þú hefur barið inn í þig bragarhætti eldri borgara.

**GERÐU ÞIG EKKI AÐ FÍFLI MEÐ ÞVÍ AÐ ÞYKJAST GETA  
ORT. ISS GETUR EKKI EINU SINNI SETT SAMAN VÍSU.**

Alla skólatíðina er nemandinn að berjast við að gera sig ekki að fífla, líta ekki út fyrir að vera heimskur í augum kennarans eða

sammemenda. Hann þarf fyrst og fremst að forðast mistök. Og vegna þess að allt sem maður segir er að meira eða minna leyti vitlaust í einhverjum skilningi, lokast nemandinn, hann missir málið og þar með hluta af hugsuninni. Því skilningur, jafnt sem frábærar hugmyndir, verða fyrst og fremst til í *samræðu*, hugsunin er bókstaflega þar. Það er ótrúlegt að börnum skuli ekki leyfast að gera villur (þá lækkar einkunnin), því að þær gera allir, líka mestu snillingar.

Þegar lengra er komið, segjum í framhaldsskóla, verður ráðandi hugmynd að ljóð sé einskona gáta. Mikilvægasta spurningin um ljóð verður þessi: hvað á höfundurinn eiginlega við? Hver er lausn gátunnar? *Að sigra heiminn er eins og að spila á spil með spekingulegum svip og taka í nefið*, en að *lesa ljóð* er eins og að ráða gátu... (Svo vitnað sé til ljóðs sem virðist vinsælt meðal íslenskukennara - kannski vegna þess að það er svo augljóst hvernig á að ráða gátuna.<sup>7</sup>) Og hér sé ég fyrir mér bardaga upp á sjálfsvirðinguna: les ég ljóðið eða les það mig? Það sem ég á við er að það eru tvær andstæðar leiðir til að mæta ljóði.<sup>8</sup> Við getum hugsað þetta í venjulegum tvenndum:

Hvort er ofan á, þú eða ljóðið? Hvort vinnur þú á textanum eða hann á þér? Ég er hér að reyna að rissa útlínur tvenns konar lestrarháttar - ég mæli með hvorugum: að nauðga ljóðinu eða láta ljóðið nauðga sér. Það sem mér virðist vera ótti við einskona nauðgun, eða ef til vill við að smitast af ólæknandi óskiljanlegum sjúkdómi, orðavírus sem gæti hrært upp í heilanum með ófyrirséðum afleiðingum. Þetta er ótti við að breytast, varnarháttur. Ég mæli semsagt með því að hver og einn leyfi ljóðinu að spyrja sig, semsagt að hleypa því inn fyrir og taka við sæðinu sem býr í því. Hver veit nema að það beri ávöxt.

En þetta gerist yfirleitt ekki. Ég veit ekki reyndar ekki hvernig farið er með ljóð í skólum nákvæmlega núna. Sennilega er það misjafnt, en ég efast um það. Ég veit hvernig mín eigin skólaganga var og hvernig hún er í bíó. Drögum ályktanir af því.

Ábending: Í þessari grein reyni ég að kynna nokkur hugtök sem geta verið gagnleg þegar hugsað er um ljóð og skóla í okkar samfélagi.

Æfing: Hugsðu um eigin ljóðagöngu og hvaða máli skólinn skipti fyrir hana. Hafðu í huga hugtakörin: **ótti** - **þöggun**, **kennaralosti** -



lost nemandi, ljóðskóli - skólaljóð, talið upp að trilljón - útvíkkað sjónarhorn. Merking þessara hugtaka mun vonandi skýrast með lestri greinarinnar.

## 2. Talið upp að trilljón.

Tvær spurningar hafa leitað á mig:

- a) Af hverju hatar fólk stærðfræði?
- b) Af hverju hatar fólk ljóð?

Sumir segja: af því að þetta tvennt er *kennt í skólum*.

Ég dreg stærðfræðina inn í greinina vegna þess að hún gefur mér möguleika á að varpa ákveðnu ljósi á ljóðlist, við getum skoðað ljóðið undir lampa stærðfræðinnar, eða öllu heldur mætti segja að ég notaði stærðfræðina eins og geislavirkt efni sem ég sprauta inn í blóðrás líkama ljóðsins og tek svo röntgenmynd. Ég reyni auðvitað að passa sjálfa uppsprettuna, lind sköpunarinnar, hyl hana bakvið blýmottu, ég vil ekki skemma æxlunarfærin, eistun eða egginn. Ég stilli þessum tveimur heimum saman til þess að sjá betur annan þeirra. Í ljóði gæti staðið:

Tíminn er eins og vatnið  
og vatnið er kalt og djúpt  
eins og vitund mín sjálfs.

Í stærðfræðibók gæti staðið:

$$a + b = b + a.$$

Fyrir þá sem kunna að lesa tungumál stærðfræðinnar þá segir þetta eitthvað á þá leið að það að telja frá hægri til vinstri er eins og að telja frá vinstri til hægri. Í venjulegu máli og hugsun er í notkun talna ákveðin líkingarhugsun: hvað er líkt með fjórtán hænum og fjórtán ljóðabókum.

Sú sem er ljóðræn í hugsun hefur ríkari mynd af tilverunni en sá sem er ljóðrænulaus. Hún sér líkindi og ólíkindi hlutar við hlut, orðs við orð, aðstæðna við aðstæður, hún leikur sér að mögulegum heimum. En heimur þeirrar sem kann að hugsa stærðfræðilega er líka ríkari, því í honum sér hún líka annarskonar líkindi, hún sér hið almenna í hinu einstaka, hún skynjar eiginleika eiginleikanna sjálfra. Ef ég væri gefinn fyrir einfaldanir mundi ég reyna að setja saman hnyttinn mola sem kæmist ef til vill í söfn yfir orðsnilld:

*Ljóð eru vísindi hins algerlega sérstaka, hinnar einstöku reynslu, stærðfræði er ljóðlist hins algerlega almenna.*

*Ljóðið tjáir hið almenna með hinu sérstaka, stærðfræðin hið sérstaka með hinu almenna.*

Þið megið velja. Og þetta eru einfaldanir. En sjáum nú til. Stærðfræði og ljóð eru meðal annars tjáningartæki, og báðar þessar greinar mannlegrar sköpunar eru í vissum skilningi rannsókn og leikur að því *hvað er mögulega hægt að segja*. Ljóð eru meira að segja stundum bundin í ákveðin form, og verkefni skáldsins gæti hljómað frekar stærðfræðilega: *hvaða hugsun er hægt að setja í orð, að gefnum einhverjum ströngum skilyrðum (til dæmis um rím, brynjandi og stuðla)*.

Á stærðfræðilegan hátt getum við lýst því hvað ljóð er:

Það er einginn vandi að yrkja,

þegar maður kann það.

Það er bara að raða orðunum

rétt saman!

(Dagur Sigurðarson: Bragfræði<sup>9</sup>)

Í útvarpsþættinum *Heimsendi* sem var á dagskrá Rásar 1 einhverntíma á tíunda áratug liðinnar aldar gerðu Jón Gnarr, Sigurjón Kjartansson, og að mig minnir Helga Braga, grín að svonefndum hagrýðingum, eða hagrýðingakvöldi. Andrúmsloftið allt, snakkið á milli vísna, þetta var allt mjög í anda slíkra skemmtana:

... og þá svaraði Jón á Gili:

Njana njana, njana nja

njana njana njana

Njana njana njana nja  
njana njana njana !  
Hahahahahahahahaha!!

Æfing: Metið á skynsamlegan hátt fjölda mögulegra ferskeytlna á íslensku. Lausn: Fyrst metum við fjölda orða í íslensku. Vísindavefur H.Í. svarar:

Ómögulegt er að nefna eina tölu yfir fjölda orða í íslensku. Á hverjum degi eru búin til orð sem sum hver eru ef til vill aðeins notuð einu sinni. Oftast er um samsetningar að ræða sem verða til af því að lýsa þarf á stundinni einhverju atviki eða einhverju áþreifanlegu og orð skortir. Slík orð, sem oft komast ekki á prent, eru kölluð *augnablikssamsetningar*<sup>10</sup> á íslensku.

Að lokum viðurkennir háskólinn þó:

[Í ritmálssafni Orðabókar Háskólans eru] rétt tæp 43.000 grunnorð, það er að segja orð sem hvorki voru forskeytt (til dæmis and-vari, tilbrigði), viðskeytt (til dæmis góð-legur, breyt-ing) né samsett (snjó-bretti, hjóla-skauti).

Segjum að eitt *nja* eða *njana* svari til grunnorðs. Ef ekki er tekið tillit til bragreglna gefur þetta  $43.000^{14} \approx 7.4 * 10^{64}$  mögulegar ferskeytlur.<sup>11</sup> Kröfur um rím, stuðla og merkingu fækkar möguleikum reyndar umtalsvert. Ég bendi nú framtakssömum viðskiptakönum á að þær gætu gefið út orðasafn (valið til dæmis orð af handahófi) með (segjum) eitt þúsund orðum, hugsanlega flokkuð eftir atkvæðafjölda, rími og upphafshljóði, og nefnt bókina *Trilljón ferskeytlur*.<sup>12</sup> Í formálanum væru eftirfarandi leiðbeiningar:

1. Veljið fjórtán orð úr safninu.
2. Raðið orðunum rétt saman.

Með því að nota alla möguleikana fást trilljón  
mismunandi ferskeytlur. Njótið vel.

Að skrifa ljóð og lesa ljóð, að lifa í ljóðum. Það er skapandi  
veruháttur. Það sama mætti reyndar segja um að lesa og skrifa í  
stærðfræðinni - hvorutveggja gerir kröfu um frumleika og hugsun  
sem ekki er *bverslagsleg* - skarpa hugsun.

Æfing: Hvers vegna ættu börn að sitja heima og fara með *Fyrr  
var oft í koti kátt* og margföldunartöfluna? Væri hugmynd að leyfa  
nemendum að eiga við kvæðið, að gera sínar eigin útgáfur af því  
(samanber *remix* í tónlist), í stað þess að læra það utanbókar?

### 3. Kennaralosti - lost nemandi.

Kennsla og nám er *ekki* miðlun og upptaka þekkingar. Þetta er  
algengur misskilningur sem nær jafnvel inn í raðir háskólaprófessora.  
Nei, kennsla er að fá einhvern til að breytast, ummyndast eða jafnvel  
brjótast úr skel hins gamla sjálfs. Við gætum nefnt markmiðið þroska.  
Vandinn er að þrání til að brjótast út, lönguninni til að þroskast  
verður ekki þvingað upp á fólk. Alla kennara dreymir þó um að hafa  
þessi áhrif á nemendur sína. Við getum kallað það *kennslulosta*, sterk  
löngun til þess að geta nemendum sínum afkvæmi, að þeir eignist  
góðar hugmyndir og fæði jafnvel af sér nýtt sjálf. Kennarinn miðar  
þannig að einskonar endurfæðingu nemandans. Þetta minnir ef til  
vill á hugmynd Sókratesar, hann líkti sér við ljósmóður, hann sagðist  
eingöngu vera að hjálpa vegfarendum við að fæða eigin hugmyndir.  
En Sókrates var ekki póstmóðern og gerði sér kannski ekki grein  
fyrir því að hann var alltaf annað foreldranna - hugmynd verður  
aldrei til nema í samtali. Á sama hátt og ljóð verða til úr öðrum  
ljóðum - það semur enginn ljóð sem aldrei hefur heyrt af ljóðum.  
Raunveruleiki skólastofunnar er oft allt annar. Kennarinn reynir  
að troða einhverju ofan í nemendur, við gætum nefnt það ítrodslu,  
en augljóslega er um að ræða einhverskonar nauðgun. Kennarinn  
ber því við að hann eigi ekki um annað að velja, nemendur vilji ekki  
þýðast hann, og hann hafi skipanir frá æðri yfirvöldum - kerfinu

og foreldrum barnanna. Það eru samræmd próf og samræmd námsskrá. Kennarinn lendir í hlutverki hermans í stríði sem skipað er að nauðga öllu sem hann sér.<sup>13</sup>

Í myndinni *Dead Poets Society* leikur Robin Williams kennara í einkaskóla, heimavistarskóla fyrir yfirstéttardrengi. Skólastarfið fellur að hinni klassísku hugmynd um skóla sem fangabúðir. Þetta er reyndar nálægt hinni viðteknu hugmynd um skóla sem ríkir í huga almennings, ekki að ástæðulausu.

Í enskutíma kynnir kennarinn bókina sem lesa á þennan veturinn, og einn nemenda er látinn lesa upp úr formála bókarinnar, ritgerðina *Understanding Poetry* eftir Dr. J. Evans Pritchard, Ph.D.

If the poem's score for perfection is plotted on the horizontal of a graph and its importance is plotted on the vertical, then calculating the total area of the poem yields the measure of its greatness.

Með öðrum orðum eru gæði ljóðs margfeldi þess hve orðfærið er fágað og þess hve mikilvægt innihald þess er. Þetta er skemmtileg hugmynd, geðveikisleg. En augljóslega ófullnægjandi. Kennarinn, herra Keating,<sup>14</sup> kemur nú nemendum sínum á óvart:

Excrement! That's what I think of Dr. J. Evans Pritchard. Now I want you to rip that page out of your books. Go on, rip out the entire page! I want this garbage on the trash heap where it belongs!

Ég ætla ekki að segja að Keating hafi ekki náð að vekja einhverja drengina í bekknum með hressilegri framkomu. En ég ætla að halda því fram að það sé annar möguleiki, og að afstaða hans sé að vissu leyti dæmi um ógagnlegan hugsunarhátt. Í stað þess að spyrja um leið hvort fullyrðing eða skoðun sé rétt eða röng (eða jafnvel bara ákveða, án þess að nema einu sinni orðin, hvað þá merkinguna, að þetta sé bull, jafnvel kúkur, *shit*) þá er hægt að spyrja sig: *hvaða sannleika get ég fundið í þessu?* Hér er um ólíka afstöðu til veruleikans að ræða. Sú fyrrnefnda, sem kennarinn tekur, byggir á því að það sem sagt er hafi eina túlkun og einn tilgang, og að hægt sé að flokka í

sé rétt eða rangt, satt eða ósatt. Lesi maður texta með slíku hugarfari er annaðhvort von á stóru já-i (gargandi snilld) eða öskrandi nei-i (algjört rusl). Þar með missir maður hvort tveggja af því að texti er aldrei fullkominn, hvorki í þeirri merkingu að einhverju hefði ekki mátt breyta eða það bæta (eða bæta við) né þeirri, að merkingin er aldrei endanlega ákvörðuð, og því að það leynist oftast eitthvað skemmtilegt eða áhugavert í hverjum texta (merking í texta er ekki bara á blaðinu heldur verður hún til hjá lesanda, og er því mismunandi eftir lesendum). Þetta er spurning um frjóan lestur gegn ófrjóum og jafnvel ósanngjörnum. Við erum enn komin að samfarastefinu, núna lesanda og texta. Afkvæmið fæðist í huga lesandans eftir getnaðinn. Herra Keating kys hér fóstureyðingu, eða jafnvel daginn-eftir-pilluna, eða er hann kannski með smokk?

Því gæti kennarinn ekki eins hafa sagt: *þetta er áhugaverð kenning*. Hvernig virkar hún? Er eitthvað til í þessu? Gætum við breytt henni, bætt hana, aukið við hana, sýnt takmarkanir hennar, og svo framvegis. Þannig gætu nemendur og kennarar *leikið sér* að þessari hugmynd, og hugsanlega fengið aðrar betri, hugsanlega kæmi eitthvað sniðugt út úr því - fallegt barn. Hér gæti verið tækifæri fyrir drengina að hugsa um fagurfræði almennt og það hvort og hvernig hægt er að segja um listaverk að það sé gott listaverk.

En í staðinn rífa þeir síðuna úr ljóðasafninu og loka á heilan heim af hugmyndum. Það má þó segja að herra Keating tekst að sprauta ljóðrænu sæði í huga nemenda sinna, þeir verða þungir og þrungnir rómantísku æði. Sem endar með skelfingu og sjálfsmorði, eins og við mátti búast. Ef maður vill er hægt að lesa skýr varnaðarorð út úr lokum myndarinnar - ljóð eru hættuleg andlegri heilsu.

Í myndinni *Dangerous Minds* segir frá Luanne Johnson (leikin af Michele Pfeiffer) sem lendir í því að kenna nemendum sem eru löngu búnir að gefast upp á skólanum. Skólinn er þeim ekkert nema fyrirstaða og hindranir, vettvangur endalausra persónulegra ósígna, niðurlægingar og vonbrigða. Nemendur líta á kennslustund sem baráttuvöll, það eru þeir gegn kennaranum, skólanum, kerfinu. Luanne skilur að það að setja nemendum fyrir að læra ljóð samkvæmt námskrá þýðir ekki neitt. Hún verður að leita leiða til þess að fá nemendur til að *snerta* á ljóðum, og hún velur ljóð sem snerta nemendur. Hún þarf að *draga bekkinn á talar*. Hún beitir

ýmsum brögðum til að opna nemendur fyrir sér og bókmenntunum. Að lokum stendur Luanne uppi sem „sigurvegari“, henni hefur tekist að fá nemendur með sér, þeir hafa endurfæðst, sem öflugri einstaklingar.

Reyndar gefur *Dangerous Minds* mjög einfaldaða mynd af flóknum veruleika, og það eru sterkir rasískir undirtónar. Það gengur allt upp hjá hvíta ofurkennaranum, honum tekst að vekja ekki-hvíta nemendur sína og fá þá til að læra að meta frábær ljóð eftir hvíta karlmenn. Henni tekst að fá nemendur til fylgilags við sig með gjöfum og hrósi. Persónur eru staðlaðar og yfirborðskennar.

En kennara dreymir iðulega um að gera svipaða hluti og það er skýringin á því hvers vegna vídeóleigurnar geta treyst á þá til að taka myndina aftur og aftur. Þeir hringa sig upp í sófa og hverfa inn í draumaheiminn þar sem kennarinn getur gert kraftaverk. Heilu kennaraliðin í bandarískum skólum hafa verið send til að horfa á myndina. Þetta er rauð ástarsaga, þetta er grófasta klám.

Eitt athyglisverðasta atriði myndarinnar er þegar Luanne fer og heimsækir móður tveggja svartra stráka sem ekki hafa mætt í tíma í tvær vikur. Móðirin neitar að taka í hönd hennar og segir:

You're that white-bread bitch messing with my babies' minds. My boys don't go to your school no more and that's going to be it . . . I saw what they were bringing home, poetry and shit, a waste of time.

Þegar ég var að hugsa um þessa grein (og reyndar oft áður) leitaði ég á netinu að strengnum *poetry and shit* í þeirri von að finna textabrotið úr myndinni og/eða einhverja umfjöllun um einmitt þetta atriði í myndinni. Mér finnst brotið einmitt ríma ágætlega við algengt viðhorf til ljóða. Aldrei kom neitt upp, en ég fann þó að lokum brotið eftir krókaleiðum og heila ritgerð *Teachers As Saviors, Teachers Who Care* eftir Robert Lowe þar sem sagt er frá því að þetta atriði sé alls ekki að finna í bókinni sem kvikmyndin er byggð á. Þar sem Lowe sér kynþáttahyggju í verki (svartir foreldrar eru á móti menntun barna sinna) sé ég algenga afstöðu til ljóða og reyndar til náms í mörgum greinum.

Og hvar ætlaðu að fá vinnu með höfuðið fullt af ljóðum spyr áhyggjufullur faðir, í ljóða-verksmiðjunni?

Það er ekki óvenjulegt að foreldri hafi áhyggjur af afkomu barna sinna. Foreldrar óttast ljóð. Unglingurinn í skólanum er hræddur við að ganga í ljóðið því hann óttast að tapa sjálfum sér í skóginum. Faðirinn óttast að í ljóðinu sé fallið falið, að það varði einungis leiðina til glötunar.<sup>15</sup>

Æfing: Horfið á þessar kvikmyndir. Er ástæða til að ætla að unglingur sem lendir í ljóðum týni sér í taumlausri listnautn og lendi í láglaunahópi ef ekki á glæpabraut?

#### 4. Ljóðskóli - skólaljóð

Ljóð eru í lagi ef þau eru ekki um neitt sem skiptir máli í dag. Helst eiga þau að vera gömul. Þau eru í lagi til að lesa á sunnudögum og lögboðnum frídögum. Hagyrðingar eru í lagi. Lítil börn mega semja ljóð.

En ljóð mega ekki trufla vélina - vél kapítalismans - markaðinn - frekar en aðrir leikir. Sjónvarp er í lagi, það gerir enginn byltingu eða hættir að vinna þótt hann horfi á það. Og það er mikilvægur vettvangur auglýsinga, smurolíu vélarinnar. Ljóðið er hins vegar vettvangur leiksins, og nánast algerlega laust við að þjóna vélinni. Það kaupir enginn ljóð, það selur enginn ljóð - ekki lifandi ljóð að minnsta kosti. Skiptagildi ljóða er ekkert, nema að hægt sé að breyta þeim í auglýsingar eða fermingagjafir. Gleymum því ekki að lífið í kapítalisma má ekki verða eingöngu leikur, allir verða að leggja eitthvað til vélarinnar, að minnsta kosti einhverskonar smurolíu ef ekki beinlínis eldsneyti. Það að yrkja og lesa ljóð er hvorki neysla né framleiðsla í skilningi markaðskerfis.

Þannig er ljóðið spillandi, það er spilliefni í markaðssamfélagi. Of mörg ljóð draga úr hagvexti. Ef unga fólkíð sæti allt heima eða á kaffihúsum öll sumur og velti sér upp úr ljóðum í stað þess að vinna



á skyndibitastöðum eða við að reyta arfa, drægi úr hagvexti um brot úr prósentu. Þannig má líkja ljóðlist við eiturlyf,

Þetta eru ljóð pabbi, ekki heróín segir hún. *Þú liggur í ljóðum allan daginn. Þú sem ættir að vera læra, nú eða skemma þér.* Hann dreymir ekki sveppalaga ský heldur hrapandi vísitölur, lækkandi gengi, verðlausa mynt. Dóttirin sveiflar ljóðabók, það er Dagur ljóðsins, Dagur Sigurðarson, hvernig er hægt að lifa án ljóða segir stúlka í stofu og *hvar ætlarðu að fá vinnu með höfudid fullt af ljóðum spyr áhyggjufullur faðir, í ljóðaverksmiðjunni?* Eins og hann hafi ekki sjálfur ort sem ungur maður, en hann leyfði hugsunarleysinu að sigra og hefur um áratuga skeið verið illa haldinn af ljóðskorti og ljóðrænuleysi. Hann hefur reynt allt, áfengi og utanlandsferðir, dýra bíla og stærri sjónvörp, golf og laxveiðar, nokkrar kynslóðir þunglyndislyfja. En allt þetta samhengisleysi og þessi hugarsundrung er kannski aðallega afleiðing hins praktíska hugarfars sem er stórhættulegt sálinni nái það yfirhöndinni.

Ég geng svo langt að vitna (aftur) í sjálfan mig, og ég er að segja: ljóð eru hættuleg markaðskerfinu vegna þess að þau eru ekki peninga virði.<sup>16</sup> Þess vegna eru þau einmitt mjög mikils virði fyrir manneskjur. En margar manneskjur eru í raun og veru ekki manneskjur heldur einskonar fiskar inni í skel. Skelin myndast ekki að ástæðulausu, hún er vörn gegn árásum og áreiti, hún er viðbragð við því að vera sögð heimsk og óþekk. Hún er til að passa upp á að manneskjan láti ekkert út úr sér sem aðrir túlka sem merki um veikleika.

Kennarar ættu auðvitað að vinna gegn þessu. Þeir ættu að leyfa nemendum sjálfum að velja ljóð til að lesa og hvetja þá til að yrkja. Þeir ættu að bera á borð ljóð sem eru um kynlíf, stríð, eiturlyf, vináttu, þunglyndi, morð og ást. Bæði íslensk og útlend. Eminem og Dóra DNA, Britney og Bubba. Ég þarf ekki að taka fram að það á ekki að prófa og gefa einkunn fyrir. Það er sama geðveikin og að

## *Af ljóðum*

mæla gæði ljóðs með flatarmálsformúlu. Þetta jafngildir að sjálfsögðu ekki því að ekki megi ræða um ljóð nemenda - það er sjálfsagt. En það þarf að gera með jákvæðum hætti, þó að í fyrsta tíma sé ekki vitlaust að ræða um hvort það vanti fleiri ljóð um einhvern sem situr við gluggann og virðir fyrir sér oddaflug einhverrar fuglategundar og fjall í baksýn.

Æfing: Fyrir hvaða aldurshóp væri æskilegast að kynna ljóðið *Klósettsíðferði* eftir Hrein Hjartahlý?

Ef kúkurinn lætur standa á sér  
gefst mér vel að ímynda mér  
að ég sé flugstjórinn á Enolu Gay  
að fljúga yfir miðbæ Hiroshima...

Hvað ef ljóðið hét *Hugmyndavinna* eða *Skilafrestur*?

<sup>7</sup> Það er auðvitað ekkert að því að lesa þetta ljóð - það ætti bara að forðast þessa hörðu gátulausnarafstöðu sem vill verða ráðandi.

<sup>8</sup> Auðvitað eru fleiri leiðir, þetta eru bara tveir mögulegir pólur.

<sup>9</sup> Benda má á nánari úrvinnslu þessarar hugmyndar í ljóðinu *Fornir skuggar I* eftir Hauk Ingvarsson.

<sup>10</sup> Hér vek ég sérstaka athygli á orðinu augnablikssamsetning, sem virðist einmitt vera augnablikssamsetning. Þar með er orðið í hópi sjálflýsandi orða. (Sjálflýsandi orð lýsir sjálfu sér).

<sup>11</sup> Liðinn tími frá upphafi heims er talinn vera 1018 sekúndur, sem er miklu minni tala.

<sup>12</sup> Hugmynd byggð á titlinum One Hundred Trillion Sonnets eftir Raymond Queneau

<sup>13</sup> Sumir vilja meina að samfélagið krefjist þess í raun að nemendum sé nauðgað og að kennarinn noti smökk - það verði örugglega enginn getnaður. Þannig eru framleiddir þægir þegnar - þeir skynja máttleysi sitt, og hafa engar hugmyndir um að eitthvað gæti verið öðruvísi en það er. Þeir vita ekki einu sinni að hugmyndir eru mögulegar.

<sup>14</sup> Takið eftir nafninu sem minnir á nöfn 19. aldar skálda eins og Keats og Kipling.

<sup>15</sup> Faðirinn væri semsagt alveg tilbúinn að samþykkja feril innan ljóðagerðar ef það væri raunhæfur kostur, ef það væru ljóðaverksmiðjur.

<sup>16</sup> Er það þetta sem átt er við þegar talað er um dauða ljóðsins? Ljóðið er dautt sem markaðsvara? Ég er ekki á móti því að ljóð höfði til fjöldans eða að fólk kaupi ljóðabækur.

---

*Ingólfur Gíslason (f. 1974) er stærðfræðingur sem vakti fyrst athygli fyrir menningarrýni sína á vefritinu Ráfaugað. Síðan þá hefur Ingólfur flutt pistla um menningarmál hjá RÚV, í þáttunum Sögumenn Samtímans, og Víðsjá.*

## Formáli að þriðja ávarpi hvaða lúterska-súrrealisma sem er

Í dag er lúterskur súrrealismi ekki nema frasi – á morgun verður hann lífsstíll.

Hvernig getur staðið á því að þessi heimskulegi frasi hreyfir í dag ekki við nokkrum manni, þegar ljóst er að á morgun mun hann blása milljónum manna brjáluðum stöðugleika og byltingarsinnuðu aðgerðaleysi í brjóst?

Móðernistar trúðu á framfarir líkt og stalinistar myrtu milljónir manna sem stóðu í vegi fyrir gáfulegum hugmyndum þeirra, og hitleristar tortímdu milljónum sem tilheyrðu ekki arískri staðalmynd þeirra, og súrrealistarnir reiddust hver öðrum vegna þess að þeir reyktu ekki allir sömu tegund. Með lúterskum súrrealisma vekjum við upp algerlega nýja hefð – þar sem allir eru samþykktir, ekki er litið upp til neins, og við leyfum okkur í ósvífni okkar að krota niður ljóð án nokkurrar vonar um að bæta okkur sjálfa eða liðsinna náunganum.

Við trúum ekki á gærdaginn, daginn í dag, eða morgundaginn, en gerum okkur þó grein fyrir því að einungis geðsjúklingar geta trúað á eilífðina. Við trúum í allri sanngirni að hin Nýja Jerúsalem (við leyfum okkur aldrei að grínast með hina Nöktu Jerúsalem<sup>17</sup>) bjóði upp á krítíska vídd – vídd sem stendur okkur við hlið á slíkan hátt að við eigum jafn mikinn möguleika á að bera hana augum og á að sjá eyrun á sjálfum okkur án aðstoðar spegils.

Þó við getum aldrei beinlínis séð glitta í lúterskan súrrealisma, þá getum við greint hann í öðrum – eins og læknir sem rýnir í augu aldrads nagdýrs getum við séð sorgir hinnar óhjákvæmilegu vakningar mannkyns – henni svipar til vakningar nagdýrsins sem neitar að hlaupa lengur í hjólinu sínu, eða vonar að með erfiðinu fæðist nýr morgundagur.

Lúterskur súrrealismi afneitar vinnusiðferði mótmælenda sem heillandi vitleysu, en samþykkir engu að síður þá staðreynd að erfiðisvinna krefst oft minni fyrirhafnar en það að hangsa fyrir framan sjónvarpið. Við afneitum anda kapítalismans, en samþykkjum þó að betra sé að eiga of mikla peninga en enga. Við afneitum bókum og listum, en látum þær þó eftir okkur og vonumst til að vinna verðlaunafjöld.

Lúterskur súrrealismi er í raun ekki nein uppfinning, heldur uppgötvun ákveðinna lífshátta sem fyrirfinnast nú þegar, eða eru byrjaðir að koma í ljós í alheiminum. Hann er uppgötvun þeirrar mótsagnakenndu og sínísku tilfinningar að mannkynssagan sé feill, og að tíminn sé sóun, en að innan tímans sé ólýsanlegur kjarni sem allar verur jarðarinnar finna fyrir – frá fálmurum maursins sem lemja á brauðmolum yfir að humrinum sem valsar á hlið yfir sjávarbotninn – að eitthvað venjulegt hylji veruleika sem er svo tragískur og kómískur, svo augljós & í senn svo falinn – að allar tilraunir okkar verða að engu í samanburði. Við viðurkennum fúslega að við getum ekki rekið á eftir þróuninni, við getum ekki tælt hana áfram, en hún kemur til með að vekja okkur til nýs anda sem er jafn gamall og hið fyrsta atóm (Adam).

Lúterskur súrrealismi skilst ekki vel. Hann þarf á betra starfsfólki að halda. Sem stendur er hreyfingin einn miðaldra karlmaður með grátt í vöngum (ekki einu sinni dóttir hans sýnir þessum tiktúrum áhuga!), en hreyfingin mun engu að síður hræða marxista til undirgefni (það hefur hún nú þegar gert!) og opna hjörtu lærisveina frá óvæntustu hornum jarðar og verða alþekkt fyrirbæri um allan heim, að minnsta kosti jafn mikilvægt og svefn.

<sup>17</sup> New Jerusalem/Nude Jerusalem

---

*Kirby Olson (f. 1960) er doktor í bókmenntafræði frá Háskólanum í Washington frá árinu 1994. Hann hefur skrifað fjölmargar ritgerðir, og lengri bækur á borð við *Comedy After Postmodernism: Rereading Comedy From Edward Lear to Charles Willeford* og *Gregory Corso: Doubting Thomist*. Hann hefur að auki þýtt bókina *Remembering Anna O.: A Century of Mystification* eftir Mikkel Borch-Jacobsen. Kirby er forstöðumaður og eini meðlimur breyfingar Lúterskra Súrrealista. Hann kennir heimspeki og bókmenntir við ríkisháskóla New York fylkis í Delhi.*

*1. apríl – 1. maí, 2004, Kirby Olson, Delhi, New York. Eirtkur Örn Norðdahl þýddi.*

**Þórunn Valdimarsdóttir**

## **mamma**

**(eftir 25. ágúst - þeas. ekki 12. september)**

we are all mothersuckers - on the eternal rebound  
girls and boys just the same  
mothersucker trauma this painful need for love  
eternal vulnerable suckling years  
desperately needing quality time with mama

fathersucker has a weaker meaning?  
unless you visualize him as animal enough to let you suck him  
it's great big holy mama that counts in decent fleshholds  
mouth to milk and milk to mouth

má þá spyrja hví sé svo hræðilegt blótsyrði að vera motherfucker  
að vera sagður hafa riðið mömmu sinni?  
þú strákur og stelpa, þú veist þú mátt ekki gera mömmu ólétta með  
eggj þínu og sæði  
“you father-fucker you!”  
“yes, and I'm proud of it”  
“please release me!”  
“dad, do you mind?”

verra en hvað?  
verra en að vera í hermannabúningi og drepa óbreytta borgara  
verra en næstum allt nema siður sé

## Af ljóðum

móður-ríðarar eru ruddar ef þeir ríða mömmum sínum gegn vilja þeirra  
en séu þær hinar ánægðustu er það varla nema familiar feeling?  
eins og hjá hinum dýrunum  
en bíddu, af hverju rekur ljónamamma þá strákinn burt svo snemma?  
jú, til að næsti kærasti sem er sá sterkasti í skóginum  
gangi ekki frá honum

“you motherfucker!”

sagt til að vekja reiði, ná sér niðri á einhverjum, gera lítið úr felst skömmin í því að þeir séu a) níðingar eða b) aumingjar sem komist ekki víðar en til mömmu með sín eymdartyppi og fari því hættulega nálægt með sæði sitt og skili veikindum til framtíðar?  
“viljiði þagga niður í konunni!”  
(big mama verður völdug þegar hún talar um kynlíf)

maður á víst að vera hvorki níðingur né aumingi  
heldur mátulegur og spila aldrei of sterkt né of veikt  
miðað við vestrænar riddaranótur eftir að berserkir fóru úr tísku og ríkjandi filing

ekki kókaín eða ópíum  
æsandi efni úr vestri dauðans  
eða róandi efni úr austri fæðingarinnar  
(því þar er nógur tími og enginn desperat)  
verið fallega mátuleg  
venjulegur strákur býr yfir mátulegum dugnaði  
með allt í lagi í buxunum  
venjuleg stelpa draumsóley íslensk og óeitruð

why do I find ordinary people so de-fucking boring?  
me sick devil me - must be

manndýrið hugsar svo mikið  
að það bjó til öryggislandamæri út um allt



bannaði hundahald vegna sullaveiki  
sullaveikin er horfin - hundar enn bannaðir  
gömul boðorð sett til að minnka sársauka  
standa enn þótt forsendan fyrir sársaukanum sé farin  
og boðorðið sjálft skapi sársauka sem í þessu tilfelli er:  
sár skortur á frjálslegum hundi

vitað að betra er að finna nýja ást en viðhalda þreyttri  
og nóg til samt að borða handa þeim börnum sem gamla ástin bjó  
til

en samt stendur boðorðið með allri sinni fordæmingu uppi  
hver skilur bara af því hann skilur? skilur hvað?  
framhjáhald sé af hinu illa, svik  
þótt annað dýrið þurfi á því að halda  
kakan í eðli sínu sundurskorin en halda skal henni saman samt  
með þeirri vissu að ímyndir saurgist  
kjaftatíkurnar dæmi þig illan hörkarl og hana vesæla kokkálu  
og þá þriðju hóru sem þær gera miskunnarlaust  
enda er hún fædd á dæmdum sunnudegi eftir trinitatis  
og texti hennar dags bersynduga konan

konur þjóna léttilega með gleði áhöfn feræringis  
elska allt skipið og allir ánægðir  
hver einasta þófta  
sem er meira en venjulegur miðaldra karl getur ... afsakið

efast einhver um guðdóm gyðjunnar?

þeim fer vel að eiga köku hjónabandsins og aðra úti í bæ  
bíta í báðar sem bara stækka við það  
væri tvíveri ekki bannað

bæta eynd sína yfir að mega ekki iðka bannaða sérhneigð  
með tilhugsun um aðra verri sem er meira bönnuð  
láta orðið motherfucker líða um tilfinningaekrur ímyndunaraflsins

sá sem segir næst „verra gæti það verið“

## Af ljóðum

verður laminn með orðunum:

„böl er slæmt þótt verið gæti verra“  
ekki sætta sig við minna en dýpstu vellíðan

eftir fína uppgötvun eins og smokkinn  
er ástæðan fyrir því að ekki má ríða móður og föður  
ekki lengur til staðar  
en harðbannað að ríða þeim eftir sem áður  
ljótasta blótsyrði bara að minnast á það  
ég er ekki að tala um að allir fari að ríða foreldrum sínum  
í þakklætisskyni  
heldur að okkur finnist fagurt að heyra motherfucker you

því alltaf er verið að særa mömmuna miklu  
með því að gera það að gagnast henni neikvætt  
gerum það fallett og líka það að vera bitch  
hugsa tík á lóðarú fallega  
tík með hvolpa sína fallega  
gyðjan mamma kynvera  
sem loksins má aftur ríða eins og hin dýrin  
hægt að sanna faðerni genetískt  
mörg þúsund ára sjúklegt eignarhald á konum úrelt  
dýrin hennar tíkin og tófan og læðan  
fagarar í feng og getnaði  
og slaknar á margri spennu  
systur giftast og bræður  
eina syndin sú að líða illa  
og manni líður illa ef að maður meiðir

móðir allra synda leysist upp

njóta þess að þjást og gera það skapandi  
use the difficulty:  
væri ég ekki svo leið á að horfa upp á  
þjóðfélagsleiða einkvænisins  
hefði þessi texti ekki orðið til

aftur til minnar heitt elskuðu mömmu  
míns substituts því hana má elska og mæra:  
hún var hot ég sver það, flækti mig í djúpstá skyn-sukkk  
hamingju skyn-land fangið á henni

á spönsku er aðal-blótsyrðið hvatning  
sem mér fannst enn annarlegra en motherfucker:  
“chinga tu madre” eða „ríddu mömmu þinni“  
þótt fallega hljómi fyrir þann sem ei skilur  
hugsunin hræðist að fara þangað  
en beina skal hverri hræddri hugsun í skóginn  
til Hróa hattar og féлага:

“chinga tu madre”

ljótt að hvetja einhvern til þess sem ekki má gera?  
faðir þinn mundi lemja þig í afbrýðisemi ef þú þættist elskhugi  
móður þinnar, hvort sem þú ert strákur eða stelpa  
þar sem þú ert yngri en hann, skilyrðislaust elskuð og lægra í  
goggunarröðinni en el padre

„chinga mi madre - það víst skal ég gjöra“  
ég hef hundseðli og vil gera það sem mér er sagt  
en innri barsmið blótsyrðisins dýnur í mér

hví er svo meiðandi að segja einhverjum að ríða mömmu sinni?  
hver segir að móðurást sé heilagri en kynræn ást?  
það er sárt af því það má ekki og maður væri níðingur að neyða  
hana

- sem kenndi manni hvað ekki má - til að gera það sem ekki má  
og níðingur að tæla hana viljuga til þess sem ekki má  
og aumingi að reyna ekki við konu sem elskar mann minna  
aldrei að vita nema fleiri faðmar reynist vel

af heimi ljóðs og trúar  
að elska mömmu sína  
kyssa eigin olnboga  
og borða bláber með iljunum

## *Af ljóðum*

mun aldrei hætta að þrá þig mamma  
í líkamlegri vissu þess að þú ert löngu dauð  
hrúga í leikriti Shakespeares af maðkétnum skapnaði  
love you þess meira og sjálfa mig  
along with recent fleshholds

falla í stórt fangið  
týnda púslið skynjar heila mynd

verða einfrumungur aftur og bíða þess að skotið komi  
forritið stefnir að fæðingu

engin fullnæging er hversdagsleg  
heimurinn fullur af þeim  
milli fjalls og fjöru og hafdýpis  
glampar hrein guðfræði

grunur leikur á að gamlar sólar skynji hægar  
og þess vegna meira og betur og beittar  
og sama gildi um marglyttur

deyja ofan í hlýja mold  
falla í fangið á þér mamma  
samofinn möttull lífið  
al-lífið, æ-lífið, ei-lífið  
æ líf og ei líf í sömu andrá

að fara til gyðjunnar  
er að eiga erindi við sinn fögnuð

dey um sumar  
grafin í mjúka mold  
í engu nema lopusokkum  
þið kyssið mig á bringspalirnar  
á grænni grund  
og lofið að lifa eins og þið getið

if I have a say  
have a say!  
I just had a say  
thank you

---

*Þórunn Valdimarsdóttir (1954) er rithöfundur og sagnfræðingur. Hún lauk B.A. prófi í sögu og ensku frá Háskóla Íslands 1979 og Cand. Mag. prófi í sagnfræði frá sama skóla 1985. Þórunn hefur sent frá sér ljóðabók, skáldsögur, barna- og unglíngabók, skrifað leikrit, ævisögur og sagnfræðirit. Fyrsta skáldsaga hennar, Höfuðskepnur, kom út 1994. Skáldsagan Alveg nóg var tilnefnd til Menningarverðlauna DV 1997 og Stúlka með fingur blaut síðan Menningarverðlaun DV árið 1999 og var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2001.*

## Á Austurbrú 2005 árum eftir Krists burð

Vorkvöldið er hlýtt og sólarlagsroðinn og tjarnirnar og trén öll á sínum stað þegar Útlendingurinn valsar til okkar og segir á spænsku að það sé óþarfi að vinna í lottó, nú getum við öll náð Osama Bin Laden og fengið fullt fullt fullt af verðlaunafé.

Okkur þyrstir í svaladrykk en Útlendingurinn hlær hæðnislega og tyllir sér á tá, skimar í kringum sig eins og fráneygur fugl þegar hann biður okkur að hafa varann á, þeir séu allt um kring.

Og hann bendir á hermann, sem marserar einmana á varnarveggnum kringum dúkkulegar búðir leyniþjónustunnar, brosir að sjálfum sér og þírir græn augun – eða eru þau svört?

Uss, hann heyrir, sönglar Útlendingurinn. Hann heyrir allt sem við segjum. Trúði þið því? Trúði? Trúði á hann? Hann er til og hann hlustar. Þannig er það og sannanir óþarfar, þannig er það. Heilagt stríð, trúði mér.

Annað okkar er gáfaðra en hitt og talar spænsku. Ég reyni að skilja og greini orð eins og terrorista; grynka á glottinu því það er óþolandi að hvísla lífshættulegum ríkisleyndarmálum þegar aðrir þykjast skilja, gráðugir í svaladrykk.

Svo skynjar hann að ég tala ekki spænsku og svissar yfir í rússnesku og verður þá enn meiri útlendingur.

Þeir vita af okkur, held ég að Útlendingurinn hafi sagt þegar hann dró fram skítugan blaðsnepil og otaði honum að okkur; augun gljáandi, röddin skringilega kát í ljósi þess að þeir vissu af okkur.

Jesús Kristur, hvað með svaladrykkinn? tauta ég hás og svipast um eftir söluturni; langar í sóðavatn eða bjór, í versta falli apríkósusafa.

En þeir heyra ekki í mér, önnum kafnir við að tala þýsku og loksins bara dönsku, bíð eftir að þeir tali færeysku eða íslensku. Útlendingurinn fullyrðir að andspyrnan muni brátt birtast í Kaupmannahöfn og Texas og London og Madrid – sanníði til! Bush er í tímahraki, hvíslar hann glaðhlakkalegur og spígsporar. Þeir eru á leiðinni, skiljiði, Merkúr í öðru húsi ...

En hvað með svaladrykkinn? ýlfra ég.

Útlendingurinn kinkar kalli og stígur til hliðar, minnir á spjátrungslegan bötler þegar hann biður mig að afsaka, dömur eigi ekki að þurfa að bíða eftir svaladrykknum sínum, jafnvel þótt andspyrnan muni brátt láta til skara skríða og opna dyrnar handan við sjóndeild, þangað sem við ætlum öll að fara. Þú veist.

Þykist vita að Útlendingurinn horfi á eftir okkur þar sem við leiðumst heim; tölum um hann, síðan um bók sem við lásум einu sinni, áður en við urðum tuttugu og fimm, og þá birtist dýrið og ég skræki: hvort er þetta köttur eða labrador?

Kannski kettlingafull læða, giskar förunauturinn á og starir á bleksvart dýrið sem hringar sig saman ofan á borði og dregur augað í pung.

Það eru ekki til svona stórir kettir.

Víst, þessi köttur, segir hann. Og dýrið leikur með rófunni, það lítur ekki undan fyrr en ég hverf inn um dyrnar og finn umslagið frá úthlutunarnefnd launasjóðs rithöfunda.

---

*Auður Jónsdóttir er rithöfundur og blaðamaður. Eftir hana liggja skáldsögurnar Stjórnlaus lukka, Annað líf og Fólkið í kjallaranum, en fyrir þá síðastnefndu fékk hún Íslensku bókmenntaverðlaunin. Auður hefur að auki gefið út barnabækurnar Algjört frelsi og Skrytnastur er maður sjálfur.*

Pavel Rajchman

## InngangurÚtgangur

Hringstíginn niður hring eftir hring út óendanleikann  
hoppa hleyp hratt hraðar riða hrapa flýg hringsnýst  
minningarnar hringsnúast langt aftur  
horfi með undrun til framtíðar þráðbeinn stíginn  
hringsnýst upp í hið ókunnuga rís  
sveittur þreyttur staulast dett svíf sáttur  
í snúningnum ranghvolfast augun upp til ljóssins.

---

*Pavel Rajchman (f. 1958) hóf rithöfundarferil sinn með hópi sem kenndur er við nonkonformista og sver sig í ætt við Medúsabópinn. Hann hefur gefið út fjórar ljóðabækur. Þýðing: Óttar Martin Nordþförd*



**Petr Borkovec Þrjú ljóð**

## **Birtan hvarf**

Birtan hvarf og rigningin steypmist niður.  
Helvíti logaði milli gangstéttnahellna hér og þar.

Líkt og myndir Ladas, með meyr og mjúk hjörtu,  
byrjuðu djöflarnir að stilla upp birgðunum sínum.

Fyrir ofan ljósin, þrír látnir heimafastir fuglar  
fyrir ofan hina dauðu, grátlegur og útblagdur útsýnispallur

yfir kvöldblik borgarinnar, yfir glugga hveirrar bókabúðar,  
yfir upplýsta bari í blóðugri samkeppni

yfir gosbrunn með allsberum marmarastrák  
að hughreysta karfa í marmaraskel

(með nef föður síns og augu móður sinnar ...  
hvernig litskrúðugir peningarnir glömpuðu á vatnsbotninum)

yfir minnkandi regnið og djöflana með leyndarmálin sín.  
Við stóðum þarna og kveiktum okkur í tveim ljúfum sígarettum.

Það var lítið, elskan. Þú skelfur eins og hrísla.  
Faðmaðu mig. Förun. Við skulum sofa saman.

## Ég og Rósa

Ég og Rósa. September. Langur skuggi húss.  
Ryk allsstaðar, útvarpssuðið.  
Sól á krómi rúmsins.  
Þú teygðir þig í sígarettur þínar.  
Fyrir neðan dreymdi stigaganginn enn,  
gardínurnar hreyfðust rólega, streymdu niður.  
Tómur vaskurinn var eins og brjóstmynd úr silfri  
og sekúndurnar alltaf streymandi og streyma  
horfin hlýja, ylurinn. Tíminn í kyrrstöðu,  
og sömuleiðis allir hlutir, lausir undan hlutverki sínu  
sólskinið á rúmgrindina fraus,  
krókurinn, myndin á veggnum.  
Ég sá ferskan ryk sígarettu þinnar,  
bækurnar við hlið okkar í stafla,  
og fiskar og fuglar og blóm dúnsængurinnar  
smugu og snigluðust niður á gólf  
þar sem þau kólnuðu í blárri rúmfræði.  
Ryk á fataskápnum, ryk á aríunni.  
Litaður gluggaveggurinn ekki á leiðinni neitt.  
Fyrir utan, engin áform brugguð í skuggum,  
og handklæði, lá iðjulaust við stólinn  
hafði sömu sögu að segja og við.

## Slátrun

Þrungin rýmin takast á.  
Þrúma skekur loftið.  
Ólík hljóð hverfa  
til síns heima. Í hurðarbrúninni  
hvæsir umbrotið blað eins og slanga.  
Lítil skordýr læðast um grasið,  
smágerðar beinagrindir fugla.  
Við stöndum, myndum hring,  
virðum hver annan fyrir okkur.  
Draumurinn í nótt um slitnið illgresi:  
rotnandi njólablöð, eins og loðnir  
málmfletir. Ég ríf klæði,  
ríf veggfóður fullt af vatni.

---

*Petr Borkovec (f. 1970) er höfundur fimm ljóðasafna, þýðandi og fyrrverandi ritstjóri menningarrita í Tékklandi. Hann er eitt vinsælasta ljóðskáld Tékkna og hafa ljóð hans verið þýdd yfir á fjölmörg tungumál. Óttar Martin Norðfjörð þýddi.*

## Í síðasta sinn

Ég fer ofaní ræsið í síðasta sinn  
skósólar vegfarenda traðka á fingrum mínum  
þegar ég loka mig inni með ristinni

(loka mig inni eins og í svefnpoka  
enda mun ég gista hér  
ég þarf varla að minnast á líkkistur)

í ræsinu mun ég gelta, ýlfra  
til að hræða burt rotturnar og blekkja borgara  
ég hef nefnilega úthugað þetta

(þegar ég framlengdi sumarið  
við stendur marokkó og las tilgangslaugar bækur  
á heilsuhælinu sem varði mig fyrir snjónum)

ég endurtek því  
þetta er í síðasta sinn sem ég fer ofaní ræsið  
þar sem ég mun blístra gelta og skellihlæja.

---

*Petr Kabes (f. 1941) er eitt virtasta ljóðskáld Tékka á síðari hluta 20. aldar. Rithöfundarferill hans er langur og skrautlegur, en ljóðlist hans er undir miklum áhrifum frá '68 kynslóðinni og pólitískri stöðu Tékkóslóvakíu eftir síðari heimsstyrjöldina. Kabes hefur verið ákærður og rekinn fyrir ljóð sín og skoðanir. Þýðing: Óttar Martin Norðfjörð.*

## Óbærileg stöðnun – um mismun og sköpun

### List og sköpun sem félagslegt valdataeki

Franski félagsfræðingurinn Pierre Bourdieu greindi virkni smekks og lista innan kapítalísks stéttasamfélags (sjá t.a.m. *Distinction*, 1979). Eftir að hafa skipt auðmagni eða kapítali í fjórar mismunandi gerðir (efnahagslegt, menningarlegt, félagslegt og táknrænt) greinir hann hlutverk smekks og lista með félagslegri aðgreiningu. Fylgifiskur lista- og menningarframleiðslu er sá að mörkin á milli hópa og stétta verða skýrari. Þannig skilgreinir smekkur og listneysla sjálfsemd einstaklinga með tilvísun í hóp sem neytir hins sama. Þetta er tvöfalt ferli sem byggir samtímis á innlimun og útilokun: að hýsa einstakling í hópi eða að úthýsa honum; að tilheyra eða tilheyra ekki. Þetta ferli er mikilvægt þar sem samanlagt auðmagn einstaklinganna sýnir afstæða valdastöðu og virðingu þeirra í stigveldissamfélagi. Þótt efnahagslegt auðmagn sé líkt og marxisminn kveður á um mikilvægast í hinu vestræna kapítalíska samfélagi og þótt allir þurfi lágmark af slíku auðmagni til að öðlast aðrar tegundir auðmagns, þá hafa hinar auðmagnstegundirnar á köflum úrslitaþýðingu

fyrir valdastöðu einstaklingsins. Þannig beitti aðallinn í Evrópu menningarauðmagni sínu til að verjast ágangi borgarstéttarinnar sem tók honum langt fram í efnahagslegu auðmagni. Enn þann dag í dag er þetta helsta hernaðarlist ráðsettra borgara gegn hinum nýríku.<sup>18</sup> Í þetta samhengi sækja hugtökin *hámenning* og *lágmenning* merkingu sína. Lágmenning tilheyrir undirstéttunum, pöpulnum, massanum, hinum ófáguðu og ómenntuðu. Hámenning er á hinn bóginn menning yfirstéttarinnar, hinna fáu, háu, útvöldu og fáguðu: „aðlinum“. Millistéttin stendur svo í spígati þarna á milli: lágmenning er henni eiginleg, en í streði sínu til að komast í hóp hinna útvöldu reynir hún stöðugt að tileinka sér hámenningu, sem er þá, á viðkomandi listneyslusviði, umsvifalaust gjaldfelld af „aðlinum“ sem lágmenning. Að eiga málverk eftir Tolla er ekki merki um fágun heldur groddaskap og vanþekkingu; að eiga diskinn *Famous adagios* er ekki annað en merki um púkalegt streð smáborgarans.

Þessi fremur ómeðvitaða hernaðarlist, sem er aðlinum „í blóð borin“, ber árangur vegna þess að undir niðri liggur hárfínt og dýnamískt aðgreiningarkerfi. Það byggir á menntun og uppeldi sem á sér stað frá blautu barnsbeini. Sá sem hefur alist upp við klassíska tónlist, lært á hljóðfæri, verið tíður gestur á klassískum tónleikum o.s.frv., getur umsvifalaust greint það þegar á vegi hans verður tónlistarunnandi sem hefur öðlast þekkingu sína að mestu leyti með hlustun geisladiska og því umsvifalaust úthýst honum í hóp hinna smáborgaralegu snata. Þar sem þeir síðarnefndu tileinka sér stöðugt hluta hámenningar, sem er gengisfelld í kjölfarið, verður að eiga sér stað sköpun á sviði hámenningar. „Aðallinn“ hefur stöðuga þörf fyrir nýja list til að greina sig frá smáborgaranum sem „smáan“ hámenninguna með því að gera hana vinsæla, að menningu fjöldans. Að því leyti má segja að framúrstefnulistamenn (avant garde) séu ekki annað en skækjur aðalsins. Og eitt af því sem ruglar smáborgarann hvað mest í ríminu er þegar aðallinn upphefur einstaka þætti lágmenningar í hámenninguna (pop art). Þar sem hinn ráðandi „aðall“ hefur skilgreiningu listarinnar í hendi sér getur hann leyft sér að snobba niður fyrir sig, að innlima hluta af lágmenningunni sem breytist í þessu ferli og verður hluti af aðgreiningarvél hámenningarinnar. List og sköpun er það sem „aðallinn“ samþykkir sem slíkt.

Eitt af meginviðmiðum þessa kerfis er hreinleikinn, hið óhlutbundna og tæra, hið upphafna: hið fagra í sjálfu sér. Því „himneskari“ sem listin er, því fjarlægari sem hún er hverdagslífi og -samfélagi, því ofar stendur hún í stigveldi listarinnar. Þannig hafa mismunandi listform ólíkt vægi: kvikmyndir eru frekar neðarlega, leiklistin ofar og klassísk tónlist efst. Innan hvers listforms fyrir sig er svo aftur að finna innra stigveldi: Á sviði tónlistar er popptónlist neðarlega, djass ofar og klassísk nútímatónlist efst. Í heimi bókmennta gilda sömu lögmál: Spennusögur eru neðarlega (útkall 112 enn neðar), fagurbókmenntir ofar og ljóðlistin efst. Stigveldi hreinleikans réttlætir (siðferðilega) stigveldi samfélagsins. Séum við ofarlega er það sökum þess að við eigum hlutdeild í hinu fagra, tæra og góða. Þeir sem eru neðar skilja ekki hreinleikann og geta ekki notið hans, sem gerir þá samkvæmt leikreglum stigveldisins fagurfræðilega óverðugri og því sannar smekkleysi þeirra að þeir eru þar í stigveldinu sem þeir eiga heima. Menningaraðallinn breiðir svo yfir þá staðreynd að til þess að skilja og njóta þarf menntun, efnislegar og félagslegar forsendur; enda hefur hann of hreinan og fagaðan smekk til að sýna áþreifanlegri greiningu á slíkum auðmagnsforsendum hins upphafna mikinn áhuga.

List og listsköpun, sem menningarauðmagn, er því eitt af valdataekjum hinna ráðandi. En þetta sjónarhorn á listina er ekki hið eina sem vert er að skoða. Ferli sköpunarinnar er ekki endilega alltaf og allsstaðar niðurneglt í þessa formgerð samfélagsins, þótt það sleppi aldrei fyllilega úr haldi hennar.

## Hið óbærilega sama

Sköpun og sköpunargáfa sprengja að einhverju leyti annars öflugt hugtaka- og skýringakerfi Bourdieus. Sóknin í stigveldisbundin og afstæð völd, viljinn til valds *yfir öðrum*, skýrir ekki til hlítar hvatann sem býr að baki sköpun. Valdið hefur hér ekki þá tvöfeldni sem það býr yfir hjá Nietzsche: *Macht* er í senn vald og máttur. Hlið máttarins, sköpunarmáttarins, hverfur í valdagreiningu Bourdieus. Þótt hann sé ávallt að lýsa tilhneigingu, þá eru dæmin um sköpun

sem ekki eru reyrd niður í þessa formgerð stigveldisins einfaldlega of mörg.

Vænlegra þykir mér að grípa til verkfærakistu franska heimspekingsins Gilles Deleuze og sækja þangað hugtök og hugmyndir úr frumspeki hans um mismuninn. Eitt af aðalhugtökum slíkrar frumspeki er *désir* sem útleggst sem þrá eða löngun á íslensku. Öfugt við freudisma, sem hún gagnrýnir, skilgreinist löngunin ekki af vöntun, heldur af framleiðni og sköpunarkrafti. Löngunin er hreyfiafl breytinga og tengist mismuninum órjúfanlegum böndum (sjálfsverur kallar Deleuze tíðum löngunarvélar). Hreyfing þessi er líf, *bios*. Líf er illhugsanlegt sem stöðnun, en oft er reynt að hugsa hreyfingu sem endurtekningu hins *sama*.<sup>19</sup> Endurkoma hins sama er nokkurs konar gervihreyfing, skokk á hlaupabretti. Gegn henni teflir Deleuze endurkomu mismunarins: það eina sem endurtekur sig í endurkomunni er mismunurinn.<sup>20</sup>

En þótt lífið sé hreyfing og flæði er ekki þar með sagt að allir kraftar heimsins séu lífskraftar.

Stirðnun, stöðnun, „svæðing“, samsemd, sjálfsemd. Hið gefna. Hinn gefni heimur, hið gefna samfélag, hin gefna sjálfsemd. Allt eru þetta dæmi um hið óbærilega. Það er óbærilegt að lífinu skuli vera sett mörk: þetta er lífið, sættu þig við það. Að sætta sig við heiminn eins og hann er og sjálfan sig eins og maður er, er uppgjöf fagurkerans og hinna fögru sála. Í heimi sem byggður er upp á ofbeldishlið valdsins er stöðugt verið að kyrrsetja fólk, setja því mörk og skilgreina mögulega farvegi þess.

Skynjun fólks er misjöfn, vegna félagslegrar stöðu og annarra einstaklingsbundinna þátta sem ná handan við samfélagsstöðuna. Þegar baráttan um brauðið hverfur og baráttan um öryggið tekur við,<sup>22</sup> er ekki þar með sagt að hið óbærilega verði sýnilegra. Undir yfirborði hagsældar, frelsis og sjálfstjórnar flýtur tilraunin eða uppreisnin sem möguleiki. Hver er leiðin undir þetta yfirborð? Næmið mælist í óhamingju allsnægtanna: það er ekkert að og ég óska mér einskis. Í tómi stíflaðra langana óska ég þess að næmið hverfi. Allt er eins og það á að vera, það er bara eitthvað að mér. Samfélagið smættar óhamingjuna niður í geðraskanir einstaklinganna, sem stórfyrirtæki í efnaiðnaði selja svo sem hamingjupillur: sjúkdómsvæðing geðdeyfðarlyfjanna.<sup>25</sup>



En sumir gera tilraunir, meðvitað eða ómeðvitað, prófa mörk hins gefna: skapa. Tengja það sem ekki má tengja, brjóta reglur sem ekki má brjóta. Tilraunin er alltaf uppreisn gegn því gefna og því ávallt pólitísk. Allar þrjár eru pólitískar. Ópólitísk sköpun er því ekki til þótt listin virðist stundum vera það.

## Að draga plóg kapitalismans

Sköpun ber ekki vott um *frelsi* viðkomandi heldur um *tengsl* (frelsi er stírnáð hugtak). Tengsl við annað, ný tengsl og óleyfileg. Tengsl valda hreyfingu og ógna þar með ráðandi skipulagi. Frá ákveðnu sjónarhorni var og er kapítalisminn einn helsti drifkraftur breytinga. Allt frá upphafi iðnbyltingar hefur hinn framleiðslumiðjaði kraftur kapítalismans leyst upp og afkóðað siði, venjur og hefðir, sem stóðu í vegi fyrir framleiðsluaukningunni. Formgerð samfélagsins tekur stakkaskiptum í færslunni frá lénsskipulagi til iðnaðarsamfélags fyrir tilstilli kapítalismans: framleiðsluhættirnar breytast. Á þennan hátt er þróun sköpunar og lista í nútímanum samhliða og óaðskiljanleg þróun kapítalismans. Þótt ekki sé um að ræða efnahagslega framleiðslu er þessi menningarframleiðsla hluti heildarframleiðsluhátta þessa tímabils. Hinn óskilgreinanlegi hluti menningarframleiðslunnar, sköpunin, hið nýja, hið gagnrýna, hefur tvöföld tengsl við hina efnahagslegu hlið kapítalismans. Annars vegar ræðst sköpunin gegn hinu gefna (og er þannig, eins og fyrr sagði, ávallt pólitísk) og auðveldar því kapítalísmannum að ráðast á menningarformgerðir sem standa í vegi fyrir framleiðsluaukningu og útpenslu hans (t.a.m. draga árásir lista og vísinda á trúarbrögð úr vægi þeirra síðarnefndu sem auðveldar breytingar á borð við að fella úr gildi bannið við að lána með vöxtum, sem gyðingar voru lengi vel einir færir um í Evrópu). Hins vegar getur sköpunin jafnframt verið gagnrýnin á formgerðir kapítalismans. Í báðum tilvikum verður kapítalisminn að ná tókum á hreyfingunni og breytingunum. Hreyfingin má ekki stefna hvert sem er, hana verður að veita í farvegi sem tryggja formgerðir og framleiðsluaukningu kapítalismans. Í þessu felst tvöfeldni kapítalismans: hann bæði leysir

upp (afkóðar og afsvæðir) og kóðar, svæðir og festir í farvegum sem tryggja viðhald og endurnýjun hans sjálfs. Hreyfingin og sköpunin er honum nauðsynleg, en jafnframt hættuleg, og því verður stjórna henni og stýra.

Franski heimspekingurinn Michel Foucault greindi hætti þessarar stjórnunar í nútímanum og kallaði hana lífvald. Hann greinir mikilvæg umskipti á sambandi yfirvalds (*souveraineté*) við þegnana eða borgarana sem eiga sér stað frá 17. öld fram á þá 19. Í stuttu máli sagt felast þessi umskipti í því að í stað valds yfir lífi og limum þegnanna í gegnum *daudann* með dauða- og limlestingarefsingum öðlast yfirvaldið vald yfir því *hvernig* lífinu er lifað. Með öðrum orðum, fyrrum fólst valdið í algerum rétti yfirvaldsins (konungsins eða furstans) til að taka líf eða limi: að þyrma lífi einstaklings eða láta hann deyja. En eftir umskiptin beinist valdið í auknum mæli að lífinu sjálfu, viðgangi þess og vexti og kallast því *lífvald* (andstætt dauðavaldi). Markmið lífvaldsins er að auka getu og framleiðni þegnanna og helst í hendur við þróun iðnvædds kapítalisma. Lífvaldið snýr annars vegar að einstaklingum í gegnum ögun og hinsvegar að heildinni, þjóðinni eða landslýð, í gegnum lífpólitík: „*Ögun: líkamserðarpólitík mannlíkamans*“ og „*skipuleggjandi stýring: lífpólitík sem snýr að landslýð*.“<sup>24</sup> Ögunin fer fram í aflokuðu rými á borð við skóla, herbúðir og verksmiðjur og (leið)réttir mannlíkamann og kemur honum fyrir í framleiðslueiningu sem lýtur eftirliti. Lífpólitíkin fer fram með skráningu og tölfraði sem helst í hendur við vöxt nýrra mann-, félags- og læknávisinda og er henni beitt með reglusetningu, hvað varðar t.a.m. hreinlæti og viðkomu (*reproduction*) landslýðs. Snertifletir þessara tveggja póla eru fjöldamargir og margþættir, en einkennandi fyrir þetta samfélag er þó ögunin. *Ögunarsamfélög* eru samfélög iðnvædds kapítalisma sem kennd eru við tímabil *nútímans*.<sup>25</sup>

Þótt Foucault hafi mér vitanlega ekki fjallað sérstaklega um menningarpólitík sem hluta af lífpólitík, sýnist mér ekkert því til fyrirstöðu og sú fyrri fólgin í þeirri seinni. Menningarpólitík nútímans snýr að því að framleiða og stjórna hugmyndafræði og sjálfsskilningi fólks. Hún framleiðir ásamt öðrum kröftum sjálfsemdir og þjóðarsamsemdir og stjórnar þannig endurframleiðslu fólks eða landslýðs. Hún gegnir einnig því hlutverki að draga tennurnar úr

„hættulegri“ list og sköpun sem ógna þessum samsemdum. Hún skilgreinir hið óskilgreinanlega, ber það nýja saman við það gamla. Ekki til þess að gera mismuninn sýnilegan, heldur til að innlima hann í hið sama. Þetta er eins og þetta, hitt er það sama og... Þótt það sé ekki með öðrum hætti en þeim að verk eru felld undir yfirsamsemd listasögunnar og fagurfræðinnar: *Fegurðina* (sem er jafn ónýtt hugtak og *frelsið*). Það sem er *fallett* er álitíð sammanlegt (þótt ekki allir skilji það) og hafið yfir hagsmuni og vald og virðist því ópólítískt. Það sem lætur hins vegar ekki fella sig undir hið sama, það sem verður ekki innlimað í takföst slög framleiðslunnar, því er úthýst úr heimi lista og sköpunar, og þannig gert lítt sýnilegt eða algjörlega ósýnilegt. Innlimunarstofnanir menningarstjórn mála, söfn, gallerí, styrkjakerfi, útgáfufyrirtæki o.s.frv., taka ný og „hættuleg“ verk og samsama þau, stundum með því einu að klessa á þau verðmiða. Verkið jafngildir þannig ákveðinni peningaupphæð og er þar með rígfast innan skiptatengsla kapítalismans og kóðað sem slíkt.

### Vandi sköpunar í eftirnútímanum

Staða sköpunar og lista breytist í umskiptunum frá lénskipulagi yfir í iðnaðarsamfélag nútímans. Á svipaðan hátt má greina breytingar á stöðu þeirra í færslunni frá nútíma yfir í eftirnútíma. Hugum fyrst að þeim breytingum sem verða á lífvaldinu.

Gilles Deleuze tekur upp þráðinn þar sem Foucault skildi við hann og greinir önnur umskipti frá ögunarsamfélögum til stýringarsamfélaga: „*Stýringarsamfélög* eru að taka við af ögunarsamfélögum. ‘Stýring’ er heitið sem Burroughs lagði til yfir nýja skrímslið sem Foucault telur á næsta leiti.“<sup>26</sup> Munurinn á stýringu og ögun felst fyrst og fremst í því hvernig valdið virkar eða fer fram. Lífvald ögunarsamfélaganna virkaði í gegnum afmarkaðar einingar með skýrt framleiðsluhlutverk. Þannig hafði t.a.m. kjarnafjölskyldan endurframleiðsluhlutverkið, stétt verkamanna (færibands)framleiðsluhlutverkið; skólar, fangelsi, sjúkrahús og herbúðir hlutverk framleiðslu „heilbrigðra sála í hraustum líkama“ sem svo er útbýtt á aðrar framleiðslueiningar. Einingunum eða

einstaklingunum er svo raðað upp í pýramída valdsins sem aftur myndar yfir-framleiðslueiningu. Tökum fordíska verksmiðju sem dæmi um yfir-einingu. Á botni þessa pýramída hreyfist færibaldið, þar sem verkamönnunum er raðað upp hverjum með sitt framleiðsluhlutverk (einn setur hægra dekkið á, annar framrúðuna í) sem ber að inna af hendi innan ákveðins rýmis (þessum tíu metrum af færibandinu) innan ákveðinna tímamarka (tíu mínútur fyrir hjól, 20 mínútur fyrir framrúðu). Yfir færibandinu vaka svo verkstjórar og yfir þeim deildarstjórar, allt til forstjórans sem situr á toppi pýramídans. Ögunin og eftirlitið virka frá toppi pýramídans og niður og notast við afmarkanir tíma, rýmis og hlutverka.<sup>27</sup> Þessar yfir-einingar tengjast svo ýmiskonar þverböndum sem skipuleggja aukningu framleiðslugetunnar í gegnum lífþólitíkina, í tilfalli verksmiðjunnar t.a.m. í gegnum stofnun vinnueftirlits (sem fyrirbyggir slys og sjúkdóma), sem aftur tengist ögunarkerfi skólanna (þar sem líkaminn er leið-réttur, þar er setið *rétt* og haldið *rétt* á penna) sem kennir rétta vinnustöðu líkamans (miðað við hæð færibandsins o.s.frv.).

Það sem einkennir slíka ögun er að valdið kemur frá annarri utanaðkomandi einingu. Og einmitt í þessu felast takmörk þessa valds: *afmörkun* = *takmörkun*:

Ögunarsamfélagið batt einstaklingana inn í stofnanir, en því mistókst að sporðrenna þeim inn í takföst slög framleiðslunnar, venjur hennar jafnt sem félagsmótun; það náði ekki því marki að síast algjörlega inn í meðvitund og líkama einstaklinganna, það náði ekki því marki að meðhöndla og skipuleggja athafnir þeirra í heild sinni. Í ögunarsamfélaginu má því segja að samband valds og einstaklings hafi verið statískt: innrás ögunarvaldsins var í samræmi við andspyrnu einstaklingsins.<sup>28</sup>

Vandkvæði ögunarvaldsins felast í því að þegar því er beitt hafa einstaklingar tilhneigingu til að upplifa það sem ofbeldi og þvingun: sem *valð*. Kannski einmitt vegna þess að í kapitalisma nútímans fylgdi

framleiðslu afmarkaðra eininga (nauðsynlega) hugmyndafræðileg framleiðsla á einstaklingnum sem sjálfsverueiningu (sjálfsemd), og þar með frelsi og sjálfræði hennar, sem stangast á við þvingun agans einfaldlega vegna þess að hann er þeim framandi.<sup>29</sup> Valdið er *sýnilegt og framandi*. Það beinlínis hvetur til uppreisnar eða ýtir að minnsta kosti undir þann möguleika, sem aftur leiðir til sýnilegrar valdbeitingar. Við þetta bætist að hin skýru mörk sjálfsverunnar, og annarra gefinna eininga almennt, ala á óþoli og hvetja til þess að mörk séu rofin: til sköpunar handan hinna gefnu eininga.

Í stýringarsamfélögum er valdið hins vegar falið, eða öllu heldur kemur það ekki lengur utanfrá og er því ekki jafn *sýnilegt*. Stýring notar hvorki bönn né skipanir og setur engin skýr mörk ólíkt státskum aðferðum ögunarformanna. Hið nýja lífvald stýrir dýnamík sjálfsverulífsins í þær áttir sem henta útþenslu kapítalismans, í átt til gagnvirkrar framleiðni og neyslu: *Frelsið sjálft verður neysluvara*.<sup>30</sup> Einkenni *staklingsins*,<sup>31</sup> (ein)staklings stýringarsamfélaganna, felast í því að hin skýru mörk sjálfsemdar (sem einkenndi hinn sjálfráða og sjálfsprottna einstakling upplýsingarinnar og mannhyggjunnar) rofna, munurinn á innan og utan hverfur. Langanir, þrár og sköpunargáfa staklingsins taka þá stefnu sem þeim er vísað í af félagspólitískri framleiðslu hins póstmóderníska kapítalísma, sem er staklingnum ekki lengur utanaðkomandi heldur beinlínis hluti hans.<sup>32</sup>

Krafan um að vera einstakur og skapandi er í dag alltumlykjandi: herferð Pepsi „be free“, „just be“ (Calvin Klein) og „þetta er þín hugmynd“ Símans endurspeglar hana. Vertu uppreisnarmaður, það hjálpar okkur við að fjölfalda lífstíla og þenja út framleiðsluna. Hinn „hættulegi“ skapandi einstaklingur nútímans er að hverfa. Í hans stað kemur hinn gagnvirk skapandi staklingur eftirnútímans: Listamaðurinn sem er framkvæmdastjóri á auglýsingastofu.

## 11. september: síðasta listaverkið

Hvers vegna kallaði þýska tónskáldið Karl Heinz Stockhausen atburðinn 11. september stærsta listaverk allra tíma (*das größte*

*Kunstwerk, dass es je gegeben hat*)? Hvaða þýðingu hafði atburðurinn og hver eru tengsl hans við listasöguna? Hvað breyttist?

„Atburður“ er lykilorð í þessu samhengi. Lista- og sköpunarsaga nútímans snerist um framleiðslu á atburðum (*événement*). „Atburðurinn“ er staðurinn sem liggur á milli eininga og samsemda, staðurinn sem ekki verður skilgreindur með hinum þegar gefnu kategóríum og samsömunum. „Atburðurinn“ er staðurinn þar sem mismunurinn eða hreyfingin á sér stað. Rof marka og gefinna eininga er til þess að hrinda Atburðinum af stað. Um þetta snerist listframleiðsla nútímans, að brjóta upp hina óbærilegu stöðnun gefinna formgerða og eininga til að hrinda af stað atburði með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Vel heppnað listaverk fólst í því að hrinda af stað atburði þar sem listfræðingar, heimspekingar og fagurfræðingar, fulltrúar innlimunarstofnana lífvaldsins, stóðu ráð- og orðlausir og allt að því „hneykslaðir“ að hætti smáborgarans. Líftími listaverks var þá hinn sami og líftími atburðarins, eða allt þar til að innlimunarvélin hafði náð tókum á viðkomandi atburði, skilgreint hann, stoppað hreyfingu hans og sett hann á rétta hillu menningarlíkhússins.

11. september var atburður sem snerist frekar um tilkomumikið sjónarspil en hernaðarlegan ávinning.<sup>53</sup> Rétt eins og listaatburður rauf hryðjuverkagjörningurinn mörk hins gefna: almætti Bandaríkjana. Lýsandi fyrir þetta ástand óvissunnar voru titrandi raddir fréttamannana sem lýstu atburðinum í beinni, fullir óöryggis á meðan helsta stoð heimsins vaggaði á grunni sínum (og vantaði bara að þeir segðu eins og Dostojevskí forðum „ef Guð er dauður er allt leyfilegt“).

Á þennan hátt má skilja orð Stockhausens á þann veg að 11. september hafi verið atburður þar sem rofin voru mörk hins gefna og heimsbyggðin upplifði óöryggi hreyfingar og ófyrirsjáanleika. En ef þetta var stærsta listaverk nútímans var þetta jafnframt síðasta listaverk nútímans. 11. september markar endalok „atburðarins“ eins og við þekktum hann í nútímanum.

Það bendir margt til þess að líftími atburða (og þar með listaverka) hafi stöðugt verið að styttest í nútímanum. Þannig tók það mun lengri tíma að koma klósettskál Duchamps í rétta hillu menningarlíkhússins heldur en Monroe Warhols. Og síðustu fjóra

áratugi, sem marka umskiptin frá nútíma yfir í eftirnútíma, verður orðleysis eða hneykslanar sjaldnast vart. Hið athyglisverða við 11. september að þessu leyti er að nánast frá upphafi atburðarins (kannski að undanskildum fyrstu einum eða tveimur klukkustundunum) er honum stýrt. Innlimunarvélin var þegar að verki í hinu hnattræna upplýsingaflæði beinu útsendinganna. Ríkisritskoðun var komin í gang eftir fáeina tíma, ákveðið var að sýna hvorki sviðin lík né limlesta líkama o.s.frv.<sup>34</sup> Stýringin á sér stað þegar í atburðinum sjálfum og er því ekki lengur innlimunarviðbragð eftir að atburðinum hefur verið hrundið af stað, eins og tilfellið var í nútímanum.

Ef eitthvað er til í þessari túlkun á 11. september, þá er hann dæmi um færslu frá nútíma til eftirnútíma, frá ögun til stýringar. 11. september markar þá endalok lista og sköpunar nútímans, sem verða að finna sig upp á nýtt ef þau eiga að hafa eitthvert vægi í eftirnútímanum. Þessi vandi takmarkast ekki við listasviðið heldur teygir hann anga sína inn á svið gagnrýnnar á tímum eftirnútímans.<sup>35</sup>

<sup>18</sup> Mynd Woody Allens *Small time crooks* (2000) sýnir þetta ágætlega. Þar efnast smáglæpamenn af lægri stigum og vilja tileinka sér menningu „aðalsins“ sem hirðir af þeim peninga til menningarstarfsemi en hlær og hæðist að þeim fyrir smekk- og menningarleysi þeirra.

<sup>19</sup> Sjá ítarlega umfjöllun mína og Davíðs Kristinssonar um endurkomu-kenningar Nietzsches í „Hvers er Nietzsche megnugur“, *Heimspæki verðandinnar, Ríóm, sílfjar og innrætt viðfræði*, ritstj. Geir Svansson, Reykjavík, 2002.

<sup>20</sup> Sjá Gilles Deleuze, *Différence et répétition*, París, 1968, bls. 59.

<sup>21</sup> Sjá Davíð Kristinsson og Hjörleif Finnsson „Hvers er Nietzsche megnugur“, bls. 118-122.

<sup>22</sup> Þýski félagsfræðingurinn Ulrich Beck greinir grundvallarumbreytingu á viðfangi félagslegra átaka í kringum 1960-70, þar sem í vestrænum

samfélögum fer samfélagið að snúast um öryggiskröfur og öryggisframleiðslu frekar en að metta munna eða að skipta efnislegum gæðum jafnar. Þar með verður hlutverk ríkis og samfélags að tryggja öryggi gagnvart áhættum frekar en að skipta brauðinu jafnt. Sjá Ulrich Beck, *Rískogsvæðing. Auf dem Weg in eine andere Moderne*, Frankfurt, 1986.

<sup>25</sup> Sjá Jóhann Ágúst Sigurðsson „Viðbrögð við óhamingju“, *Sjúkðómsvæðing*, Reykjavík: Fræðslunet Suðurlands/Siðfræðistofnun/Háskólaútgáfan, 2004, bls. 21-28; einnig ritdóm minn um sama rit sem bíður birtingar í Hug, 2005.

<sup>24</sup> Michel Foucault, *La volonté de savoir*, París 1976, bls. 183, skáletrun í frumtexta.

<sup>25</sup> Sjá nánar Hjörleif Finnsson, „Af nýju lífvaldi“, *Hugur*, 15. árg. (2003), bls. 174-95.

<sup>26</sup> Sjá Gilles Deleuze, „Eftirmáli um stýringarsamfélög“, þýð. Garðar Baldvinsson, *Ritið*, 1/2000, bls. 155-162, þýðingu breytt lítilllega.

<sup>27</sup> Fullkomin þessarar gerðar eftirlits felst svo í „panoptíkinni“, þar sem nægjanlegt er fyrir lútandi einingar að hugsanlega sé fylgst með þeim til að þær geri það sem til er af þeim ætlast. Sjá Michel Foucault, *Surveiller et punir*, París 1975.

<sup>28</sup> Antonio Negri og Michael Hardt, „Lífþólitísk framleiðsla – ásamt formála að Veldinu“, Viðar Þorsteinsson þýddi, *Hugur*, 15. ár (2003), bls. 157.

<sup>29</sup> Sbr. upplýsinguna, en eitt af meginvandamálum stjórn málaheimspeki hennar er að skýra hvernig hin sjálfstæða og sterka eining maðurinn getur lotið framandi valdi eins og t.a.m. ríkisvaldi á réttmætan hátt. Sjá t.d. Jean Jacques Rousseau, *Samfélagsáttmálinn*, Reykjavík, 2004.

<sup>30</sup> Fjölmörg nýleg dæmi eru til um það hvernig vörur eru seldar undir merkjum frelsisins, þar sem viðkomandi vara er lykillinn að frjálsu lífi. Augljóst dæmi eru „frelisikort“ símafyrirtækjanna, þar sem varan sjálf heitir „frelsi“.

<sup>31</sup> „Staklingur“ er þýðing á hugtakinu *dividual*. Deleuze notar hugtakið til að skýra breytingar á gerð sjálfsverunnar í færslunni frá ögunarsamfélögum til stýringarsamfélaga. Einstaklingurinn (*individum*) verður að staklingnum (*dividum*), sem ólíkt hinum fyrrnefnda hefur engin skýr mörk sjálfsemdar. En þrátt fyrir að vera skilgreindur af tengslum sínum er staklingurinn (sem einnig mætti kalla deiling) bæði dreifður (klofinn) og einangraður. Hann



er afurð róttækrar einstaklingsvæðingar sem leysir af hólmi hinn sterka einstakling upplýsingar og mannhyggju. Sjá Gilles Deleuze, „Eftirmáli um stýringarsamfélög“, þýð. Garðar Baldvinsson, *Ritið*, 1/2000, bls. 155-162.

<sup>32</sup> Í þessu samhengi má segja að kapítalismi samtímans sé Deleuzískur að því leyti sem hann notfærir sér hinn skapandi kraft sem Deleuze og Guattari greindu í löngunum og þráum.

<sup>33</sup> Sjá Slavoj Žižek, *Welcome to the desert of the real*, bls. 11.

<sup>34</sup> Sjá Slavoj Žižek, *Welcome to the desert of the real*, bls.13. Velta má fyrir sér hvort ríkisritskoðunin á örlögum fórnarlamba árásarinnar hafi ekki átt með slíkri myndhreinsun sinn þátt í því að gera þá martröð sem átti sér stað innan byggingarinnar að ytra listaverki – ekki ósvipað því þegar árásaradalilar í Persaflóastríðunum sýndu meintan fullkomleika loftárásanna með því að setja á svið tilkomumikið sjónarspil og sýna aðeins útveggi mannvirkjanna úr háloftunum en hindra með ritskoðun að sjónvarpsáhorfandinn fengi að skyggast inn í blóði drifið „listaverkið“.

<sup>35</sup> Ég þakka Davíð Kristinssyni, Birni Þorsteinssyni og Hauki Má Helgasynti gagnlegar ábendingar og gagnrýni.

---

*Hjörleifur Finnsson (1969) varð BA í heimspeki 1995 og stundaði frjálst nám við Freie Universität. Hann hefur skrifað um Deleuze, Guattari, Nietzsche o.fl., íslenska siðfræði, og þýtt bókina Ríðóm eftir þá Gilles Deleuze og Felix Guattari.*

## Ónýti heimur

Þegar eitthvað gengur ekki er það oft ónýtt.

Til dæmis kaffivélin sem er eiginlega alls ekki ónýt. Kannski er það bara mótörinn. Eða pumpan.

En þó er það stundum þannig að eitthvað gengur ekki, því að eitthvað er tómt. Til dæmis þegar enginn bjór kemur úr dælunni, þá getur tunnan verið tóm. Eða þrýstiflaskan. Ónýtt er þetta eiginlega ekki. Þrátt fyrir að svona lagað geti gert knæpuna hundónýta. Líka þegar nær öll glösin eru enn óskemmd.

Á hinn bóginn ganga klósett stundum ekki af því að þau eru of full. Klósett standa mannfólkinu nær en þrýstiflöskur. Sumir gestir geta heldur ekki gengið af því að þeir eru ónýtir. Þess vegna drekka þeir stundum of mikið. Það er sem sagt greinarmunur á hlutunum. Klósettin eru fyrst ónýt þegar þau eru of full. Við getum líka nefnt þetta að virka.

Eða einmitt ekki.

Sumir gestir ganga alls ekki. En þegar þeir hegða sér vel, gengur það alveg upp.

Stundum koma alls engir gestir. Þá verður knæpan ónýt. Af því að hún er tóm. Eins og þrýstiflaskan. En þá tekur maður hvort sem er ekki eftir því lengur.

Kakkalakkur ganga auðvitað heldur ekki. Þeir hlaupa oftast. Ef þeir myndu ganga væri auðveldara að eyðileggja þá. En þeir myndu hvort sem er ekki ganga. Það segir okkur hreinlætisfræðin.

Hjá mér gengur stundum heldur ekki neitt. Þá fæ ég mér einn snafs & sjá, mér gengur betur. Stundum læt ég skrifa hjá mér. Það gengur eiginlega. Þó að í raun og veru gangi það auðvitað alls ekki. Því þegar

ég er síðan fullur & kassinn enn tómur, af því að minn kassi er tómur, sem er jú ástæða þess að ég drekk mig fullan, því líf með tóman kassa er einhvernveginn ónýtt líf, - þá gengur knæpan sjálf einhverntímann ekki lengur.

Eða pumpan.

## Drykkja

Brennivín er ekki hollt. En þannig er það bara. Caro-mjólkurkaffi á t.d. að vera hollt. En kostar aðeins erfiði. Nýpressaður appelsínusafi enn meira. Gefur ekki mikið. Aftur á móti glas af viskíi, ekki málið. Nema glösin séu búin. Eða flöskurnar. Það getur jú komið fyrir. En gefur mun meira. Og vel á minnst, einnig gestunum. Flestir eru fullir eftir tvo, þrjá viskí. Snælduvítlausir & háværir. Það gefur að vísu vel, en kostar einnig sitt. Nefnilega taugar. Og þessi hlægilegu laun [sjá þjóna]! Ef gestirnir hafa verið háværir, sofna þeir oft. Fyllibytturnar. Þær verða að vísu hljóðari, en óálitlegar. Einhvernveginn. Þær rífast líka oft um reikninginn. Og vilja síðan fá einn í viðbót. Með illt augnaráð. Eins og þær viti upp á hár að verið sé að pretta þær. En geti bara ekki sannað það. Það kemur nú ekki alltaf fyrir. En fer alltaf í pirrurnar eins og það væri þannig. Nú þegar hefur verið minnst á taugarnar. Þær sjá síðan eftir því að hafa ekki prettað bytturnar. Við þessar aðstæður fær maður næstum aldrei þjórfe. Eða þær eru fullar af fyrirlitningu. Þó það.

En eplasafi með sóða er næstum því alveg út í hött. Til þess þarf að hella úr tveimur flöskum. Báðar næstum alltaf tómar. Hvern fjandann er hin vaktin að hugsa? Eintóm vinna. Og svo líka með ísmolum. Það tryggir ekki einu sinni almennilega hegðun. Eða kakó. Það er kallað heitt súkkulaði & kostar ekkert nema vinnu. Og óhreinindi. Óhreinindi kosta

jú líka vinnu. Sérstaklega þegar uppþvottavélin er biluð. Hugleiðið það. Hvað brennivínið varðar þá eru það bara fyllibyttturnar sem kosta vinnu. Ekki bara, en samt. Hinir gera það meira að segja líka. Að viðbætti miklu meiri vinnu. Gefa minna. Þetta skipulag er einhvernveginn ömurlegt.

## Þjónar

Þjónar eru augljóslega fólk sem á við vandamál að stríða. Það sér hver kúnni. Það að maður sé sjálfur vandamálið [sjá knæpu], sér maður ekki.

Þjónar þjóna. Það gerir þá einhvernveginn hálfvitalega. Næstum hvaða hálfviti sem er, er afgreiddur. Stundum. Maður afgreiðir hálfvita. Það hækkar sjálfsálitið. Maður getur jú líka sagt „nei“. En það virkar yfirleitt asnalega. Það er nefnilega ekki gott að vera þjónn. Það leiðir til hroka & vanvisku. Að sleppa því að afgreiða er þá einasti möguleikinn. Þrælhalld telst jú vera afnumið. Af & til verður maður samt að afgreiða. Það er staðreynd. Illa borguð. Fyrir lítinn aur er góðrar hegðunar krafist. Og afgreiðslu. Gestir þurfa aðeins að borga. Heimska hegðun & blaður veita þeir ókeypis. Þjónar mega ekki gera þannig lagað. Allavega eiginlega ekki. Sumir gera það samt. Oft kemur ekkert annað til greina. Með þessi smánarlegu laun! Og þjóf fé er ekki það sem áður var. Sem sagt þjónar ættu að geta leyft sér eitthvað. Allt. Næstum allt. Á meðan það stemmir eftir á. Og einungis ef þeir afgreiða við og við. Eða þá ekki. Það er háð því hvort einhver kjafti frá.

Þjónar þola ekki gesti. Eigi að síður nokkra. Bæði á þennan hátt og öfugt. Afgangurinn er bara vinna. Stress fyrir Peanuts. Epli & egg. Hvað á maður að gera með þetta? Sumum gestum líkar við suma þjóna. Enn meira stress. Fyrir þetta litla þjóf fé. Á maður þá líka að segja „takk“! Byggingaverkamenn t.d., fá helmingi meira. Í það minnsta. Og ef einhver

steinn virkar asnalega á þá, kasta þeir honum bara í burtu. Og koma svo að kvöldlagi og segja þjóninum það. Af því þeim líkar við hann. Hann þjáist af því.

---

*Lothar Feix (1954-2002) hefur oft verið nefndur „heimspekingurinn frá Prenzlauer Berg.“ Í því hverfi í Berlín bjó hann alla sína tíð. Sjálfur kallaði hann sig „langtímaatvinnulaust tækifærisskáld.“ Lothar Feix starfaði lengi sem barþjónn á Cafe Torpedokäfer – alræmdri skálda- og gáfnamanna-, pönk- og anarkistaknæpu í austurhluta Berlínar. Textarnir eru fengnir úr bókinni Kneipen 3 so'n Zeugs (Knæpur 3 svona dót). telegraphsurrogate #1, 2002. Birt með góðfúslegu leyfi forlagsins: [www.telegraph.ostbuero.de](http://www.telegraph.ostbuero.de).*

*Jón Bjarni Atlason þýddi.*

Anne Duden

## Van Gogh heldur til vinnu

Van Gogh heldur til vinnu  
á brattri þverhníptri leið.  
Jörðin brennir hann undir fótunum  
í myrkri köldu.  
Stöðugt hraðar streymandi hraunbreiða híbýli hans.  
Eldhnöttur, fljótandi sól.  
Ekki stoppa, áfram.  
Tiplandi af einum fæti yfir á annan.  
Ekki standa, sitja, liggja kyrr.  
Allt sviðnar.  
Skíðakappi á leið niður rauðglóandi braut.  
Til vinnu.  
Og eilíft meðfram þessum svarta loftgeim  
sem hann mun líða inn í – sem reykur –  
að afloknu verki. Eða áður.  
Áfram. Til vinnu.  
Ekkert annað gengur lengur.  
Meira að segja hin léttasta ferðaliggja  
myndi hverfa niður í flóktandi hitanum  
og sporlaust breytast í fljótandi form.  
Án gríns. Limir hans dæmdir eilífum stirðleika.  
Aldrei skal hann fá að leggja sig aftur.  
Aldrei skal honum veitt stundarró.  
Það er ekkert ljós.  
Við hlið eldstraumsins ekkert nema óendanlegur næðingur.

En hver varpar bæklaða skugganum  
á eftir og undir honum.  
Eða er hann byrjaður að renna til.  
Er nú þegar komið að feilspori hins komandi falls?  
Gakktu hraðar, van Gogh, til vinnu.  
Hlauptu. Kannski er ennþá smá tími  
milli ísingar og glóðnunar.  
Enginn vafi, hann hleypur sig til dauða  
við þessar vinnuaðstæður.  
Nokkrar myndir enn  
málaðar með eldvörpunni af fullum krafti  
enn einu sinni gegn síðasta múrnum, striganum.  
Farteski hans vill ekki léttast.  
Hann þyrfti að brenna sig út  
hefja eldhrið af lífi og sál eins og blótsúthellari.  
Þá – það hefur nú þegar gerst –  
rennur dökkur blár upp fyrir honum,  
teygjandi úr sér í allar áttir út sjónarsviðið,  
sumarlega skýjaþykknið aðeins að hluta rofið  
með gulgrænum ökrum og engjum.  
Úr þessari mynd kemur enginn aftur lifandi.  
Hann verður að ganga alveg inn í miðjuna  
grafa sig inn í hana, brjóta upp ásinn  
eða kremjast í þrengslunum skyndilegu.  
Jörðin nær of hátt, himinninn of djúpur.  
Hann sér skýjaduluna flýja myndina órólega  
hið sterkasta bláa verða stöðugt holara.  
Hann yrði að komast í gegn.  
Ennþá alveg fremst og þegar agnarsmár að baki  
hópur rauðra blómhöfða.  
Eins og refagildra fellur það saman yfir hann.  
Hann hefur gengið of langt.  
Van Gogh er dauður.  
Lést við störf sín.  
Reykur hans stígur upp í næðinginn.  
Krypplingsskuggi hans líður áfram á endalausri hringbraut.

---

*Anne Duden er fædd 1942 í Oldenburg í Þýskalandi. Hún býr í London og Berlín. Ljóðið Van Gogh heldur til vinnu er tekið út bókinni Wimpertier (Kiepenbeuer & Witsch (c), 1995). Þýðingin er birt með góðfúslegu leyfi forlagsins. Jón Bjarni Atlason þýddi.*



## Úr „Þeim dýru dauðu – 33 grafskriftir“

„Laus niðurfallsrist kom lögreglunni á spor...“  
Stúlku (16) sem saknað hafði verið  
Síðan leit hófst fyrir nokkru. Andlit hennar

Útmáð eftir öfugt fall niður í holræsið  
Líktist engu þeirra á myndunum. Hver sú látna  
var  
Upplýsti armband með hástafnum C.

„Hvern höfðu þessi augu nú síðast séð?“

Hamingjuóskir lögreglunnar. Lausnarorðið  
Var að þessu sinni blíður.

Í nágrenni Dakars, rétt áður en regntíminn brast á, henti það  
Í örvilnun að Evrópuuppgefinn Evrópubúi, verkfræðingur,  
Kveikti fyrst í bíl sínum og svo sjálfum sér.

Við vegbrún rykfallins slóða, brök og braggar á  
Báðar hendur svo langt sem augað eygði  
Og hundstrýnin það eina raka vítt og breitt,

Varð vélarbilun fyrirboði örlaga hans. Á stundarkorni  
Umturnaðist fagmaðurinn í ófreskan mann  
Sem í vélarhlutum bilaðrar tækni óvætti Afríku sá.

Og enginn varahlutur kom honum aftur til bjargar.

Atvik í kvikmyndahúsi í Amsterdam. Á síðustu  
Frumsýningu, þar sem hetjan hét James Bond,  
Lést undir lok sýningar við yfirgnæfandi soundtrack

Af skotum, dekkjalyfri, sprengingum og öskrum  
Velþekktur gagnrýnandi og kvikmyndaspekúlant að störfum.  
Ekki fyrr en að ljósin kveiktust, afkynningin enn í gangi,

Fann einn af lesendum hans hann í salnum  
Sællega sofnaðan og liggjandi fram úr sætinu,  
Frjálst eftir tökuhandriti hjartaáfalls, markmiðinu náð.

Eins og Mr. 007 hafði hann staðið við skyldur sínar.

Var það legsteinn á Balkanskaganum, tafla  
Við grafhýsi (grískt? rómverskt? býsantskt?)  
Minningarreitir engum ætlaður einhversstaðar við Svartahafið?

Stóðu þar á lágmynd úr bronsi, höggvin í granít, grafin í marmara  
Í raun og veru þessi ógnvænlegu orð „Kem strax aftur“?  
En á hvaða máli, fyrir hvern?

---

*Durs Grünbein fæddist 1962 í Dresden. Hann er búsettur í Berlín. Grünbein er aðallega þekktur sem ljóðskáld en einnig fyrir esseyjaskrif og þýðingar. Verk hans hafa verið þýdd á fjölmargar tungur. Textarnir eru teknir úr bókinni: Durs Grünbein, DEN TEUREN TOTEN. 55 Epitaphe (Þeim dýru dauðu. 55 grafskriftir). (c) Subrkamp Verlag. Frankfurt am Main, 1994. Þýðingarnar eru birtar með góðfúslegu leyfi forlagsins.*

*Jón Bjarni Atlason þýddi.*

## Af skáldum

Þegar ég var lítil hafði ég afskaplega háar hugmyndir um skáld. Ska-úld. Að kynna sig sem skáld var að kynna sig sem Messías endurborinn; ekki séns að maður gæti staðið undir titlinum. Að vera rithöfundur var djögg, að vera skáld var að eiga sér æðra lífshlutverk. Einhvern veginn var forskeytið nóbel- alltaf fast við orðið og þar af leiðandi áttum við Íslendingar aðeins eitt skáld. Sem dyggur barnaskólanemi í Laxnessfasisma taldi ég að sú fullyrðing gæti alveg átt við rök að styðjast.

Hlutirnir hafa tilhneigingu til að verða flóknari með tímanum, því er nú andskotans miður. Fyrir það fyrsta fór ég að lesa Laxness og komst að því að ef þetta væri eina skáld Íslendinga væri þjóðin verr stödd en mig hafði grunað. Í öðru lagi hófust kynni mín af þeim sérkennilega hópi fólks sem kallar sig skáld. Og í þriðja lagi fór þetta sérkennilega fólk einhverra hluta vegna að telja mig til sín. Sjálfsmyndarkomplex dauðans, og upp úr þessu varð ég að endurskoða hugmyndir mínar um hið æðra lífshlutverk, ég sem alltaf hafði bara ætlað að verða steinasafnari eins og Petra á Stöðvarfirði.

Ég man fyrsta upplesturinn; húsfyllir af skáldum á írskum pöbb og ég nýskriðin upp úr gaggó með jarðfræðibókina á hnjánum. Man hvað ég varð fúl þegar ég var kynnt með nafni og fæðingarári – as if. Ég man þreytuleg verðlaunaskáld með ljóðabæklinga þyngdar sinnar virði í gulli og frakkaskáld sem lásu heilar bækur með höktandi tempói og kvenskáld sem skræktu verk sín í leikrænni tjáningu og léleg skáld og hæfileikalaus skáld og skelfileg skáld. Það voru merkilega mörg bigsjotts þarna innan um smáspámennt og

netskáld eins og mig, skáld með fálkaorðuna í innanávasa sem koma alltaf í Fréttablaðinu á afmælisdaginn sinn og aflýsa dauða ljóðsins um sinn, að minnsta kosti þangað til þau hrökkva sjálf upp af.

Það fylgdu önnur kvöld og önnur skáld, yngri, drukknari og orðljótari en hlutfallslega ekkert betri þrátt fyrir djarflegaryfirlýsingar í vímu augnabliksins. Aðrir staðir. Írskir pöbbar, hnakkaholur, Fischerbúllur, hrjóstrugir listasalir, leðurklæddar koníaksstofur, rökkvaðir rokkaraklúbbar. Skáld lásu upp með Christinu Aguilera í eggjandi dansi á MTV fyrir aftan sig þegar vertarnir nenntu ekki að slökkva á skjávarpanum. Af neðri hæðum þar sem Fjölurinn tattu sat með Bacardi Breezer Coconut kom rónakona og settist í fang skálds og neitaði að færa sig fyrir en hún var borin burt eftir að hafa kastað glasi í vegg. Á hvalaskoðunarbát stigu skáld ölduna við lesturinn meðan smákrakkar köstuðu sér æpandi niður stigann og vöktu snöggum meiri áhuga. Og það var annað krád líka; ekki bara skáldsystkini heldur líka ættingjar þeirra, rauðvínssötrarar í bæjarleyfi, sauðdrukknir ljóðaunnendur í andlegu ójafnvægi sem vaða uppi með frammiköllum og gagnrýni á skáldaúrvalið („þið kallið þetta skáldaspírukvöld en hér er enginn Gunnar Dal“), unglingar flissandi yfir píkuhárum og ríðingalíkingum, útgefendur á skáldaveiðum, einstaka menningarplebbar, fyllibyttur og fastagestir.

Skáldingrænka og roðna á víxl undir upplestri kolleganna, stressuð eða sigri hrósandi, allir vilja vera bestir, allir eru bestir, spurningin er bara hvort áhorfendur fatti það. Skáldin eru feimin og hrokafull, aldrei neitt þar á milli. Þau hafa hérahjarta þrátt fyrir hrokafullt yfirborð eða lesa feimnislega þrátt fyrir þá bjargföstu fullvissu að þau séu best. Sum eru á kafi í heitapottsgrunnum vangaveftum um skáldskapinn og lífið með klisjurnar og eignarfallseinkunnina að vopni, önnur drekkja áheyrendum í torræðum sýmbólisma, enn önnur, einkum konur, ausa úr skálum tilfinninga sinna með tungutaki smekklausra táningsstúlkna... sum eru góð. Allt eru þetta skáld, ska-úldin skáld haldin krónísku mikilmennskubrjálæði sem brýst út í ég-veit-betur-legum brosglöttum undir annarra lestri og móðursýkislegum ræðuhöldum um bága stöðu íslenskrar ljóðlistar í höndum allra nema skáldsins sjálfs og vina þess. Eðlilega. Þetta er ekkert nýtt. Það er ekkert nýtt í íslenskri ljóðlist.

En mikið djöfull leiðist mér það þegar þessi ræðuhöld brjóta sér leið út úr drykkjuröflinu og einkasamtölum við hin skáldin sem eru að redda ljóðinu. Þessi blessuðu skáld eru nefnilega alltaf að skrifa. Ekki bara ljóð, stundum er eins og þau geri minnst af því að skrifa ljóð, heldur blogg og greinar og gagnrýni og pistla. Um ljóð. Og önnur skáld. Þau gefa jafnvel út heilu bækurnar með þessum fyrirlestrum og hafa yfirleitt margt að segja og ýmislegt að athuga við ljóð og skáld og útgefendur og almennt við það hvernig guð almáttugur kom hlutunum fyrir.

Þessir pistlar byrja mjög oft á orðunum *Íslensk ljóðlist er...* Og síðan hefjast langar vangaveltur um það hvernig íslensk ljóðlist er. Hún er of meinlaus, of klisjukennd, of nostalgísk, of meðvituð, of fáfróð, of hrædd, of léleg. Skáld eru eins og framhaldsskólanemar í frönsku 703 sem kvarta yfir því heilu kennslustundirnar að þeir geti ekki myndað heila setningu á frönsku. Þeir kvarta í tímum og þeir kvarta þegar þeir nenna ekki að læra heima. Auðvitað lærir maður ekkert á því að kvarta, nema maður geri það á frönsku. Maður verður ekkert betra skáld á því að væla og það verður enginn annar betra skáld heldur. Við eigum fullt af gagnrýnendum sem sjálfir eru hæfileikalausir á sviði skrifa og geta því helgað sig djobbinu. Ef skáld myndu verja þeim tíma sem þau eyða í að gagnrýna íslenska ljóðlist í að fara sjálf eftir eigin ráðleggingum ættum við heimsmet í gæðaskáldum.

Ég hef sjálf ýmislegt að athuga við önnur skáld. Ég hef margar hugmyndir varðandi það hvernig hægt væri að yrkja betri ljóð. En ég ætla bara að nota þær sjálf.

---

*Kristín Svava Tómasdóttir (1985) er ljóðskáld og stúdent. Hún er fráfaraandi formaður nemendafélagsins í Kvennaskólanum í Reykjavík.*

## Staða ljóðsins að nauseum og drukkun

Ljóð, hlutverk ljóðsins, staða ljóðsins, dauði ljóðsins... Sannleikurinn er sá að ég hef fyrir löngu fengið drepleið á allri umfjöllun um ljóðlist og stöðu hennar. Og er ekki einn um það. Líklega er andstæðan við ljóð einmitt umfjöllunin um stöðu þess. Með hana má fara í endalausar hártoganir og hlykki, taka kollhnísa og kúvenda og snúa henni gegn sjálfri sér, snúa upp á hana, taka hana í hælkrók og spana fram úr umræðunni með stæl, splunkunýju andstæðupari og alhæfingu og komast svo að því að allt sé eins og best verður á kosið. Ekki er ólíklegt að öll bókmenntaform eigi sér sinn tíma og sjálfsgagt er blómatími ljóðsins að baki af ýmsum ástæðum. Staða ljóðsins hvað varðar lesendafjölda er vond og þarf ekki að fjölyrða um það meira.

En um nokkurt skeið hefur herjað á mig kennd eða grunur sem ég hef ekki komið í orð; nokkurn veginn þetta: Í ljóðinu felst eitthvað sem önnur bókmenntaform búa ekki yfir. Þetta *eitthvað* gæti verið samtímanum meiri nauðsyn en flest annað.

Hvaða *eitthvað*?

Einhvers konar dómsdagskennd, grunur, feigð án tvíveðrungs, íróníulaust hugboð um endalok siðmenningarinnar. Það hugboð hefur vel að merkja alltaf verið til staðar í menningunni og þarf vísast að finna sér útrás einhvers staðar. Og ég er ekki viss um að gott sé að koma þessum órökvísa grun – þessu rugli – til skila í öðrum formum en ljóði. „Porque conozco el día que me espera/y no por el placer“ orti Jaime Gil de Biedma, „því ég þekki daginn sem bíður/og ekki af góðu“, mætti kannski þýða. Ljóð hans fjallar um það að fara á fætur,



Það er engin sérstök ástæða til þess. Nei, það er hreint engin ástæða til þess að fara á fætur, dagurinn er uggvænlegur og einatt blikur á lofti. Blikurnar komast ekki fyrir í prósa, þær eru þungar í vöfum og óljósar, þunglyndislegar, leikvana og írónúlausar, oft hámenntaðar, þrungnar af vísunum og menningu og auðveld bráð ef einhver vill spotta þær. Og þeim fylgir þungur klafi: Skáldið.

Skáldið hefur fetað sig svartklætt og kufklætt sinn dimma veg frá 19. öld, dauðvona með tæringu og berkla og feigð og ógæfu í sokknum augunum, hárið út í loftið, halt á hægra fæti, eigrandi í húmi og þoku. Hver þjóð á sér prótótýpu af skáldi, ég hef dálæti á einu þeirra: Hann hét Manuel Antonio (1900-1930), sendi aðeins frá sér eina bók og dó svo ungur. *De catro a catro – Frá fjögur til fjögur* – heldur nafni hans á lofti um eilífð, hún er uppfull af brælu og sjógangi, krönsum og skipbrotum, hún er „kokkteill af sjóndeildarhringum“, furðuleg blanda af framúrstefnu tímans og galisískri sveitamenningu. Að gefa út eina bók og deyja svo, hvað viltu hafa það betra? Að vísu þarf bókina að vera góð. Og hún er góð – þótt hún yrði líklega ekki vinsæl núna því tímarnir eru aðrir, ekki er víst að þeir séu með öllu verri en þeir leggja síður eyrun við hugboðum um feigð, ölaði, sótthitatali og öldugangi, þeim væri hollt að heyra slíkt af og til úr fjarskanum.

Því hagvöxturinn verður sífellt meiri, vöruskiptajöfnuðurinn betri og fjörið fyndnara, einhvers staðar verður andstæða þessa alls og skuggahlið að vera. Ég á ekki við raunsæislega ranghverfu á kaldri mynd, ranghverfu sem hefur hlutverki að gegna og stefnir til sigurs um síðir í fullkominni sjálfsfórn – það er brotalöm í öllu – heldur í mesta lagi þá hlið skugganna þar sem er nógu svalt til að hringja þeim vanhelgu bjöllum sem má hringja til að boða dómssdag eða nýtt ár eða nýja vinnuviku, hvetja til almennrar uppgjafar og hlúa að örvinun og vonleysi. Að lesa ljóð Manuel Antonios er líkt því að sjá dúfuna eftir niðurdýfingu í skírni.

Ekki það, ýmsu má koma fyrir í prósa eða rokklagi. Höfundur sem ég les gjarnan þykir mér vera sönnun prósans á eigin gildi: Einhver biður um eitthvað á síðu 70, fimm síður fara í að viðmælandinn veltir fyrir sér merkingu orðanna, ber saman við annað, hugsar um hvað búi að baki, um merkingu orðanna, hvað það sé að biðja um eitthvað, á síðu 74 svarar hann loks. Prósi sem

hugleiðing eða analýsa, greining, tilraunastofa um mennska tilveru. Ljóð væri hvorki spurningin né svarið né heldur vangavelturnar þar á milli heldur kenndirnar sem komast ekki fyrir í prósanum, stöðug meðvitund sögupersóna um yfirvofandi dauða og tortímingu, birta og ylur sem af þessu stafar, annarleikinn sem felst í hugsuninni um tímann sem líður á milli spurningar og svars og prósin hefur nóg af. Ljóð skera oddinn af oflæti orðanna.

Það er auðvitað freistandi að andæfa þessu hefðbundna tali um ljóðið sem lágvært og lítið og sætt. Það hafa verið til ýmsar gerðir af ljóðum og andljóðum, hávær ljóð, stórkallaleg ljóð, groddaljóð, þó er eins og þau leiti í lofttæmi, fútúrismi Manuels Antonio var nátengdur sjómennsku og hann kyrkir þrátt fyrir allt merkinguna úr stökum orðum og setur á við og dreif og í stillur í einu bókinni sem hann gaf út svo þau verða þrungin og þung en æða samt um léttfætt í öläði. Löngu síðar var gefið út fleira eftir Antonio, óútgefin handrit, *Foulas* heitir eitt þeirra, *Sjávarlöður*. Þar er framúrstefnan óbeislaðri en þessi sömu orð enduróma líkt og hann hafi fundið í þeim merkingu lífs síns: Kjölfar, kompás, úthaf, sjóndeildarhringur, Suð-vestanvindur, skipbrot. Manuel Antonio var stýrimaður og eina útgefna bókina hans var skrifuð á vöktum, frá fjögur til fjögur. Þetta er bókmenntagrein sem aldrei varð til á Íslandi, furðulegt nokk, sjómennskulýrik með óráði og framúrstefnuívafi.

Martraðakenndustu martraðir, bækurnar sem komu út eftir dag Antonios komast ekki í hálfkvisti við *De catro a catro* sem ber undirtitilinn *Lausablöð úr skipabók*. Bókin snýst um ferð og siglingu og sú vissa svífur yfir söltum vötnum hennar að skipið sökkvi fyrr en varir, siglingin muni fyrirvaralaust taka enda með skipbroti og drukknun. Slík er fullvissan í ölduganginum.

---

*Hermann Stefánsson (1968) er MA í bókmenntafræði, þýðandi og rithöfundur. Hann hefur þýtt Opinberunarbókina eftir Rupert Thomson, og skrifað bækurnar Sjónhverfingar og Nú þjófalyklar. Hermann var í eina tíð ritstjóri vefritsins Kístan.*

**Christian Bök**

**chapter i**  
**for Dick Higgins**

Writing is inhibiting. Sighing, I sit, scribbling in ink this pidgin script. I sing with nihilistic witticism, disciplining signs with trifling gimmicks – impish hijinks which highlight stick sigils. Isn't it glib? Isn't it chic? I fit childish insights within rigid limits, writing shtick which might instill priggish misgivings in critics blind with hindsight. I dismiss nit-picking criticism which flirts with philistinism. I bitch; I kibitz – griping whilst criticizing dimwits, sniping whilst indicting nitwits, dismissing simplistic thinking, in which philippic wit is still illicit.

Pilgrims, digging in shifts, dig till midnight in mining pits, chipping flint with picks, drilling schist with drills, striking it rich mining zinc. Irish firms, hiring micks whilst firing Brits, bring in smiths with mining skills: kilnwrights grilling brick in brickkilns, millwrights grinding grist in gristmills. Irish tinsmiths, fiddling with widgeits, fix this rig, driving its drills which spin whirring drillbits. I pitch in, fixing things. I rig this winch with its wiring; I fit this drill with its piping. I dig this ditch, filling bins with dirt, piling it high, sifting it, till I find bright prisms twinkling with glitz.

Hiking in British districts, I picnic in virgin firths,  
grinning in mirth with misfit whims, smiling if I find  
birch twigs, smirking if I find mint sprigs. Midspring  
brings with it singing birds, six kinds (finch, siskin, ibis,  
tit, pipit, swift), whistling shrill chirps, trilling chirr  
chirr in high pitch. Kingbirds flit in gliding flight,  
skimming limpid springs, dipping wingtips in rills  
which brim with living things: krill, shrimp, brill –  
fish with gilt fins, which swim in flitting zigs. Might  
Virgil find bliss implicit in this primitivism? Might  
I mimic him in print if I find his writings inspiring?

Fishing till twilight, I sit, drifting in this birch skiff,  
jigging kingfish with jigs, bringing in fish which nip  
this bright string (its vivid glint bristling with stick  
pins). Whilst I slit this fish in its gills, knifing it, slicing  
it, killing it with skill, shipwrights might trim this jib,  
swinging it right, hitching it tight, riding brisk winds  
which pitch this skiff, tipping it, tilting it, till this ship  
in crisis flips. Rigging rips. Christ, this ship is sink-  
ing. Diving in, I swim, fighting this frigid swirl, kick-  
ing, kicking, swimming in it till I sight high cliffs,  
rising, indistinct in thick mists, lit with lightning.

Lightning blinks, striking things in its midst with blinding light. Whirlwinds whirl; driftwinds drift. Spindrift is spinning in thrilling whirligigs. Which blind spirit is whining in this whistling din? Is it this grim lich, which is writhing in its pit, lifting its lid with whitish limbs, rising, vivific, with ill will in its mind, victimizing kids timid with fright? If it is – which blind witch is midwifing its misbirth, binding this hissing djinni with witching spiritism? Is it this thin, sickish girl, twitching in fits, whilst writing things in spirit-writing? If it isn't – it is I; it is I ...

Lightning flicks its riding whip, blitzing this night with bright schisms. Sick with phthisis in this drizzling mist, I limp, sniffing, spitting bilic spit, itching livid skin (skin which is tingling with stinging pin-pricks). I find this frigid drisk dispiriting; still, I fight its chilling windchill. I climb cliffs, flinching with skittish instincts. I might slip. I might twist this infirm wrist, crippling it, wincing whilst I bind it in its splint, cringing whilst I gird it in its sling; still, I risk climbing, sticking with it, striving till I find this rift, in which I might fit, hiding in it till winds diminish.



## Nokkrar athugasemdir við fallega hugsun

*Eunoia* er einhljóða lípogram<sup>36</sup> – afbrigðileg frásögn, þar sem hver einasti sérhljóði á sinn eigin kafla, segir sögu með sinni eigin röddu. *Eunoia* er undir beinum áhrifum frá franska framúrstefnuhópnum Oulipo (*l'Ouvroir de Littérature Potentielle*) sem var frægur fyrir beitingu öfgakenndra formbundinna hindrana í bókmenntatilraunum sínum. „Eunoia“ er stysta orð enskrar tungu sem inniheldur alla fimm sérhljóðana, og þýðir bókstaflega „falleg hugsun“.<sup>37</sup> Erfiði textans verður að sýsifosísku sjónarspili, bæklun tungumálsins verður til marks um að jafnvel við svo ólíklega þvingaðar aðstæður, geti tungumálið enn tjáð kynlegar, ef ekki háleitar, hugsanir. Textinn fylgir auk þess mörgum undirreglum. Í hverjum kafla skal vísað til ritlistarinnar. Í hverjum kafla skal lýst matarveislu, lostafullu svalli, svipmynd úr sveitalífi, og sjóferð. Í hverri setningu skal lögð áhersla á innrím með hjálp setningafræðilegra líkinda. Stefnt skal að því að nota öll þau orð orðabókarinnar, sem innihalda aðeins einn sérhljóða, vísað skal til að minnsta kosti 98% þeirra orða sem eiga við (fáein orð reyndust ónothæf, þrátt fyrir tilraunir til að finna þeim stað: *parallax*, *belvedere*, *gingivitis*, *monochord* og *tumulus*). Leitast skal við að lágmarka endurtekningu orða (og stefnt að því í besta heimi allra heima, að hvert orð birtist aðeins einu sinni). Bókstafurinn Y er ekki notaður.

Vinnan við þessa bók reyndist mikið erfiði. Ég las orðabókina fimm sinnum til að veiða upp yfirgripsmikinn orðaforða af einhljóða orðum, sem hvert innihélt aðeins einn hinna fimm sérhljóða. Ég hefði getað nýtt mér tæknina til þessa, en mig grunaði að það tæki álíka langan tíma að læra að búa til þesslags forrit, og það tæki mig að gera þetta í höndum – svo ég ákvað að hefjast einfaldlega handa. Ég greindi orðin í orðflokka (nafnorð, sagnir, o.s.frv.); dró orðin síðan í þrengri merkingarbundna dálka (jurtaríki, dýraríki, o.s.frv.), svo ég gæti séð hvaða sögur hver sérhljóði gæti sagt. Þá eyddi ég sex árum, fjórum til fimm klukkustundum á hverju kvöldi eftir vinnu, frá miðnætti og út nóttina, í að setja saman fimm kafla skáldsögu (í fyrsta kafla var aðeins A, í öðrum aðeins E, o.s.frv.), og hélt því áfram þar til ég hafði notað öll orð sem hægt var að nota. Fyrirfram hélt ég að textinn yrði málfræðilega réttur en illskiljanlegur, og því kom það mér verulega á óvart að uppgötva fjölmargar óhuggulegar tilviljanir sem bentu til að ég væri haldinn paranoju. Mér fór að þykja sem tungumálið væri eitt allsherjar samsæri, næstum því eins og þessum orðum væri ætlað að vera raðað upp, nákvæmlega svona, að þau ættu ekkert með að vera annars staðar en þarna, þar sem hver sérhljóði sýndi sinn eigin sjálfstæða persónuleika: hið hofmannlega A, hið harmræna E, hið lýríska I, hið spaugsama O, hið klúra U.

Í raun og veru er *Eunoia* beint viðbragð eða svar við efasemdum mínum um áhrif Oulipo á mín eigin verk. Oulipo gagnrýnir klassísk viðmiðuminnblástur með því að leggja fram tillöguraðkerfisbundnum, ef ekki hreinlega vísindalegum, starfsháttum við skriftir bókmennta. Í Oulipo eru gjarnan settar einhverslags takmarkanir á skriftaferlið til þess að komast að því hvaða fagurfræðilegu möguleika þessar hömlur bjóða upp á. Til hópsins heyrðu rithöfundar á við Raymond Queneau, Georges Perec, Italo Calvino og Harry Matthews – en fyrir utan fáein útvalin, spræk verk frá þessum þekktu höfundum, virðast flestir textar hópsins sérkennalausir og blátt áfram óáhugaverðir. Þegar menn grundvalla starf sitt á takmörkununum virðast þeir oft gleyma öðrum bókmenntalegum umhugsunarefnum (hljómfegurð, merkingu, o.s.frv.) þannig að árangur slíkra tilrauna minnir helst á framkvæmd vanaverks (eins og að skrifa 14 línur, bundnar og rímaðar, og kalla það sonnettu, jafnvel þó ljóðið skorti öll ljóðræn tillrif). Oft nýta verkin svo illa möguleika sína, að manni þykja þau

ekki vitund áhugaverðari en klaufalega framkvæmd töfrabrögð. Hópurinn virðist þar að auki alls óáhugasamur um að kanna pólitíska möguleika þess að þvinga sig til að skrifa undir hömlum, möguleikana á að afhjúpa hugmyndafræðilegar undirstöður slíkrar orðræðu.

*Eunoia* heldur til dæmis aftur af þeim merkingarefnahag, sem hömlur hennar hefðu annars getað verið ögrun við (og því gætu L=A=N=G=U=A=G=E skáldin orðið fyrir vonbrigðum með þetta verk, sökum vanhæfni þess til að flýja úr fangelsi málfræðilegs tilvísunarmáls). Þó að furðulegar reglur Oulipo manna gefi til kynna frelsi frá venjum, þá virðist innihald slíkra verka oft á tíðum hallast að hinu viðbúna. Ljóðræn fagurfræði hópsins virðist vera frekar hversdagsleg, að því leyti að meðlimir hans dást að bragarháttum á við sonnettuna og sestínuna, prúttu við reglur þessara úreltu háttu í leit að nýjum leiðum til að endurlífga þá (og því velti ég oft fyrir mér hvort bókmenntapólitík þessara framúrstefnumanna skilji sig frá fagurfræði meðalmenskunnar, að eðli, eða einungis að hluta). Hlutverk hamla í bókmenntum (og ef til vill allri hugmyndafræði) er að setja reglur sem geta einangrað almenna eiginleika tiltekins siðar. Meðlimir Oulipo halda því fram að, þegar um nokkuð er að velja, þá veljum við alltaf fremur að fylgja reglum sem við höfum af ásetningi skapað okkur sjálfum, en þeim sem ómeðvitað voru skapaðar okkur af öðrum. Hópurinn vill meina að okkur, sem skáldum, sé betur borgið sem þrælum augljóss húsbónda en óþekkt. Hið háðslega er hinsvegar að snilld bókmennta af þessu tagi virðist ævinlega því áhugaverðari, eftir því sem þær sjálfar eru ófrjálsari.

<sup>36</sup> Lipogram er texti sem viljandi útilokar orð sem innihalda ákveðna bókstafi.

<sup>37</sup> *Beautiful thinking.*

---

*Christian Bök (1966 - fæddur Christian Book) er kanadískt ljóðskáld. Hann skrifaði ljóðabækurnar Crystallography og Eunoia fyrir hverja hann fékk bin virtu kanadíska bókmenntaverðlaun Griffin árið 1992. Eirðkur Örn Norðdabl þýddi.*

Jesse Ball

## Göng inn í ofninum

Hann fann göng inn í ofninum,  
sem lágu að að tröppum.  
Þetta olli honum miklum áhyggjum,  
en sömuleiðis stolti og lífsgleði.  
Hann þorði samt ekki að fara  
sjálfur inn í ofninn, og sendi þess vegna  
litla bróður sinn. Þetta þótti honum  
góð hugmynd í fyrstu, en þegar bróðir hans  
hafði ekki snúið aftur þremur dögum seinna,  
fór hann að efast um visku  
fljótræðis síns. Hann ákvað að  
fara inn á eftir honum. En þá höfðu  
göngin skroppið saman, og engin manneskja  
af eðlilegri stærð gat lengur komist inn. Já, auðvitað,  
ég sendi hann inn, því ég er of stór  
til að komast sjálfur í gegn.  
Svo er hvort eð er, muldraði hann í barm sér,  
ábyggilega mjög indælt þarna inni.

---

*Jesse Ball (f. 1978) er bandarískt ljóðskáld. Frumraun hans March Book kom út í Bandaríkjunum árið 2004. Hún vakti feykilega athygli, og blaut einróma lof gagnrýnenda. Jesse Ball var búsettur á Íslandi um þriggja mánaða skeið árið 2002. Þýðingin er birt með góðfúslegu leyfi.*

Kristín Eiríksdóttir

## Yfirlýsing

Dauðarómantík. Já takk!

Ég er tilbúin að deyja, það er frumlegt út af því að ég er kona. Tilbúin að deyja, tilbúin að fórna, eitt þar brennandi strigaskór á altarið. Ljósærður maður í tvíhnepptum bláum jakkafatajakka með gleraugu spurði, í því sem hann batt uppstoppaðan hest við tré, hvort ég vildi heldur; deyja eða lifa án þess að skrifa. Deyja hrópaði ég og fæddi kött. Mig dreymir mjög oft að ég fæði ketti. Þeir eru gjörsamlega ósjálfbjarga og ég týni þeim.

“idontgiveafuckidontgiveafuck  
i dont give a fuck about reputation  
idontgiveashitidontgiveashit  
i dont give a shit about reputation.”<sup>58</sup>

Vegir liggja til allra átta. Villur vega. Ég vil hitta Satan á krossgötum og selja honum sál mína. Mér er alveg sama hvað þeir segja. Ekkert bókmenntafræðibull fær mig stöðvað. Ég ein sé snilldina, gullið er mitt, ekki þeirra og þeir mega eiga sig. Tilraunir eru nauðsynlegar. Ég verð að skoða hvert ég kemst. Passasemi er skaðleg fyrir skapandi hugsun.

Hið fagra er fyrir innanhúsarkítækta og týndar sálir að leita að *sjálfum sér*.

Hið fagra er Hin langa trúlofun brúntónað antíkbæs og hreinlynd stúlka.

Listamenn verða að vera hafnir yfir almennan smekk á fegurð.

Fagurfræði er það sem við notum, við verðum að vita hvernig hún virkar og hvernig ekki, nota bæði, fagurfræði er stýrikerfi.

„Gættu þín vel því þeir gera ekkert annað en að glíma við að hanna hið fullkomna plott til að ryðja þér úr vegi þó víst sé slíkt með öllu bannað.“<sup>39</sup>

Óvinir eru nauðsynlegir; ef þeir eru ekki til staðar er eins hægt að fara í skuggabox, það gerir sama gagn. Skilgreining óvinnarins; holl snillingum með vænisýki, vænisýki skal meðhöndla undir berum himni, ekki grafast í fúlan jarðveg sjálfsins.

Óvinina skilgreinirðu ekki útfrá atvinnu eða félagslegum status. Þeir finnast hvar sem er og halda sig ekki í flokkum. Þeir eru táknmyndir þess sem ég vil ekki vera og styrkja mig í því sem ég er, Guð blessi óvinina.

Baráttan verður ekki háð uppá gamla mátann. Spjót munu ekki mætast, blóð þeirra ekki sprautast, aðeins þitt og ekki einusinni í bókstaflegri merkingu.

Það er mikilvægt; óvinurinn kemst alltaf undan öfugt við þig sem emjar sannleikans svæsnustu lygi ástina sorgina og eilífðina uppúr drullupollinum þínum. Hann líður ekki á sama hátt og þú og sér enga ástæðu til að gjöra svo. Hans árás felst í að gera þér lífið leitt og reyna að tala um fyrir þér.

Þeir eru hirð Appollons og þú díonýsískur djöfull. Þeir sjá um skipulagið röðina og regluna, samviskusamlega fylla þeir litla ferninga tölum meðan þú taktlaust steppar á parkettinu heima hjá þér, við Cindy Lauper á blasti, eftir klukkan tólf.

Þeir myndu aldrei leyfa sér slíkt stepp, hvað þá láta sér detta það í hug, en öfunda þig innst inni. Það er þessi öfund sem veldur flestum þínum vandræðum, þú mátt ekki komast upp með þetta ónærgætna stepp og þeir gera allt til að hindra þig.

Til þess nota þeir styrkleika sinn á skrifinnskusviðinu. Þú ert til að mynda fundin sek um eitthvað og þér stungið í steininn, lögð inná geðdeild eða færð aldrei viðurkenningu fyrir störf þín. Möguleiki er þó að þú fái heildurslaun uppá hundraðþúsundkall á mánuði þegar þú verður sextug, nái þú að lifa svo lengi.

Máttur hugans, hið huglæga frelsi Díós.

Sem betur fer skiptir engu máli hvaða aðferðum þeir beita til að ryðja þér úr vegi þar sem þú ert löngu búin að átta þig á mætti hugans. Það er samt ekki nóg að gera sér grein fyrir þessum mætti vegna þess að þú verður líka að kunna að nota hann. Aldrei, þetta er mikilvægt, aldrei hugsa um fjármál. Ekki hugsa tala né eyða tíma þínum í slíkt rugl. Veraldlegir hlutir snerta þig ekki nema þú leyfir þeim það. Ef þú verður gjaldþrota eða brýtur af þér og ert sett í fangelsi geturðu litið á það sem athvarf til að skrifa. Ef þú ert með einhvern biblíukomplex skaltu alltaf segja satt, heiðarlegur glæpamaður er guðdómlegur.

Þegar þú fyrst áttar þig á mætti hugans byrja línurnar að dofna, heimurinn að stækka, djúpið að dýpka, efnismassinn að flæða, atómin belgjast út og tala. Það er í raun ekkert sem vefst fyrir þér vegna þess að það eru engin mörk, þú þarft ekki einusinni að hugsa þig um þegar þú arkar yfir þau vegna þess að þú sérð þau ekki.

Rithöfundur þarf ekkert nema gullið í höfði sér glóandi, pappír og blýant. Það hljómar kannski gamaldags en gamaldags er gott í þessu samhengi. Rithöfundur þarf ekkert nema gullið í höfði sér glóandi, laptop og vitneskjuna um einmitt það, að hann þurfi ekkert nema gullið í höfði sér varalít og spegil.

Í þessum glataða nútíma efnishyggju og rugls er þessi vitneskja sterkasta vopnið sem hugsast getur, vegna þess að þá finnst þér þú frjálss og hræðslan lekur úr þér einsog sæði úr holu.

Ég er orðin svo þreytt á nýjungagirni, framfarahyggju og fordómum fyrir því sem áður var, upphafningu æskunnar og öllu þessu helvítis drasli. Framför er skortur á söguvitund. Oft er hæðst að bóhemíu og hún sögð barnalega rómantísk og ekki nógu smart en ég blæs á þær háðsglósur. Þó borgarastéttin hafi lent í skilnaði eru óvinirnir enn á kreiki, kannski eru þeir ekki einusinni neitt sérstaklega borgaralegir, þeir tilheyra engri ákveðinni stétt, óvinurinn gæti allteins verið ljóðskáld í lopapeysu en með tinmola í stað gulls.

Óvininn sérðu ekki endilega fyrrenn brugðið er fyrir þig fæti í ljósi þess að fólk skreytir sig með lífsstíl og sjaldnast lýsa umbúðirnar innihaldinu.

Ef einhver talar um þig sem kvenrithöfund og verkin þín sem kvennabókmenntir skaltu aldrei taka því sem móðgun sama hve

tónninn stingur. Kvenrithöfundar eru fínir og kvennabókmenntir líka, konur hið rísandi kyn og megi þeir eiga sig. Orðið kven er ekki neikvætt. Ekki skammast þín fyrir að skrifa um kvenpersónur, það er til nóg af bókum um karla, og nóg af kvenkyns sögupersónum sem eru jafn tvívíðar og blaðsíðurnar sem þær standa á.

Þetta er langt fyllerí þarsem þér finnst þú eiga heiminn, stórmennskubrjálið hömlulausa, þú ræðst á fimm þungavigtarboxara í fullri trú um að þú vinnir slaginn. Þetta er langt egóbrjálæðis fyllerí á barnum þar sem þú situr og segir hetjusögur af sjálfri þér. En þetta er líka morgunninn eftir og þú ert með glóðaraugu á báðum og langar til að deyja.

<sup>38</sup> Fyrir neðan: i dont give a shit about reputation. Kemur: Tilvitnun í lag með Peaches.

<sup>39</sup> Fyrir neðan: sé slíkt með öllu bannað. Kemur: Tilvitnun í lag með Megasi.

---

*Kristín Eiríksdóttir (f. 1981) er ljóðskáld og myndlistarmaður. Ljóðabók hennar Kjötþærinn kom út hjá Bjarti árið 2004, og hún útskrifaðist úr LHÍ vorið 2005. Kristín hlaut fyrstu verðlaun í ljóðasamkeppni Eddu og Fréttablaðsins 2004.*



## Hér stóð bær

Gott og vel, vindurinn blæs sem aldrei fyrr, hann er á harðahlaupum eins og hann sé nýbúinn að skera konuna sína á háls með rakhníf. Þú ert á gangi eftir Birkimel og þér líður eins og í heimildamynd um vandan arkitektúr í Reykjavíkurborg. Það er rok. Vindurinn blæs sem aldrei fyrr. Þú sérð glitta í Þjóðminjasafnið og ákveður að fara þangað og leita skjóls. Við Suðurgötu er vindurinn nánast óbærilegur. Maður hímir undir húsvegg, reykjandi, rennihurð úr gleri, og skyndilega ertu staddur inni í anddyri safnsins. Vörpulegur maður stendur vaktina í afgreiðslunni. Hann er í laginu eins og hann muni innan skamms fleygja þér út. Þú lædist framhjá honum og ferð inn á kaffiteríuna. Hún reynist vera stútfull af fornleifafræðingum sem þarna eru samankomnir til að ræða nýjustu fornleifafundina. Þú þykist vera fornleifafræðingur, slæst í hópinn og færð þér kaffi. Gott ef þú blandar ekki geði um stundarsakir, til að ræða um nýjasta uppgröftinn, og varpar fram einhverju um að þetta eða hitt styðji þessa eða hina kenninguna. Skyndilega tæmist terían, líkt og skömmu fyrir uppgröft, fornleifafræðingarnir hverfa aftur inn í ráðstefnusalinn og þú stendur einn eftir með plastmál í höndunum. Þú klárar kaffið og yfirgefur kaffiteríuna. Fyrst til að skoða ljósmyndir af gömlum sveitabæjum á Íslandi. Sýningin heitir Hér stóð bær, eins og í laginu, hér stóð bær með burstir fjórar, og þú kemst að því að uppi á veggjum hanga ljósmyndir af íslenskum sveitabæjum. Sumir eru nafngreindir aðrir ekki. Þú staðnæmist fyrir framan mynd af Lokinhömrum og segir upphátt VÁ. Bæirnir eru fæstir nafngreindir og þú hugsar: miklir ratar eru starfsmenn hér á Þjóðminjasafninu,

nenna þeir ekki finna réttu nöfnin á þessa sveitabæi? Í ljós kemur að þú hefur starfsmennina fyrir rangri sök – Sýningin í ljósmyndasafni Þjóðminjasafnsins er í senn sýning og gestabraut. Þjóðminjasafnið auglýsir eftir viðbrögðum frá sýningargestum, menn eiga að gefa sig fram beri þeir kennsl á bæina sem ónafngreindir eru á myndunum. Sýningin vakti athygli mína. Í fyrsta lagi fannst mér undarlegt að til væru sveitabæir á Íslandi sem enginn vissi hvað hétu. Hvað eru eiginlega margir sveitabæir á Íslandi? Í öðru lagi, hvers vegna voru ljósmyndir af þessum bæjum orðnar að sýningarefni? Í þriðja lagi fannst mér myndin af Lokinhömrum tilkomumikil – mér var eiginlega öllum lokið.

Ég rauk út úr ljósmyndasafnum með fjöllin fyrir ofan Lokinhamra í huganum,

fór fram í anddyri Þjóðminjasafnsins og settist þar á bekk.

Ef ég hefði dáðið á bekknum og húsið verið grafið upp eftir þúsund ár hefðu menn sagt: í upphafi 21. aldar fóru menn inn á söfn til að deyja. Menn

fylltust safnaleiða. Fengu archive fever og dóu.

Á bekknum tók ég upp bók. Dagbækur Sörens Kierkegaards, danska

heimspekingsins, soðnar niður í lítið kver.

Menn dóu með dagbækur Sörens Kierkegaards í höndunum.

Maður á að elska sitt þunglyndi, sína melankólíu, skrifaði Kierkegaard. Vissulega elskaði ég hana. En ég gæti ekki verið hamingjusamari. Dagar mínir hafa verið dapurlegir en samt gæti ég ekki verið glaðari. Vissulega elskaði ég hana.

Hún var með hár sem mér hefur ekki enn tekist að hafa upp á og augu sem mér hefur ekki enn tekist að litgreina. Hún krosslagði stundum augun og var með fótleggi sem mér hefur ekki enn tekist að krossleggja. Hún var með krosslögð augu og krosslagði stundum á mér heilann, og svo framvegis, segir Sören Kierkegaard.

En slíkar setningar grafa menn aldrei upp. Þær verða aldrei ljósmyndaðar og aldrei nafngreindar. Sem ég sat á rauðum bekk í anddyri Þjóðminjasafnsins fór ég reyndar að hugsa um það hvort ég gæti auglýst eftir nöfnum yfir þær hugsanir sem æddu um í hausnum á mér eins og óðir baritonsöngvarar, hvort ég gæti hengt þær upp á vegg eins og myndir af gömlum sveitabæjum og beðið áhorfendur

um að nafngreina þær. Senda inn tillögur og koma nafni yfir þær. Og mig langaði að spyrja fornleifafræðingana sem nú strunsuðu kófsveittir í ráðstefnulok út úr fundarsalnum hvort þeir hefðu grafið upp drauma eða melankólíu nýlega. En ég vissi að spurningin var ósanngjörn.

Það var enn hífandi rok þegar ég kom út úr Þjóðminjasafninu. Á heimleiðinni hélt ég mig við trjágöng og umferðareyjur, vindurinn hélt á afskornu höfði, og þetta var rok sem gróf mig upp og niður á göngu minni. Þúsund teskeiðar og liðnar aldir. Ég var brúnn eins og negrasálmur og lyktaði eins og moldarflag þegar ég komst loksins heim.

---

*Eiríkur Guðmundsson (f. 1966) stjórnar útvarpsþættinum Vildsjá, og hefur gefið út bókina 59 þrep til glötunar. Hann var meðritstjóri bókarinnar Engill tímans – Til minningar um Matthías Viðar Sæmundsson og hefur skrifað fjölmargar greinar um listir og menningu í þín ýmsu tímarit og bækur.*

John Tranter

## Hálfdrættingur í Kensington

Með hnefafylli af dollurum í bakpoka,  
og kjaftinn fyrir neðan munninn mæta  
nýlendubúarnir óboðnir. *Cette parade sauvage:*  
yfir útlínum borgarinnar má sjá Rupert Murdoch  
skríða yfir Fleet Street, dvergvoxinn King Kong –  
hristu þeir af sér heimsveldi fyrir þetta?  
Rétt er það stjóri, þetta vil ég heyra,  
tungulipurt, slangri hlaðið málfar tangódansaranna  
á fullu stími gegnum Höfðana í ryðrauðri móðu –  
þetta er botn heimsins  
segja ljóshærðu heimsborgararnir. En augnablik:  
var ekki King Kong fundinn upp í Bandaríkjunum?  
Augun sem sjá inn í Ástralíu  
eru evrópsk augu, sagði Peter Porter, en  
börn vinar míns sumarfríuðu sig í Hollywood,  
og búa í San Francisco, ég er  
miðaldra, og England bjó mig til, félagi,  
þar las ég Maugham í sturtuhléinu – en  
hvað með Malraux? og Lao Tzu?  
Ég hef einsett mér að næst verði ég

Kínverji, sem talar fullkomna ensku  
eða kreólamá, og getur valið milli  
steikjandi töfra annars, og hagnýtrar  
ófyrrleitni hins?  
Er hægt að segja *You fuckwit!* á ítölsku?  
Sénsinn, en ef þú spilar Wagner  
í botni, verðurðu ríkur í hveli  
í Bloomsbury-merkingu orðsins –  
gróðurmold menningarinnar, morgunsvefninn,  
þetta skreytir þig líkt og froða  
og Listasafn Landsins opnar dyr sínar  
fyrir þér, og þér einni, loksins.

---

*John Tranter (f. 1943) er ástralökt ljóðskáld, og ritstjóri og stofnandi vefritsins Jacket. Hann hefur gefið út ríflega 10 ljóðabækur, og verið í fararbroddi ástralökrar ljóðlistar síðastliðin 30 ár. Ljóðið er úr Late night radio, birt með góðfúslegu leyfi. Copyright: John E. Tranter. Eiríkur Örn Norðdabl þýddi.*

**Dave Eggers**

## **Bréfaskrif hundsins Steven við framámenn í bandarískum viðskiptaheimi**

**Þann 5. ágúst árið 2000 sendi Daníel O'Mara 20 framkvæmdastjórum úr hópi 500 ríkustu fyrirtækja í Bandaríkjunum bréf. Hér eru sex þeirra.**

Hugh L. McColl, Jr.  
Frankvæmdastjóri, Bank of America Corp.  
100 N. Tryon Street  
Charlotte, NC 28255

Kæri hr. McColl Jr.

Ég veit að þú ert upptekinn maður þannig að ég sný mér beint að efninu. Ég hef nýlega skrifað nokkrar hugleiðingar frá sjónarhóli hunds sem heitir Steven og vil að þú fái að sjá. Hér er ein:

Ég er Steven, ég kom í heiminn í glerkassa, ofan á niðurrifnum dagblöðum. Nú er ég hér, fimm árum síðar, og loppur mínar, áður hvítar sem pappír, eru nú hvítar sem fílabein. Ég hef gengið götur! Og yfir engi! Ég hef séð hluti! Hendurnar á börnunum sem ég hef bitið! Þær eru girnilegar og bragðgóðar!

Ég verð að halda mér á hreyfingu. Alltaf á hreyfingu. Ég get stokkið kílómetra. Ég er þannig hundur – get stokkið andskotans kílómetra. Ég er magnaður hundur. Ég sé liti eins og þú heyrir þrumurnar í þotum.

Ég ætla að finna mér holu. Ég ætla að finna mér pínu pínu oggulitla holu og ganga í gegnum hana eins og fokking Gandhi sjálfur.

Það var ekki fleira í bili.

D.

Daniel O'Mara  
5811 Mesa Drive #216  
Austin, TX 78731

Robert G. Miller  
Framkvæmdastjóri  
Rite Aid  
30 Hunter Lane  
Camp Hill. PA 17011

Kæri hr. Miller.

Þú þekkir mig ekki og þetta mál snertir þig ekki beint en ég þarfnast samt sem áður óskiptrar athygli þinnar. Undanfarnar vikur hef ég skrifað mönnum eins og þér, bréf frá sjónarhóli hunds sem heitir Steven. Hér er eitt slíkt bréf til þín:

Ég er Steven og ég fæddist stuttu eftir að börnin komu heim úr skólanum. Ég hef eytt heilu dögum í að gelta án þess að vita almennilega hvers vegna ég galti. Á slíkum dögum galti ég og galti, verð hás og þreyttur, vitandi að ég að ég veit ekki hvers vegna ég galti, en allan tímann reikna ég með því að einhvern daginn muni ég átta mig á því.

Í gær hljóp ég undir hundrað háum álmviðartrjám, sem voru gróðursett í beinni röð. Ég hljóp að rjóðri þar sem grasið var dúnmjúkt og ljósgrænt í sólskininu, á meðan ég hljóp, augu mín vot af kaldri golunni, hugsaði ég um systur mína, sem var tekin frá mér fyrir mörgum árum, áður en augu hennar höfðu opnast. Feldurinn á mér lítur út eins og sandpappír en er silkimjúkur viðkomu.

Enn veit ég ekki hvers vegna ég galti. Núna, þegar það hefur verið skýjað í um viku, líður mér vel, ég er endurnærður, mér líður eins og mig muni aldrei langa að gelta aftur. En bráðum galti ég aftur, galti þar til ég er orðinn hás, ég mun ekki geta hætt að gelta, guð, fólk horfir á mig eins og ég muni gelta mig til dauða.

Jæja, ætli þú þurfir ekki að snúa þér aftur að vinnunni, herra Miller.

D.

Daniel O'Mara  
5811 Mesa Drive #216  
Austin, TX 78731



Peter I. Bijur  
Framkvæmdastjóri  
Texaco  
2000 Westchester Avenue  
White Plains, NY 10650

Kæri hr. Bijur.

Heill og sæll. Ég er íbúi í Austin, Texas og skrifa þér í orðastað hunds sem heitir Steven. Steven er írskur setter. Ég gef Steven orðið:

Áður en við fluttum í þetta hús bjó hér fjögurra manna fjölskylda. Clutters fjölskyldan, og jú auðvitað var bók Trumans þeim til leiðinda. Ég spurði þau einu sinni hvort það væri skyldleiki með þeim en var hundsáður. Ég hef annars lesið bók hr. Capote og líkaði mjög vel.

Stundum galti ég. Stundum tala ég um gelt mitt við fólk; ég lít á það sem vandamál. Eða öllu heldur sýnist mér að öðrum finnist það vera vandamál og þá verður það vandamál fyrir mig. Mér stafar ógn af bílljósum í baksýnisspeglinum. Bróðir minn heitir Jónatan og hann geltir meira en ég, við geltum hinsvegar aldrei á sama tíma, af hverju ættum við báðir að gelta samtímis? Ég hef bitið hann svo fast að ég hef bragðað á basísku blóði hans. Húúúú!

Einu sinni át ég pizzu. Ég má ekki éta pizzu, af því að ég er hundur, en ég hef annars ekki hugmynd um hver ákveður svoleiðis, hver má éta hvað. Ég át pizzuna og það var allt í lagi með mig. Ég horfði í sólmyrkva og það var allt í lagi með mig. Ég hoppaði einusinni af þakinu og meiddi mig næstum ekkert. Kannski drepst ég aldrei. Ég er eldsnökkur hundur!

Ég galti alla nóttina að minnsta kosti einusinni í mánuði. Ég er þögull í bílum. Ég hleyp kringum tré eins og sprek í straumi hleypur yfir ávala steina. Húúúú! Húúúúú! Nú skilurðu mig, ha! Djöfull vildi ég að þú hefðir getað séð þetta maður.

Hr. Bijur þú ert of vinsamlegur, haltu áfram á sömu braut.

D.

Daniel O'Mara  
5811 Mesa Drive #216  
Austin, TX 78731

Cristopher M. Connor  
Framkvæmdastjóri  
Sherwin-Williams  
101 Prospect Avenue NW  
Cleveland, OH 55115

Kæri hr. Connor. Þú ert upptekinn maður þannig að ég kem mér beint að efninu. Undanfarið hef ég verið að skrifa leiðandi iðnjöfrum bréf frá sjónarhóli írskis setters sem heitir Steven. Hvert bréf er einstakt. Hér hefurðu þitt:

Nótt eina hljóp ég eins og ég væri að synda í djúpu myrku síki, nema að það var hljóðlátara. Þegar ég hljóp framhá öðrum hundum, hundum sem ég þekkti, orðnum að útlínum sínum, fættum svörtum hárbúskum, virtust þeir holir. Augun í Samsoni, frostblá í dagsbirtunni, voru hvít og gljáandi. Ég sveif hjá eins og borinn á straumi, án þess að finna fyrir loppunum grípa niður í votu grasinu.

Ég hljóp vegna þess að ég vildi finna hvernig vindurinn kælir gloppurnar í feldinum á mér. Himinninn var gráblár eins og hann verður þegar það er skýjað eftir að myrkrið skellur á. Húsin beygðu sig yfir mig og ég smaug milli trjáa. Djöfull er ég snöggur hundur!

Það er svo drulluleiðinlegt að heyra fólk tala. Ég heyri allt sem þau segja, allt samtímis. Það sem ég á við er að í hvert einasta sinn sem eitthvert þeirra opnar munninn heyri ég þau öll tala, og heyri allt sem þau hafa alltaf verið að segja, og það er alltaf það sama, eitt langt tuðandi kvein. En ég segi: Húúúú! Húúúúúú!

Þú hefur séð blettatígra hlaupa – hvernig fætturnir á þeim sjást aldrei snerta jörðina? Þannig er ég maður – nema þegar ég hleyp þá er heilinn á mér á ferð um kroppinn á mér á meðan – húlahringur að gera húla í kringum hausinn á mér eins og fokking svifnökkvi!

Ég er alveg að elska þetta alltsaman.

Hr. Connor, takk fyrir að gefa þér tíma.

Daniel O'Mara  
5811 Mesa Drive #216  
Austin, TX 78731

D.

David I. Fuentes  
Framkvæmdastjóri  
Office Depot  
2200 Old Germantown Road  
Delray Beach, Fl 33445

Kæri hr. Fuentes.

Ég hef undanfarið skrifað framkvæmdastjórum annarra stórfyrirtækja bréf frá sjónarhóli írsks setters sem heitir Steven. Þér mun ég hinsvegar skrifa sem lítill fugl, líklegast kólibrifugl sem heitir Buck. Hér kemur það:

Pegar ég var lítill og síhungraður, skildi móðir mín okkur systkinin eftir ein á meðan hún hoppaði um engið í leit að mat og spreki í hreiðrið. Pegar hún var í burtu höfðum við gogginn opinn í von um fæðu, augu okkar voru sem grænbláar baunir huldar þunnum skinnflipum.

Pegar hún var í burtu kenndum við hvort öðru stundum söngva. Ég man þá ekki lengur, né hversvegna við sungum þá. Einhverjum mánuðum síðar flugum við hvert í sína áttina og ég hef ekkert þeirra séð síðan, móður mína eða systkini. Við smáfuglarnir erum ekki svo tilfinningasamir því við getum flogið!

En veistu hvað félagi? Ég er enginn smáfugl. Ég er hundur og heiti Steven. Ég gæti aldrei blekkt þig, ha? – Ég er helvíti snöggur hundur og ég hleyp á milli trjáa eins og hitasækin eldflaug. Húúúú! Húúúúúúú! Ég þarf engan fugl, engan smáfugl að biðja um mat! Ekki séns maður! Ég hleyp og hleyp á þurru, heitu grasinu og það er eins og mig langi aldrei til að gelta aftur, ef ég bara held áfram að hlaupa. Ef ég bara get haldið áfram að hlaupa, tekið beygjurnar eins og stórsvigari, legið lágt, mun mig aldrei aftur langa að gelta bara og gelta og gelta – Ó Guð, hjálpaðu mér að halda áfram að hlaupa! Ég er bara svo djöfulli hræddur við að verða þreyttur, skilurðu mig maður?

Hr. Fuentes, athygli yðar er vel metin.

D.

Daniel O'Mara  
5811 Mesa Drive #216  
Austin, TX 78731

Jaques Nasser  
Forstjóri, Ford Motor Company  
Detroit, MI 33445

Kæri hr. Nasser.

Þú gegnir erfiðu starfi og ég ber virðingu fyrir tíma þínum. Þess vegna mun ég hafa þetta eftir tiltölulega stutt og, ávallt, kjarnyrt.

Hr. Nasser, fjandinn hafi það, þú hefur heyrt af mér og hlaupum mínum. Ég hef séð byggingarnar ykkar og gangstéttirnar og öll teppin, alltaf sömu teppin. Ha ha ha ha! Ég hlæ að þessu, mér þykir það leitt. Einhvern daginn ét ég alveg sérstakan mat og verð hundrað metra hár og þá – þá skaltu passa sig, hr. Nasser! Passa þig á skugganum af mér og beygja þig, ha? Passa þig á skugganum!

Ég hef elskað hundrað aðra, önnur dýr loðin og snörp, og núna elska ég þig. En ekki á sama hátt. Eða kannski þó á sama hátt. Hefurðu séð mig hlaupa mömmuhvolpur? Ég veit hvað gerist þegar sólin nuddar trén með fyrstu skímum dagrenningar. Ég ét matinn sem þið gefið mér, ég ét matinn sem þið gefið mér og svo fleygi ég honum aftur til heimsins. Ég er hundur sem étur pizzu – ég ét pizzu og finn ekki fyrir því! Ég ét húmmús og ég æli! Ekki vanmeta mig hr. Nasser! Hr. Nasser ég vil að þú farir heim til fjölskyldunnar þinnar. Ég skal ekki traðka á húsinu þínu þegar ég er orðinn hundrað metra hár. Hefurðu séð hundinn Clifford? Þannig verð ég þegar ég er orðinn hundrað metra hár. Ég verð risastór og rauður og hár, en ég lofa einu: Ég verð varkár eins og Clifford.

Hr. Nasser, finndu fyrir sólinni minni. Ég smyr henni á þig og á þig og ég vil að þú gefir ungunum þínum af henni og svo vil ég að þú hlaupir með mér vegna þess að þegar ég sit á rúminu þínu og ét matinn þinn þá sef ég ekki sef ekki ég skal hlaupa skal hlaupa!

Hr. Nasser, athygli þín er eldsneytið sem knýr svifnökkva höfuð mitt.

Daniel O'Mara  
5811 Mesa Drive #216  
Austin, TX 78731

## Athugasemd Þýðanda

Smásagan (eða hvað þetta best kallast) hér á undan eru einhver merkilegustu skrif sem ég hef lengi lesið.

Daniel O'Mara (-Dave Eggers) veit hvernig það er að vera hundur, allavega hlýtur það að vera eitthvað þessu líkt sem hundar hugsa, hvað það er sem skiptir þá máli og gerir þá spennta.

Það er tilfallandi að Steven er að skrifa til stórkalla í viðskiptum, sem er þó reyndar skemmtilegt þar sem skilin verða þeim mun skarpari milli þeirra heima sem eru að mætast.

Pungamiðjan í þessu er furringar- og kaldhæðnisleysi hundsins. Hann veit hvað hann er, hvaðan hann kemur, hvað honum líkar og hvað hann elskar. Hann virðist finna fyrir smávægilegum óþægindum vegna geltiáráttu sinnar en þau óþægindi koma bara við hann svona periferalt - félagslega smá vandræðalegt. Hann er bara það sem hann er og véfengir það ekki. Í þessu liggur hin djúpstæða kaldhæðni þessara skrifa<sup>40</sup> - að Daniel O'Mara er ekki sjálfbirtingurinn Steven, hann er klikkhaus sem skrifar ruglbréf.

Hundurinn snerti við mér á djúpstæðan máta, ég hef átt mér tímabil í lífinu (fá, stutt og langt á milli eins sagt er á ensku) þar sem ég kem að heiminum svipað og Steven, meira lifandi, óttalaus og einlægur. Það er gott. Ég vildi að ég væri hvalur – Múúúúúúúúúúúú, múúúúúúúúúúúú úú úú!

<sup>40</sup> og ástæðan fyrir því að þau er að finna í þessu smásagnasafni.

---

*Dave Eggers (f. 1970) er bandarískur rithöfundur. Hann hefur gefið út skáldsögurnar A Heartbreaking Work of Staggering Genius, You shall know our velocity, og How we are Hungry. Hann var tilnefndur til hinna virtu Pulitzer-verðlauna fyrir A Heartbreaking Work of Staggering Genius. Textarnir hér að ofan eru fengnir úr smásagnasafninu The Burned Children of America og eru birtir með góðfúslegu leyfi höfundar. Þýðandi er Halldór Arnar Úlfarsson (f. 1977), myndlistarmaður sem býr í Finnlandi og stundar nám við Snobblista akademíuna í Helsinki. Mörg verka hans gefa frá sér undarlegt væl, sem sumir bafa líkt við hvalasöng.*

## Tor Ulven

### - skáld myrkrar samlíðunar

Tor Ulven fæddist 14. nóvember 1953 og lifði allan aldur sinn í úthverfi Óslóborgar. Hann lifði að jafnaði hlédrægu og einangruðu lífi, svo einangruðu að stundum liðu fleiri ár án þess að hann yfirgæfi íbúðina þar sem hann bjó. Hann svipti sig lífi 18. maí 1995, aðeins 41 árs að aldri.

Af slíku lífshlaupi má skilja að maðurinn gekk ekki „geði kvíðlausu“ sitt æviskeið, hann bjó við mikla sálræna örðugleika, og var að auki veikur á taugum svo hann þoldi illa að umgangast fólk. Að lesa upp sín eigin ljóð gerði hann ekki og þegar hann eitt sinn fékk digra peningafúlgju sem fylgdi með einum af bókmenntaverðlaununum var hann mest hræddur um að missa örorkubæturnar sem hann reyndar skrimti á gegnum lífið.

Strax á barnsaldri þurfti hann að gangast undir aðgerð vegna hjartagalla og má vera að sú „nærdauðareynsla“ sem hann sjálfur yrkir um, hafi sett mark sitt á manninn og hans tilvistarlegu glímu, án þess að maður týni sér um of í skólabókasálfræðinni. Í raun réttir er ósköp fátt skáldlegt í slíku lífshlaupi, skoði maður það hreint tilvistarlega og án samhengis við skáldskapinn. Mér er heldur ekki að skapi mýtan um berklaveika skáldið í kvistinum sem yrkir ódauðleg vers í sama mund og síðustu blóðrefjarnar gúlpast upp úr því. Þjáningin má heita forheimskandi fyrir mér, en hinu



verður ekki neitað að mörg list er, gái maður nær, göfugu þjáning, upphafin taugaveiklun – öskur úr ormagarðinum sem umbreytist í dýrindistónlist er það mætir þípunum í hurðinni, þeim fyrir utan til yndisauka, líkt og kemur fram í gamalli persneskri arfsögn.

Svoleiðis er því einnig farið með Tor Ulven. Í sama mund og þjáningin yfir tilvistinni er ófúð staðreynd í hans eigin lífi er hann það skáld síðari áratuga í Noregi sem minnstur efi ríkir um að eigi að hvíla á himni snillinganna. Enginn seinni tíma rithöfundur hefur hlotið viðlíka lof af svo mörgum þarlandum og erlendum gagnrýnendum, og hann ber stöðugt á góma þar sem rætt er um bókmenntir og ljóðlist, auk þess sem ritaðar hafa verið ritgerðir, esseyjur og til og með bók um skáldlist hans. Tor Ulven var, má segja, tekinn inn í hlýju bókmenntatímaritsins *Vagant* á sínum tíma, og kannski það sé því samstarfi að þakka að hann fékk marga aðdáendur – var séður af samtíma sínum. Bókin sem um ræðir, *Skjelett og hjerte* (Beinagrind og hjarta 1999) er einmitt rituð af nánú samstarfsfólki hans frá *Vagant*-tímaritinu; Torunn Borge og Henning Hagerup. Bæði þessi bók og annað efni um skáldið verður haft til hliðsjónar í eftirfarandi kynningu, þótt hans eigin textar sitji sjálfsagt í fyrirrúmi. Allar þýðingar á textum hans eru á ábyrgð greinarhöfundar; af góðum vilja snarað.

Tor Ulven er skáld dauðans og bölsýnnar, skáld guðleysis og tilgangsleysis en það er sjálfsagt ekki það sem gerir hann að skáldi, heldur gripidið, frumleikinn, einlægnin og nákvæmnin í því hvernig hann miðlar þeirri afstöðu sinni til lífsins. Maður þarf alls ekki að vera sammála svartsýninni til að geta metið listina í skáldskap hans. Og bölsýnisafstaðan er sjálfsagt ekki frumleg eða módern fyrirbæri, í indversku Vedabókunum finnast slíkir bölsýnismenn sem fórna höndum og hrópa að guðirnir séu ekki til, þar sem enginn maður geti séð þá, og Sófókles gríski sagði það væri mannum fyrir bestu að fæðast aldrei, og ef maður yrði fyrir því að fæðast væri affarselast að deyja sem allra fyrst.

Torunn Borge og Henning Hagerup skipa Tor Ulven á bekk með svokölluðum húanískum bölsýnismönnum í þeim skilningi að í bölsýninni er pláss fyrir samlíðan með hlutskipti mannsins. Þarna er hann meðal manna eins og Beckett, Ibsen, Tsjeikov, Camus, Ingeborg Bachmann, Hjalmar Söderberg og Askildsen norska til

að nefna nokkra. Leopardi, hið yfirlýsta skáld svartsýnnar, og Schopenhauer eru hans menn. Tor Ulven er heill og sjálfum sér samkvæmur í guðleysi sínu eins og Stefán G. Stefánsson, heill í ólæknandi bölsýni sinni eins og Steinn Steinarr, sem aftur gefur lesandanum nóg að virða og meta, þó svo hinn sami kunni að tilbiðja Andann Mikla í sínu privat kamesi. Jafnvel mystiker eins og Jon Fosse, samtímamaður hans og nú heimsfrægt leikskáld, dáist að þessari algeru samkvæmni skáldsins. Fosse leitast samt við að gera Ulven að mystiker og kallar ljóð hans samtöl við Guð (Fosse 1993); gerir hann að trúarskáldi með „öfugum formerkjum“ líkt og Kristján Karlsson kallaði Stein, stef sem maður finnur hjá Sigurði Nordal í bók hans um Stefán G. En slíkar súblímeringar er að mínu mati í óþökk skáldsins Tor Ulven. Þessi heilindi og skáldlegu gæði hjá honum eru alveg nóg, og þau finnur maður jafnt í minnstu líkingu sem og í hinu breiða landslagi textanna. Það er vert að gera stans við eina litla líkingu, metafóru, sem líkt og rúmar gervalla heimsmyndina bakvið textana, í einum af prósatextum hans, en Tor Ulven skipti yfir í prósa frá ljóðlistinni á miðjum ferlinum, og lýsti þeirri skiptingu sem frelsandi fyrir sig sem rithöfund.

Ljóðmælandinn, eða ég prósans, er að leik með loftríffil og verður á að hitta lítinn fugl sem dettur niður, og segir síðan: „...og eftirá kom flaksið með vængjunum, það minnti á einhvern sem blaðar órólegur í símaskrá í leit að mikilvægu númeri...“ (*Tæring*, bls. 14).

Hér er um að ræða mjög frumlega og þanþolna líkingu. Vörpunin frá tákniði (fuglinum) að tákmyndinni (símaskráarflettaranum) byggist m.a. á hröðum ósjálfráðum vængjatökum smáfuglsins í dauðateygjunum sem ríma við flaksandi símaskráarsíðurnar, en einnig hér eru hin tilvistarlegu skilaboð skýr; umkomuleysi fuglsins er jafnað við manneskjuna sem í ákefð leitar að númeri (merkingu) í líf sitt, og þótt líkingin virðist köld og fjarlæg á yfirborðinu skilur maður er maður hægir á, að þarna er einmitt samliðanin með viðleitni manneskjunnar komin: Þó svo að engin merking finnist er maðurinn dæmdur til að leita merkingar, í ákefð og örvilnan, ef því er að skipta, eins og sá sem nauðsynlega þarf að finna símanúmer í skyndingu.

Á öðrum stað þar sem skáldið lýsir lítilli plastbeinagrind sem hann átti sem strákur – beinagrindur eru honum stöðugt yrkisefni

– kemur þessi sami hlýlegi húmor fram er hann tengir enska orðið yfir hnéskeljar (knee shells) við norska orðið skjell (skel) sem aftur stendur í duldum tengslum við orðið skjelett (beinagrind) fyrir skáldinu:

Af einhverri ástæðu man ég sérstaklega eftir hnéskeljunum (knee shells), þonsulitlar, og með réttu líkar skeljum, líkt og arfleifð frá hafinu, frumhafinu kannski, sem festist við beinin, og þegar maður drukknaði, og allt kjöt af manni, myndi knéskelin snúa aftur tilbaka í sitt rétta umhverfi, henni gæti skolað á land og hún legið á ströndinni ásamt öðrum skeljum með áþekkan lit og lögum. Skyldleikinn með kalkinu í skelinni og beinagrindinni. Skelin er líka beinagrind (skjelett), reyndar, (og það seinna hljómar sem smækkunarorð af því fyrsta)... (*Grafgjafir*, bls. 55-56).

Af orðanna hljóðan mætti halda að skjelett væri smækkunarorð af skjell, líkt og sígaretta af cigar, en sjálfsagt veit bæði skáld og lesandi að það er ekki svo, öllu heldur sýnir tilraunin til að fá þetta til að stemma umkomulausa viðleitni manneskjunnar til að finna merkingu í eitthvað sem annars er fyllilega merkingarlaust, m.ö.o. „maneskjan er dæmd til merkingar“ líkt og fyrirbærafræðingurinn Merleau-Ponty komst að orði (1969). Svo er þessu farið hvort sem maneskjan vill eður ei. En Tor Ulven er alls ekki óskammfeilinn yfir þessu hlutskipti, þvert á móti tekur hann fullan þátt í merkingarsköpuninni, og það gerir hann *við blíð manneskjunnar* – ekki uppi á stalli glottandi að viðleitni hennar, eins og vill brenna við hjá mörgum meðalmönnum sem gert hafa kaldhæðnina að vopni sínu og verju.

Afstaða Tors Ulven sjálfs til skáldskaparins var einmitt á þessum nótum. Skáldskapurinn á að innihalda persónulega reynslu, sama hve banal, hversdagsleg og hrá hún kann að vera, en má aldrei takmarkast við stílsnilld, fagurfræði eða hið bókmenntalega glæsta. Og hér er einlægnin útgangspunkturinn. Með einlægninni kemst

maður ekki aðeins nær hlutunum í kringum sig og sér hlutina, heldur líka nær sjálfri tilvistinni og nær sínu innra eðli. Þetta ber þó ekki að misskilja; þrátt fyrir þessa kröfu um persónulega kjölfestu verður hún að klæðast í frumleika og stíl einstaklingsins, sem enginn annar getur líkt eftir.

Einmitt hér berst hið sorglega við tilvist nútímamanneskjunnar samkvæmt skáldinu, hún er rænd sambandinu við það dýrslega, við skuggann og líbíðíð í sjálfri sér, í menningu sem gerir náðarlausu kröfu um útjöfnun allra tilfinninga. Þessar frjóu (og í raun skáldlegu) hliðar manneskjunnar eru niðurbældar í nafni mekanískrar skynsemi. Vélgerving líkamans leiðir til sambandsleysis milli líkama og vitundar, og gerir hið mannlega tilvistarform sem eitt af því fátækasta, og hér eru aðeins tvær útleiðir færar: Trúin á sálina eða einhverskonar sadómasókismi. Þetta minnir óneitanlega á analýsu Slavoj Zizeks á *Fight Club* David Finchers (1999); að berja eða vera barinn er hin frelsandi leið út úr tilvistarlegri einangrun manneskjunnar í vélrænu barbaríu síðkapítalismans (2002). Hið sadómasókistíska kemur meðal annars fram í leiksýningu sem skáldið setur á sviði í síðustu bók sinni *Steinn og spegill* (1995). Fjórar kýr koma inn á sviðið og dansa absúrdan dans á afturlöppunum kringum glös með fjórum mismunandi vökvategundum (ein fyrir hvert skaplyndi) og þeim tekst það sem á var miðað: að klára dansinn án þess að brjóta glösin. Næst inn á sviðið kemur manneskja illa til fara, svolgrar öllu úr glösunum í sig svo liggur við köfnun, brýtur glösin og sker sig í ræmur og notar: „sína sjáanlega síðustu krafta í að baula dýrslega að áhorfendum“ (bls. 85).

Eyðileggingin er í öllu, kýrnar koma fyrir líkt og paródía á það mannlega, og manneskjan, er samkvæmt túlkun Torunn Borge og Henning Hagerup: „sjálfstortímandi paródía hins dýrslega“ (1999: 106).

Það er rétt að taka fram að ekki má tengja hugtök eins og hið dýrslega við neikvæðar víddir í „úlfsku“ samhengi. Að missa samband við hið dýrslega er að missa samband við frjóa skynjun dýrsins, við skilningarvitin, við getuna til að njóta. Þannig kemur nútímamanneskjan skáldinu tragískómískt fyrir sjónir, eins og maður í rigningu sem á leið upp í strætisvagninn er nauðbeygður að troða í sig pulsu á metttíma:

...tómatsósan rennur niður fingurna og klístrar þá út, meðan vatnið rennur frá regnhlífinni og inn í ermina og bleytir fötin þegar ég bretti hana saman, og ég finn regndropana skella á andlitinu, og ég tygg eins mikið og ég mögulega get af pulsunni eins hratt og ég get, það snarkar í pappírnum sem umlykur hana, kinnar mínar svella út af háltugginni fæðu meðan kjálkarnir vinna látlaust, og einmitt þegar ég næ tröppu strætisvagnsins get ég krullað saman pulsupappírinn og sett hann í vasann, krækt handfanginu á regnhlífinni undir vinstri handlegginn, með kámugum fingrum held ég á veskinu eða buddunni, sem þannig verður útklístruð af tómatsósu, og gref fram nauðsynlegt klínk til að greiða komandi ferð með strætisvagninum... (*Bíða og sjá ekki*, bls. 122).

Öll skilningarvitin koma við sögu í þessari litlu senu, en maðurinn hefur einungis veður af þessari skynjun „við endimörk vitundarinnar“, líkt og hann síðar segir; í stað nautnaskynjunar dýrsins situr hann uppi með kám, klístur og bleytu þar sem stressið og kröfurnar sem dynja á honum knýja fram sambandsleysið, og þannig má færa rök að fullyrðingunni sem textinn endar á, að nútímamaðurinn sé í raun ekki til. Enn og aftur er Tor Ulven hér á bandi með fjölmörgum greinendum nútímasamfélagsins; Slavoj Zizek er á svipuðum nótum þegar hann dregur fram eina af þverstæðum nútímamannsins, sem hann skilgreinir sem efnishyggjumann án sambands við efnið (2002).

Tor Ulven er ekki skáld sem beinir sjónum að lífinu sjálfu, öllu heldur kemur hann eftirá og les í sporin og menjarnar sem lífið hefur skilið eftir sig. Strax í annarri ljóðabók sinni *Eftir okkur, teikn* (1980) er hin fornleifafræðilega nálgun orðin áberandi. Hið undraverða er ekki lífið, heldur það að eftir lífið er sem ekkert hafi gerst, og þetta er sjálfsagt stef jafngamalt mannlegri hugsun, en tónað frumlega af skáldinu:

Launrúnirnar  
í sjávarklöppinni

nafnið.

En þú ert í öldu-  
ganginum, sem af þolinmæði  
máir út  
merkin eftir óreiðu innsæisins  
og gerir stein aftur  
að steini.

Þótt manneskjan hafi innsæi í tímann og örlög sín er það innsæi markað af óreiðu, tilviljunum, í öllu falli er kemur að jarðsögulegum tíma. Þannig er viðleitni hans til að vera fornleifafræðingur samtímans merkt leitinni að merkingu, þó augljóst sé að merkingin sé ekki finnanleg, ekki nema sem brot úr einhverju stærra og óskiljanlegu samhengi sem fornleifafræðingurinn getur aðeins af góðum vilja og innlifun reynt að gera sér grein fyrir:

FULLUR EFTIRVÆNTINGAR að sjálfsögðu, tók ég litlu, vaggandi og hjakkandi ferjuna yfir og gekk á land á trébryggjunni, gekk eftir skeljuðum malarveginum, þar sem sólarljós og skuggi, undir gömlu slútandi lauftrjánunum, léku í skjálfandi flekkmynstrum, framhjá gula kaffihúsinu þar sem bara örfáir gestir sátu við útiborðin, þar til ég kom á engið, eða sléttuna á miðri eyjunni. Þar sem átti að vera hópur af léttklæddum, skrafhreifum, hrópandi og til og með syngjandi veislugestum var enginn. Grasið skein, skein næstum af grænleik, með sérstakan snemmsumarsfrískleika í litnum. Það varð sem sagt að liggja fyrir misskilningur með tilliti til tíma eða staðsetningar, eða beggja, eða um uppákomuna yfirhöfuð. Ég opnaði vodkaflöskuna sem ég hafði með, lagðist á lítinn grasklæddan hól og starði á hvít skýin sem liðu

í golunni þar uppi, mót blekbláum himni. Það var engu líkara en væri heitt og svalt samtímis. Þarnaest gekk ég niður í fjöru og settist á stein og drakk meira, meðan öldurnar brotnuðu inn á sandinn og steinana. Beint fyrir framan mig lá gúmmísandali af einföldu, ódýru gerðinni með aðeins tveimur reimum; hann var svo slitinn að gúmmíð (rautt) í sólanum braust í gegnum á fleiri stöðum, einkum við hælinn, þar sem hann var áberandi skakkur, og kanturinn niðurtraðkaður í litla flís. Inn í var fót-tauið skítgrátt og efnið allt úr skorðum, sprungið og rifflað eins og gróf dýrshúð. Séð á vissan hátt minnti það einnig á kort af klettóttu strandlandslagi. Manneskjan (kona?) sem hafði notað sandalann var á sinn hátt óhugnanlega nálæg (maður greindi útlínur fótans af slitmerkjunum), og í sama mund órafjarri, ég hugsaði að ég fengi aldrei að vita hver það var. Öldurnar brotnuðu látlaust á ströndina, er á leið nær og nær fótum mínum, sýndist mér. Kannski flæddi að. (*Tæring*, bls. 8-9).

Hjá Tor Ulven gildir einu hvort hann lesi í það sem gerðist í gær eða það sem gerðist á steinöld – allt heyrir fortíðinni til í sama mæli. Líkt og hann freistar þess að lesa út úr slitmerkjum sandalans konuna (mögulega) sem troðið hefur á honum, kemur hann daginn eftir og les úr rúmlakinu þær samfarir sem áttu sér stað kvöldið áður, úr krumpum og beyglum laksins sér hann þær hnykkingar og rykkingar sem farið hafa fram, krumpurnar eru menjar fornleifafræðingsins til jafns við svokallaða dálkhala (krabbategund), sem urðu að steingervingum mitt í sínum samförum fyrir þrjú hunduð miljón árum síðan (*Tæring*, bls. 17). Þessi að hluta til réttmæti anakrónismi segir okkur líka að steinaldarfólkið er jafnlifandi og við sjálf, nokkuð sem býður upp á frumleika, tökum dæmi úr *Ruslasólinni* (1989) um manninn sem reynir að hugga þann sem fallið hefur í götuna:

Þraukaðu, hjálpin  
hefur borist

gegnum skógana  
fyrir löngu síðan

Tíminn læknar ekki bara öll sár, hann kemur líka upp um merk-  
ingarleysi yfirborðslegra og hversdagslegra athafna. Í bókinni  
*Grafargjafir* (1988) tekur hann dæmi um eitt af þessum bréfum sem  
maður les um í dagblöðum að hafi komist til skila eftir 40 ár, þegar  
sendandi bréfsins er löngu látinn, og móttakandinn, gráhærður eða  
sköllóttur, tekur við en:

...bréfið heldur áfram að segja frá líkt og ekkert  
hafi í skorist, heimsókn frændfólks, nýtt starf, um  
ferðalag til baðstrandar, vatnshitastigið, veðrið,  
eins og það var fyrir þrjátíu eða fjórtíu árum síðan,  
baðfötum frá öðru tímabili, úr ull, þau þorna seint  
(bls. 65-66).

Að vera bókmenntalegur skjalavörður samtímans er að takast á  
hendur hið ómögulega. En manneskjan verður samt að reyna, að  
sama skapi og hún er dæmd til merkingarsköpunar. Leið skáldsins  
er að dýpka sig í smáatriðunum í hverju lífi, með því að staldra við  
það smáa og sérstæða verður mannlega tilvistin „svimandi djúp“ í  
stað þess að vera „aumkunarverð flatneskja“. Borge og Hagerup  
líkja Ulven við rannsóknarlögreglumann, sem í stað þess að finna  
hinn seka og koma honum fyrir kattarnef, freistar þess að öðlast  
yfirfyrir sögu mannsins, eins og hún birtist honum í dótinu og  
merkjunum sem eftir liggja (1999: 117). Og vitni maður í René  
Char, skáld sem Tor Ulven mat mikils og gaf út í norski þýðingu,  
þá eru það bara „sporin sem geta nært drauminn“. Í þessu starfi  
spyrðast tragíkin og kómíkin saman í eitt þar sem mörk hins háa og  
lága eru rofin, tannkremstúpan er jöfn musterissúlunni sem menjar  
um fortíðina. Í einni af prósasögum hans kemur fyrir persóna  
sem telur upp hluti í póstpöntunarlista, sjálfsagt úr veruleikanum,  
sem óneitanlega verður kómískt varðveiti maður sjónarhorn



fornleifafraeðingsins, eða hvað mun framtíðin lesa úr þessu: „Blár plasthjálmur með 2 baukum/flöskustatífum með slöngum. Þú setur tvennskona drykkjarvöru í statífin, og opnar fyrir slöngurnar, sýgur munnslönguna og færð dýrðlega (50/50) blöndu beint í munninn“ (*Nei, ekki það*, bls. 98-99).

Það ber ekki að skilja sem svo, að þessari hneigð Ulvens, að bera alltaf að garði þegar lífið er farið hjá, sé einungis ætlað að miðla tilvistarlegri stöðu mannsins, heldur styðst þetta sjálfsagt við hans eigin persónulegu einangrun frá lífinu sökum veikinda hans og einnig einangrun skáldsins frá lífinu, því hann hafði einnig orð á því að hann væri sem á stall settur, sem aftur hreif hann burt frá venjulegu fólki og venjubundnum samskiptum. Einangrunin hlýtur að gefa tilfinningu fyrir því að maður hafi misst af lífinu að meira eða minna leyti. Þetta er nokkuð sem hann kemur sjálfur inn á í síðustu bók sinni *Steinn og spegill* (1995), í ljóði sem heitir *Konsert IV*. Enn á ný sjáum við hvernig bitur lífsreynsla er klædd í hlýju og húmor sem á engan hátt getur kallast íþyngjandi:

Aldrei sá ég almennilegt striptease. Ekki einu sinni nokkuð í líkingu við það. Ég var heimskur og sótti bókmentasinnuð kaffihús og sýslaði með listræna hégómavitleysu í staðinn. Nú er það orðið of seint. Ég er gamall og blindur. Ég verð að láta nægja að heyra klæðin falla. Ég fór með þetta upphátt fyrir annan.

„Minnismerkið er minnismerki yfir gleyskuna sem bíður þess“, segir skáldið, og undanskilur á engan hátt sitt eigið lífsverk frá þessum grimmu örlögum. Nokkur ljóð og aförismar í *Ruslasólinni* (1989) miðla þessu:

(Áskorunin *Gleymdu að ég hafi nokkru sinni verið til* getur ekki umflúið að verða uppfyllt. En af hverjum?)

\*

(Ég finn:)

«Rödd sem kolast  
og fellur sem fínleg hvít aska  
í nótt hinna mállausu»

\*

Breiddu úr þér.

Enginn er kringum þig.

Enginn er hjá þér.

Enginn ert þú.

\*

(Þegar ég vaknaði, var ég gleymdur.)

Þó maður kalli Tor Ulven skáld hégómans og hins forgengilega í mannlegri tilvist þá er engin fordæming í því fólgin hjá honum, sem kannski hefur hann yfir margan móðernískan vælukjóann. Margir af textum hans vitna einnig um einlæga þrá til að brjótast út úr slíkum hugsunum og finna til nálægðar við aðra mannveru, við þú-ið, sem Jon Fosse tengir við Guð, en allteins má líta á sem jarðneskt. Að þessu leyti má kannski líkja honum við Færeyingana í sögu Jørgen Frans Jakobsens, *Barböru*, sem að vísu syngja hinn fræga Kingósálm um forgengileikann (Forfængelighed, forfængelighed) í kirkjunni, en horfa samtímis dreyminnum augum á hina barmfögru Barböru meðan þeir umla sálminn.

„Ég vildi bara snerta þig eins og snjókorn í logni“, segir hann í einni af sínum sáru ástarjátningum, og í öðru ljóði er honum gengið framhjá partýi þar sem græjurnar eru í botni en einungis bassi og trommur heyrast út á stéttina, og þetta minnir hann á hjartslátt: „Og ég man hvernig hvernig var að liggja með höfuðið upp að

brjósti (konubrjósti, ef satt skal segja) og hlusta, og það var það mikilvægasta hjarta sem sló” (*Steinn og spegill*, bls. 9).

Í vinsælu ljóði í *Ruðlasólinni* (1989) er sem þetta þú, þ.e. nálægðin, vinsemdin, kærleikurinn sem skáldið leitaði stöðugt, renni saman við náðarlausu gleymskuna, en öllu er miðlað í einskonar yfirvegaðri sátt gagnvart tilvistarlega hlutskiptinu:

Sestu hjá mér  
mín kæra, segðu frá

tímunum  
þegar ég er ekki

lengur til.

Þrátt fyrir að vera eins og mínushlaðin segull gagnvart plúshlöðnu lífinu, sem gerir lífið stöðugt fjarlægt þó skáldið vissulega leiti lags, má ekki halda að skáldinu Tor Ulven standi á sama um líf og mannlegt félag. Eins og ég hef nefnt virðist skáldið alltaf vera við hlið manneskjunnar í textum sínum, en kastar ekki giffuryrðum yfir hana ofan af einhverjum stalli. Í síðustu bókinni sem hann bjó til prentunar fyrir andlát sitt, *Steinn og spegill* (1995), má finna texta sem vitnar skýrt um hluttekningu skáldsins. Hér ræðst hann að þankagangi og framferði sem virðist bara hafa aukist eftir hans daga, hugsunarhætti sem ekki bara gerir ofbeldið lögmætt, heldur hefur ofbeldið líkt og gildi í sjálfu sér. Vélgering manneskjunnar kemur fram í orðum eins og „sársaukaframleiðsla“, sem minnir t.d. á vopnaframleiðslu, og á bakvið býr hin gróteska von um gróða innan efnahagskerfis sem hefur tekið hið efnislega fram yfir hið mannlega:

Enginn þarf að hvetja til þess. Það er af meira en nógu að taka: náttúrulega sársaukaframleiðslan er í sjálfu sér giffurleg. En það er engu líkara en þeir sjái of lítið þar sem aðrir sjá of mikið, og þeir segja: Drepið þau, pínið þau, heyið stríð gegn þeim, skjótið þau í nafni valdsins, eða í nafni hinnar stóru peningafúlgu, eða fyrir smápening,

eða bara af því þeim líkar ekki við þau, allt kemur út á eitt, því það er ekki nóg að hafa sársaukann sem þegar finnst, það þarf að auka hann, sársaukaframleiðslan þarf að ná hámarki, stórbrotnar pínungarvélarnar skulu hvínandi og gnístandi ná sínum ystu mörkum, hjólin snúast látlaust, unnið er í stanslausri vaktavinnu. Og ég sit og sé þetta á hverjum degi, og spyr mig sömu spurnar í hvert sinn: Hvernig geta þau gert hvert öðru þetta? Hví vilja þau auka sársaukann í stað þess að minnka hann? (Bl. 73)

Sérhverju skáldi, líkt og sérhverjum manni, er tamt að hugsa í tvenndum eða andstæðum og nota sem skýringarmyndir til að framkalla meiningu sína. Tor Ulven tekst hinsvegar líkt og mörgum stórskáldum, að hefja sig yfir sínar skynjuðu tvenndir, upp í himin, ef svo mætti að orði komast, þar sem póesían fangar einskonar augnabliksflóktandi frjósama sátt. Þannig er andstæðuparið einangrun/nálægð útmáð í einum prósatextanna í *Tæringu* (1991), í texta sem gefur ekki aðeins mynd af sáttinni, heldur einnig af því, líkt og Torunn Borge og Henning Hagerup nefna í greiningu sinni: Hversu hinu listræna auga tekst að finna göfugleika og nálægð við frekar pínlegar aðstæður, sem sýndar eru í stofnanalegri umgjörð (1999: 164). Eins og ég skynja textann er myrkrið kringum þau sem dansa, mettað af kyrrð og umhyggju. Myrkrið er ekki aðeins neikvætt, myrkrið er líka uppspretta samlíðunar og nálægðar – nokkuð sem ekki má gleyma er maður básar Tor Ulven sem skáld bölsýni og myrkurs:

HEIMILDAMYNDIN færir sig inn á geðsjúkrahús, greinilega í dagstofu fyrir sjúklingana: hvítir veggir, nokkrar myndir í ramma, borð, grænar plöntur. Kona með kinnfiskasogið, hrukkótt andlit, líkt og upprúllað og brett út að nýju (það átti þá ekki að kasta því heldur núna) oft og mörgum sinnum (andlit sem gefur manni tilfinningu af að sjá áttatíu ára höfuð á

fertugum, líkt og sá sársaukans tími sem skráður er í andlitið væri blandinn tímaskekkju í samanburði við afganginn af henni), hún spilar á harmónikku, dálítið fálmkennt, en næstum hreint, og syngur fyrir hina. Ung kona, sýnir myndin, stendur stillilega á fætur og býður meðsjúklingi sínum upp í dans, og hann lyftir sér, með ögn treglegum ataraxica-hreyfingum, upp úr hægindastólnum, þau takast í hendur og dansa, hikandi, inniskórnir drattast á vínylkæðningunni, nokkurskonar vals, líkamar þeirra virðast hálfpartinn vakna til lífs, og hún brosir til hans, ekki glæst og táldragandi, bara feimið, prufandi, og nú er engu líkara en þau skíni meðan þau dansa yfir hyljdjúpu myrkrinu sem hugsar undir þeim, á myrkursins viðkvæmu, glansandi yfirborðshimnu (bls. 35).

Í þessum látlausa texta berast þeir eiginleikar Tor Ulven sem mér finnst vert að dvelja við; þarna er leikur og barnsleg samlíkingargleði sem dansar á alvöruþrungnum tilvistargrunni, það er frumleiki og nákvæmni, samlíðan og húmor, um leið og skáldið hefur fundið fegurð og samruna þar sem síst mátti vænta, líkt og Borge og Hagerup benda á. Annað dæmi af þessum toga er í sömu bók þegar hann segir frá því hvernig á kvöldstundum, þegar hann er háttaður, hann greinir líkt og fjarlægt fuglakvak en kemst síðan að því að það sem hann í raun heyrir er pípið í eigin stórreykingalungum, og síðan endar hann hugleiðinguna með pöetískri mynd sem tekur fegurðina fram yfir hið íróníska og gróteska sem á undan er gengið: „Lungun eru formuð sem tré, það sitja altso söngfuglar í þeim. Ég er með tré með kvakandi fuglum í mér. Allt sem þarf er að afgangurinn falli burt“ (*Tæring*, bls. 60).

Skáldskapur Tor Ulven sýnist mér til marks um að góð póesía gerir engar kröfur um að lesandi og skáld séu á sama máli um þetta svokallaða líf, og á þann hátt gefur dæmi hans von um að póesían geti lifað, einnig á tímum fjölhyggju þar sem allir eru djöflinum upplýstari og „malla sínar prívát kássur“ svo maður vitni í Sigfús Bjartmarsson. Það sem framar öðru gerir Tor Ulven merkan, er

hin algera samkvæmni milli hugsunar, líferniss og skáldskapar; skáldið hefur að fyrri bragði glímt sína glímu ærlega, og komist að sínum niðurstöðum, án þess að nauðga þeim upp á lesandann berum orðum. Hann er með öðrum orðum kurteis, þrátt fyrir eigin fullyrðingu um að hafa sem prinsipp að „skrifa ókurteisar bækur“ (Vagant 1993 – viðtal).

Heimsmyndin sem hann gengur út frá er alltaf nálæg, líkt og í dempaðri lýsingu í bakgrunninum. Þetta minnir ekki aðeins á skilaboð Joseph Conrad um að rithöfundurinn verði fyrst að smíða sér heim sem hann trúir einlægt á, áður en hann fer að skrifa, heldur líka þá athugasemd rússneska skáldsins Osip Mandelstam, sem fullyrta að hin póetíska vitund „veit að hún hefur á réttu að standa“ (1992). Og þessi orð eru ekki í neinni mótsögn við athugasemdir móðernista eins og Olav H. Hauge sem bað heldur um dropa en allt hafið þegar hann þyrsti, eða Þorstein frá Hamri sem minnir mann á að byggja aldrei húsið svo vel að ekki sjáist rifa í stjórnur í gegnum; þ.e. heimsmyndin má aldrei verða svo skotheld og vel byggð að maður loki heiminn af fyrir utan. Bæði þessi skáld vita að þau hafa á réttu að standa um ófullkomleika mannsins til að skynja og skilja heiminn. En ætli maður verði ekki að reyna að klambra upp einhverjum kofa samt, gæti maður sagt að væri hugsunin sem Tor Ulven miðli með textum sínum.

Tor Ulven á kannski síst skilið að falla í þá gleysku sem hann er dæmdur til, samkvæmt eigin niðurstöðu. Og sökum þess að hér hef ég aðeins velt við nokkrum steinum í póetísku landslagi hans, er við hæfi að enda á ljóði úr bókinni *Eftir okkur, teikn* (1980), sem ber nafnið *Skyldukennsla*:

Þú veltir við steini á rakri jörðinni af því þér hugnast að sjá maurana, fölgula maðkana og járnsmiðina sem líkt og vænta mátti iða undir honum; allar þessar smápöddur sem þú ert fyrstur til að uppgötva, til að grípa glóðvolgar. En á undirhlið steinsins er að þessu sinni andlit, og þetta andlit fer að mæla þvoglumæltri röddu, meðan litlir moldarklumpar losna kringum munninn. Er fram í sækir skilur þú af marrandi

en valdmannslegri ræðunni, að nú er komið  
að þér að liggja með andlitið ofan í moldinni,  
alveg þartil einhver kemur og snýr þér við, ærið  
tilviljunarkennt, gripinn af ungæðislegri forvitni.

Bækur eftir Tor Ulven sem vitnað var í:

*Etter oss*, tegn. Dikt. Gyldendal. 1980.

*Forvinningspunkt*. Dikt. Gyldendal. 1981.

*René Char: Raweri og mysterium*. Gjendiktningar. Gyldendal. 1985.

*Det tålmodige*. Dikt. Gyldendal.

*Gravgaver. Fragmentarium*. Gyldendal. 1988.

*Søppeløolen*. Dikt. Gyldendal. 1989.

*Nei, ikke det. Historier*. Gyldendal. 1990.

*Fortæring. Prosaestykker*. Gyldendal. 1991.

*Vente og ikke se. Historier*. Gyldendal. 1994.

*Stein og speil. Mixtum compositum*. Gyldendal. 1995.

*Essays*. Gyldendal. 1997.

Rit sem stuðst var við:

Borge, Torunn og Henning Hagerup. 1999. *Skjelett og hjerte. En bok om Tor Ulven*. Tiden Norsk Forlag.

Fosse, Jon. 1993. «Før og etter auget». Eftirmáli í ljóðasafninu *Det verdiløse*. Dikt i utvalg. Den norske lyrikklubben. 1993.

Merleau-Ponty, M. 1969. *Tegn*. København: Rhodos.

Mandelstam, Osip. 1992. *Ordet och kulturen*. Essäer översatta och kommenterade av Bengt Jangfeldt. Stockholm: FIB:S Lyrikklub.

Vagant nr. 4: 1993. (hefti tileinkað Tor Ulven).

Zizek, Slavoj. 2002. *Virkelighetens ørken. Artikler om den globale kapitalismens maskineri*. Oslo: Gyldendal.

---

*Bergsveinn Birgisson (f. 1971) hefur gefið út ljóðabækurnar Innrás ljúanna, og Íslendingurinn, og skáldsöguna Landslag er aldrei asnalegt. Bergsveinn býr í Noregi og vinnur að doktorsritgerð um dróttkvæði og miðlun þeirra.*

Ó M Æ L I  
b l á m i  
f j ó l u á t t  
r o ð i

YFIRLÝSING

Ó

s l

T  
U  
R  
N

UMTÚRNA

h s j ó n d e i s d a r b h r i ö n g u r k  
h ú ú A s b N ö k  
L N Á D M

G  
E  
I  
R  
STEFNIR

TÓR

Gatnamót  
MALBI

K

SEBRAHESTAR-HÚS-MALBIK-HÚS-SEBRAHESTAR  
SEBRAHESTAR-hús-MALBIK-hús-SEBRAHESTAR  
SEBRAHESTARHÚS-MALBIK-HÚSSEBRAHESTAR  
SEBRAHESTARHÚSMALBIKHÚSSEBRAHESTAR  
SEBRAHESTARMALBIKSEBRAHESTAR

EyraGlerAuga O-O GlerAugaEyra

h u g a r h e i m a r  
s e b r a r a r  
h l j ó m a r



---

*Haukur Ingvarsson (f. 1979) er ljóðskáld og MA í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann hefur birt ljóð í tímaritum, og árið 2004 kom hans fyrsta ljóðabók, Niðurfall, út hjá Máli og menningu.*

## berwick

broccoli smith bequeath clad sweeney  
purgatory corrupt bindweed toefl  
carefree committeeman  
omelet umbrage cite  
diabolic freeing quicklime  
spain granitic fact  
bridge minus brookside  
massey ragout avowal

Ljóðið „berwick“ er ekki eftir neinn höfund og ef ég hefði ekki lesið þetta ljóð er ekki víst að nokkur manneskja hefði lesið það nokkru sinni. Þetta er torskilin runa af orðum, sumar samsetningar finnast mér nokkuð svalar, „bridge minus brookside“, „diabolic freeing quicklime“. Markmiðið var líklega ekki að búa til heildstætt ljóð, orðunum var ráðað saman af tölvu til þess að lauma til mín ruslpósti frá „RX meds“. Markmið orðarununnar var að til mín bærisk nýtt tilboð á VIAGRA standpínulyfi. Netþjónar heimsins hafa komið sér upp síum sem greina mynstur í tölvupóstsendingum, ef þúsundir skeyta reynast samhljóða og koma öll úr sömu átt ályktar forritið að um fjöldasendingu sé að ræða og því er póstinum eytt áður en hann kemst til skila. Til að sjá við þessu hafa ruslþrjótur hannað forrit sem búa til tilviljanakenndar orðarunur til að fylla neðsta hluta skeytanna. Ljóðið berwick er ein þeirra.

Við erum fyrsta kynslóðin sem getur lesið ljóð eftir vélar. Skynfæri okkar hafa verið undirbúin með dadaisma, súrrealisma og

móðernisma. Sem lesendur erum við komin til nægilegs þroska til að takast á við þetta verkefni. Sá sem hefur lesið bókina Eunoia eftir Christian Bök og fílar óreiðuna og brjálæðið í „Veggfóðruðum óendanleika“ eftir Ísak Harðarson og fílar tilviljanakenndar og „kúl“ setningarnar í Dymbilvöku eftir Hannes Sigfússon getur ekki annað en gefið ljóðinu Berwick séns. Það er kannski ekki alveg jafn gott og það sem Bök og Ísak gera en í báðum tilfellum er maður þó að pikka út einstaka merkingar og setningar í flóði af því sem virðist vera bull og þetta vekur hughrif og tengir saman ólík og óvænt merkingarsvið í höfðinu og hefur þannig sömu áhrif og góður súrrealismi. Þetta er hugarvikkandi. En tölvan er enn vissulega á sama stigi hvað varðar tungumálið og grafíkin var árið 1980.

Ef maður vill finna höfund að verkinu þá er það líklega forritarinn. Það er hann sem býr til mengið og skilgreinir „bragarháttinn“. En með því að skilgreina bragarháttinn á þennan hátt þá hefur hann líka sölsað undir sig ákveðna sneið af mögulegri samsetningu tungumálsins, stærðfræðilega séð. Með einfaldri formúlu lætur hann meira en milljarð ljóða verða að veruleika. Það er vísindalega sannað að mörg þeirra eru rusl. En það er vísindalega sannað að nokkur þeirra verða alveg stórkostleg.

Á hverjum degi eru sendar út milljarðar skeyta á þennan hátt og ljóðavél lyfsölnnar RX meds framleiðir milljarð ljóða á hverjum degi. Flestar eru runurnar óreiðukenndar og hálf súrrealískar en fyrir þá sem ekki hafa áhuga á slíku þá hlýtur einn daginn að verða til mjög falleg runa út frá fagurfræði hefðbundinnar hugsunar. Og þótt bréfin fylli pósthólfið mitt og þótt þau hafi farið í taugarnar á mér þá get ég ekki lengur hent ruslpósti ólesnum, ekki síðan ég fór að taka eftir ljóðunum neðst í hverju bréfi. Mörg þeirra eru frekar flott á sinn óreiðukennda hátt og það er vísindalega sannað að einn daginn mun forritið hitta á lausn lífsgátunnar. Einn daginn mun tölvan senda einhverjum magnaða orðarunu sem er í rauninni „sannleikur allífsins“ eða „ljóðið sem stöðvaði Íraksstríðið“, eða „ljóðið sem kom í veg fyrir Kárahnjúkavirkjun“ eða „ljóðið sem breytti lífi mínu“. Það er vísindalega sannað en hið sorglega er að ef þetta ljóð verður einhversstaðar til og verður sent út í bláinn þá mun forritarinn/skáldið/sendandinn ekki vita að þetta ljóð varð til og því er eins líklegt að viðtakandinn fussi og sveii og kasti bréfinu í ruslið án þess

## Af ljóðum

nökkru sinni að vita að hann var rétt í þessu að henda „ljóðinu sem breytti heiminum“, ólesnu í ruslið. Hann gæti hins vegar freistast til að panta standpínulyf án þess nokkru sinni að skruna niður og lesa það sem stendur á botni bréfsins en þá hefur ljóðið þjónað tilgangi sínum gagnvart þeim sem framleiddi það. Hann er ekki að biðja um meira. Markmið hans er að selja standpínulyf og ljóðin eru aðeins einnota smyglhylki til að þjóna þessu markmiði.

Þessar orðarunur virðast koma frá ólíkum fyrirtækjum og menn hafa þróað ólík ljóðforrit til að plata netþjónana. Ljóðið „dice“ kom til mín um daginn og mér fannst það frekar flott líka. Sérstaklega ef það var lesið upphátt:

dice

dichondra dichotomy diatribe dietetic dichotomy diathermy.  
die diathesis diatonic dichloride diethylstilbestrol dickson die.  
dickcissel dichotomize dick die different dictum diatribe.  
dietetic diego dickins dichotomous dido.  
different diet dice dickens dictum dichloride dichloride.  
died dictionary dictum diatomaceous diatomic dictate did.  
diathesis differentiable diathesis dictum didn't died diehard.  
dickcissel diathermy dibble dietician diatom diction dichloride.

Næsta ljóð kom mjög nýlega. Það er einskonar klippiljóð þar sem tölvan virðist fara í einhvern gagnagrunn og sækja sér textabrot og raða saman aftur.

Frá: nectarios@home-schooled.com

Efni: Much Much More conscription

Dags: 14. maí 2005 06:58:08 GMT

Til: annask@simnet.is, 20kptay@simnet.is, venuz@simnet.

is, andri@simnet.is, kus@simnet.is, furthor@simnet.is, og 2 til viðbótar...

GET GOOD V\*I\*A\*G\*R\*A PILLS HERE!

Took all the hurt away, (my hurt away)

Warmed me up inside (warmed me up inside like a summer day)  
eerrand flexist eurpean filecopy  
Yeh! let yourself go! All you gotta do is just let yourself go  
Mmm come join in love and brotherhood  
We'll hear the word and bring our  
gifts of bread and wine

Ég hélt fyrst að hér hefði verið um tækniframfarir að ræða. Að tölvan væri farin að tjá „tilfinningar“ en með því að fletta upp orðum í Google má sjá að ljóðið er samsett úr beinum vísunum í dægurlagatextana, Heard A Word með Destiny's Child og Presley textunum Let Yourself Go og Let Us Pray. Persónulega er ég hrifnari af fyrstu ljóðunum sem eru ort frá grunni.

Ljóðið verður til í höfði lesandans, hvergi er það jafn ljóst og í tilfelli fyrstnefndu ljóðanna. Mitt er að yrkja þitt er að skilja. Í þessu tilfelli er mitt að skilja og túlka. Skáldið er ekki til, aðeins túlkandinn stendur eftir. Kannski er þetta draumaveröld bókmenntafræðingsins, heimur þar sem engin skáld trufla „textann“, í stað skáldsins kemur bókmenntafræðingur sem finnur texta og gefur þeim merkingu og vekur á þeim athygli. Tölvan er heldur ekki að segja neitt, orðin eru tilviljun og merkingin sömuleiðis. Textinn er eins og hrafninn sem sest á kirkjukross eftir jarðarför. Hrafninn er ekki að segja neitt. Svartur fugl er bara að setjast á spýtu en áhorfandinn, manneskjan, túlkandinn gefur þessu merkingu. Svartur fugl sem sest á trúartákn við andlát manneskju er mynstur sem enginn hefur skrifað en sá sem sér þetta hann „túlkar atburðinn“. Það er skáldskapurinn í hversdagslífinu. Hver einasti áhorfandi myndi sjá þetta og túlka atburðinn. Þannig starfar skáldið. Það er hlutverk skáldsins að tengja saman hið óvænta, hið hversdagslega að koma mynstrunum í orð. Að gefa heiminum merkingu. En hér er komið annað stig. Hér hefur orðunum verið raðað saman.

Á hverjum degi kemur til mín óvænt tenging og kúl setning eins og „strombine texas jesus“ í einu ljóði sem kom í ágúst árið 2004. Mér fannst það kúl tenging. Alveg eins og framúrstefnuleg raftónlist hefur gert mér kleift að skynja fegurð í suðinu í miðstöðvarofni eða taktinn í truflunum í útvarpi þá finn ég að ég er undirbúinn fyrir næsta stig ljóðlistarinnar: VÉLAÖLDINA.

Stærðfræðilega má segja að allar samsetningar tungumálsins „séu til“. Alveg eins og að á milli talnanna tveir og fjórir er talan þrír, þá eru öll mynstrin þegar til. María elskar Magnús. María hatar Magnús. Þetta er allt til hvort sem það hefur áður verið sagt eða ekki. Ef maður ímyndar sér að enginn hafi skrifað út margföldunartöfluna þá er ekki hægt að segja að maður hafi „uppgötvað“ að  $6 \cdot 6$  er 36.  $6 \cdot 6$  er einfaldlega 36.

Eins og skáldið leitar í höfði sínu að orðum og runum til að setja á blað þá munu vélarinnar gegna þessu hlutverki í framtíðinni og framleiða runurnar á mun fullkonnari og hraðvirkari og skilvirkari hátt en skáldið gæti nokkru sinni. Tölvann mun nýta til fulls reiknigetú sína með öflugum samanburði við rafræn gagnasöfn og heimildir um viðtökur orða og merkingu þeirra. Ef skáldið á að hafa eitthvað hlutverk þá væri það helst sem hlutverk hins góða túlkanda. Hlutverk skáldsins verður að fara í gegnum runurnar sem tölvunnar framleiða og finna texta, ljóð og jafnvel sögur sem hafa merkingu og hæfa samtíma hans. Skáldið verður hinn meðvitaði ritstjóri sem velur úr framleiðslu vélarinnar og færir áfram til mannheima, setur jafnvel saman í bók.

Eins og í skammtafræðinni þá verður „ljóðið sem stöðvaði Íraksstríðið“ einskis virði sem texti sem hefur raðast saman og hlaðist inn á harðan disk. Það má jafnvel segja að ljóðið sé ekki til fyrr en einhver hefur lesið það. Stærðfræðilega eru allir samsetningarmöguleikar tungumálsins til, það er ekki fyrr en skáldið rambar á samsetningu sem við segjum að hún hafi orðið til. Ef tölvann fyllir harðan disk af öllum þessum samsetningum þá er hægt að segja á sama hátt að ljóðið hafi ekki orðið til fyrr en einhver finnur ljóðið, les það og skilur. Þegar ljóðið hittir lesanda sinn verður ljóðið til.

Ljóðavélin er á frumstigi, ég sé fyrir mér að vígbúnaðarkapphlaup ruslpóstfyrirtækja leiði til þess að símafyrirtækin þrói „lesendur“, tölvuforrit sem metur kveðskapinn og orðin og gildi þeirra áður en þeim verður hleypt áfram. Forrit sem metur hvort orðin raðist í einhverja vitræna röð og á móti muni spam fyrirtæki, fyrirtækin sem framleiða pósthaf, þróa forrit sín enn frekar.

Ég sé fyrir mér að þessi þróun muni leysa ljóðið úr þeirri kreppu sem ljóðið er vissulega í. Öll listform hafa eignast hjálpartæki sem

hafa gagnast til að færa listsköpunina upp á annað og herra svið, tónlistarmenn hafa eignast hljóðfæri, samplara, rafmagnsgítara og tölvur sem framleiða hljóð sem milljón manns hefðu ekki getað búið til. Tónskáldið getur látið sífóníu hljóma án þess svo mikið sem að kalla út einn hljóðfæraleikara. Reiknihraði örgjörva hjá venjulegri bílskúrssveit myndi duga til að hanna kjarnorkusprengru. Þetta gildir um öll svið listarinnar, myndlistarmenn, kvikmyndagerðarmenn, hönnuðir, arkítektar, öll hafa þessi svið fundið sig í hringiðu tækniframfara og hagnýtt þau.

Skáldið er alltaf fast við sinn haus, þótt það kaupir sér ofurtölvu þá er reiknihraðinn ekki takmarkandi þáttur við að semja hæku til dæmis og þótt ljóðið sé skrifað á iMac með fullkomnu ritvinnsluforriti þá er ekkert víst að það verði spaklegra en Hávamál eða Bókin um Veginn eftir Lao Tse. Það er alltaf hausinn, tilfinningarnar og svo er það tungumálið og minnið og lesturinn, endalaus lestur og innbyrðing á texta. Vélaöldin er rétt að hefjast, það bjarmar loks fyrir þeim degi sem skáldið kemst á það stig tæknifrelsunar sem aðrir listamenn öðluðust fyrir löngu.

Ég sé fyrir mér að rímið og ferskeytlan muni mjög fljótlega lenda í sömu kreppu og skáklistin. Ég sé fyrir mér að Djúpblá frá IBM muni leysa hagyrðinginn af hólmi. Ég sé fyrir mér forsíðufrétt þar sem Djúpblá hefur kveðið Hákon Aðalsteinsson og Þórarinn Eldjárn í kútinn. Ég sé fyrir mér að Djúpblá muni hafa aðgang að öllum þeim ferskeytlum sem samdar hafa verið og ég sé fyrir mér að Djúpblá muni síðan reikna út alla stærðfræðilega möguleika á uppröðun ferskeytlu samkvæmt íslenskri tungu. Ferskeytlan er dæmi um stærðfræðilegt mynstur með skýrar reglur og takmarkaða möguleika á rími og stuðlum. Það má eiginlega segja að ferskeytlan sé „forrit“, hún er regla fyrir heilann sem takmarkar og skilyrðir möguleika og beinir orðum í ákveðinn farveg. Öflug tölva og einfalt forrit getur reiknað út alla möguleika á ferskeytlu á mjög einfaldan hátt með aðstoð orðabókar. Þannig gæti tölvan sparað þúsund ára vinnu hagyrðinga á innan við einum degi. Ég sé fyrir mér miklar framfarir á hagyrðingakvöldum með betri ljóðum og tvíráðari og fyndnari með fullkomnara og óvæntara rími. Þetta verða milljarðar ferskeytlna sem verða geymdar á hörðum diskum og með leitarforriti getur maður síðan „fundið“ rétta ferskeytlu. Þetta er líklega skýrasta

dæmið um að það er enginn „höfundur“ að ferskeytlu. Fram til þessa hafa aðeins ákveðnir einstaklingar verið færir um að „finna“ ferskeytlu. Það eru þeir sem hafa þróað með sér þá hæfileika að beita reglunum í sínu eigin höfði. Eftir að Djúpblá hefur reiknað þær allar út þá verður nóg að slá inn nokkur leitarorð og þá birtist ferskeytlan. Ef maður vill til dæmis finna ferskeytlu þar sem saman koma orðin, „sumar“, „köttur“, „ást“ og „Dísa“. Þá slær maður inn þessi orð og leitar síðan að þeirri ferskeytlu sem manni líst best á. 3000 ljóð þar sem þessi orð koma fyrir í mismunandi tilbrigðum og maður geti valið sér ljóðið og unnið hug og hjarta Dísu.

Það er síðan mjög líklegt að enginn muni hafa lesið þessa ferskeytlu nema maður sjálfur og þá má segja að maður hafi þar með „samið“ hana. Höfundarrétturinn verður auðvitað hjá þeim sem hannaði forritið. Höfundar ferskeytlna verða viðurkenndir upp frá því fyrir forrit sín en eftir það verður ekki hægt að vera höfundur ferskeytlu. Þær verða allar varðveittar á harða disknum, hvort sem einhver hefur lesið þær eða ekki, þá verða þær allar varðveittar sem stærðfræðileg útkoma.

Ég sé fyrir mér að barist verði um þessa vél. Ég sé fyrir mér að sá stjórnmalamaður sem hefur aðgang að ferskeytluvélinni muni alltaf hitta naglann á höfuðið í ræðustól og kveða hvern einasta andstæðing sinn í kútinn. Ég sé fyrir mér að hvað sem hann segir muni það verða sem sannleikur þegar það er komið í form rímsins og ferskeytlunnar. Ég sé fyrir mér að þar verði loksins sýnilegt, „valdið yfir tungumálinu“ að með þessari vél væri ýmist hægt að reisa virkjun eða stöðva hana, fella ríkisstjórn eða koma henni til valda. Stefna þjóðinni í stríð eða beina henni gegn stríðinu. Ég sé fyrir mér að hvað sem þessi stjórnmalamaður gerir, þá muni það vera hnyttið. Það er ekki hægt að ganga á móti hnyttinninni.

Ég sé fyrir mér að þessi vél verði teprulaus, að hún muni ríma saman hluti sem mannshugurinn hafnar, ég sé fyrir mér að þessi vél verði fullkomlega laus við sjálfsritskoðun og siðferði, hún mun orða tilfinningar sem ekkert skáld þorir að horfast í augu við, ég sé fyrir mér að útkoma vélarinnar verði yndisleg, hneykslanleg, hræðileg, ég sé fyrir mér að vélin verði húmanisti og nasisti og mannhatari og trúarskáld og hún verði væmin og hún verði nunna og barnaniðingur



og stjórnarsinni og andstæðingur og hryðjuverkamaður og frelsishetja og kommúnisti og frjálshyggjumaður og hún muni hvetja mann til dáða og svipta mann allri von vegna þess að allt sem hún segir verður satt vegna þess að það verður rímað í form sannleikans. Ég sé fyrir mér að vélin verði fyndin og súrrealísk og hún muni buna út úr sér skáldskap dag og nótt og öld eftir öld og ég sé fyrir mér að hún muni réttlæta ofbeldi og fella ríkisstjórnir, ég sé fyrir mér að hún muni valda stríðum og deilum með níðkvæðum um fyrrverandi vinþjóðir, ég sé fyrir mér að hún verði valdur að þriðju heimsstyrjöldinni þar til daginn sem einhver rambar á FERSKEYTLU ALLÍFSINS. Þá verður slökkt á vélinni og allt verður gott..

---

*Andri Snær Magnason (1975) er rithöfundur. Hann lauk BA-prófi frá Íslenskuskor HÍ árið 1997. Hann hefur gefið út ljóðabækurnar Ljóðasmygl og skáldarín, Bónusljóð og Bónusljóð 33% meira, smásagnasafnið Engar smá sögur, barnabókina Sagan af Bláa hnettinum en fyrir hana blaut hann Íslensku bókmenntaverðlaunin, og skáldsöguna LoveStar, en fyrir hana blaut hann Menningarverðlaun DV. Andri hafði forgöngu um útgáfu ljóðasafnsins Bók í mannhafið.*

## ég er heiðursriddari

já  
ég kveikti í hárinu þínu  
og  
já  
ég kýldi þig á kjaftinn  
og  
já  
ég gifti mig á bak við þig  
og  
já  
ég skrifaði þessi hræðilegu ljóð um  
okkur  
um ástríðufullu næturnar okkar  
og hversu andstyggileg þú  
værir  
og  
já  
ég eyðilagði einu 3 ástar  
bréfin  
sem ég hef sent þér  
(ég braust inn í íbúðina þína á meðan  
þú þóttist  
búa á húsbáti í  
Amsterdam  
og brenndi þau í

arninum)  
og  
já  
ég neitaði að giftast þér  
og koma okkur vel fyrir og eignast  
börn  
og  
já  
ég tók þig upp á maganum  
og kastaði þér þvert yfir  
gólfið  
og  
þú misstir fóstur  
sem þú sagðir mér aldrei að  
þú gengir með  
og já ég gaf þér skammt af  
lekanda  
þegar ég svaf hjá þessari  
þýsku vændiskonu  
og já ég neitaði að sofa hjá  
þér  
og  
já  
ég svaf hjá þessari japönsku stelpu  
og sárþændi hana að bjarga mér frá  
Tyrkjaveldinu  
og  
þegar þú baðst mig um að ljúga  
gerði ég mitt besta til að ljúga  
og  
já  
ég talaði við þetta  
heimskulega dagblað  
þegar þú bölvaðir mér að gera það ekki  
en  
elskan mín  
ég kýldi þig

aldrei  
eins fast og ég leyfði þér að  
kýla mig  
né hef ég  
svo að mér vegni betur  
afneitað þér  
eins og þú hefur  
afneitað mér  
eða logið eins og þú  
en  
ef einn góðan veðurdag  
þurfir þú á vini að halda  
sem er ekki sammála þér  
sem  
mun láta þig vita  
þegar þú ert með yfirgang  
kjaftæði  
og vitleysu  
sem hefur hlustað á  
kvíðann þinn  
og verið til staðar þegar þú hættir  
með kærustunum þínum  
og gefið þér tíma  
og peninga  
þegar þig skorti  
og hlustað  
þegar þú vildir drepa  
þig  
ég er hér  
og  
mun  
aldrei  
bregðast þér  
því  
ég er heiðursriddari

---

*Billy Childish fæddist árið 1959 í Chatham á Englandi. Á undanförunum 25 árum hefur hann gefið út yfir 50 ljóðabækur og 5 skáldsögur. Hann er einnig afkastamikill tónlistarmaður og málari. Ljóðið er úr bókinni *the 1st green horse god has ever made* frá Urban Fox Press, 2004. Birt með góðfúslegu leyfi. Ófeigur Sigurðsson þýddi.*

## Om Pia Juuls sagde jeg, siger jeg

Man kan ikke lyve for nogen anden end sig selv, det er sagt så tit og sandt ville det være hvis man boede alene i en skov, uden radio, tv og havde ingen adgang til det løgnfulde samfund vi fødes i, og fortsætter med at lyve for os fra fødsel og helt igennem livet, imens samfundet samtidigt bevæger ansvaret væk fra sig selv, og ned til hver enkel person som så tit nutildags identificerer sig som en forbryder, el.morder, der langsomt tager livet af sig selv med forkert diet og gal livstil. Der mangler måske ikke evnen til at skelne mellem løgn og sandhed, fra det vi hører, ser, føler, læser i avisen, vi har bare ikke tid nok. Og løggen er jo frugtbar. Den vokser som de dejligste blomster og dekorerer de vidunderligste haver. Den giver poesien vinger, den giver tungen og munden latter og den lader os danse som månen i skyerne en af de skønneste sommernætter.

Digteren og forfatteren Pia Juul bor i en skov ude på Sjælens land; hvor skulle en digter bo, når en digter ikke rejser i tog eller ligger på sygehuset eller i fængslet, hvis ikke i skoven? Skjult af de evige træer og de lavstemte skovdyr, skovfuglerne og elverne. Når du bor tyve eller tredive kilometer væk fra hovedstaden, er der en del af informationerne, en god portion af melankolien, samtidens ironi, mutuale fantasier og dagens nyheder som lægger sig ned på vejen derved, når aldrig længere end til byens udkant. Isolation, ligesom for den immuneløse leukemia patient, er digterens friheds champagne når en digter har gentaget levet sit syttende forår og gider ikke en tur til.

sagde jeg, siger jeg, Pia Juuls digtsamling nummer fem, blev publiceret det dejlige år 1999, hvilket år de fleste digtere og frugtbare mødre og fædre, skulle have brugt for at uddele værker og føde. Digtsamlingen er bred og stor og selve digtene hænger sammen, hvert et digt som en metalring i en uendelig lang stål kedje. Eller 20 cm lange togsfors-søm i en selvstændig toglinje som ingen, ikke nogen, har kortet til, men man kan følge linjen, og sporene, hvis man er så heldig at få fat i bogen. Sømmene har ikke noget til fælles med de søm som blev brugt af de mordere som korsfæstede Jesus Krist, og desværre, desværre endnu hvert år, bliver han korsfæstet. Kunde man nu ønske sig at næste år og kommende år ville de lade være, og lytte til hans besked i stedet for at gentage det mest ondskabsfulde mord. De-slags søm som Pia bruger kan i hendes hænder blive voldsomme men de sårer aldrig eller sjusker til, et menneskeligt væsen. Man kan godt nok bruge hendes søm til at bryde et hul i Handelsbankens mur og hviske gennem hullet – et af hendes digt – og dets besked kommer nok til at gå videre. Det er jeg så sikker på, som jeg sidder her og hedder Kristin, hvis jeg hedder det.

Først i bogen, sagde jeg, siger jeg, foran selve digtene, har digteren valgt en overskrift fra en popsang som lød tit i radioen dengang en lille del af Scandinavias voksne befolkning var omkring sytten år gammel:

“It’s my party and I cry if I want to.”

Lesly Gore skrev det engang. Jeg tror nok at Tracy Ullman har sunget det, hvis jeg husker rigtigt, og godt kan jeg huske videoen som fulgte med sangen:

en pige sidder i en vogn, udenfor regner det ad helvede til, og rusetørkene bevæges hurtigt hurtigt mens pigen græder og synger den dejlige sang

Hvis man dog husker rigtigt.

Og her kommer vi til et af Pia Juuls mange temaer i sin digtsamling: hvad huskes, hvad er rigtigt, hvem hedder hvad, et eller andet, hvad betyder en skjult betydning man ej kender, og hvad rager det dig, for alt efterhånden forsvinder. Hvis du er i tvivl – og hvis du vil bruge din tid til at være i tvivl – gør du det, imens jeg:

“Selv går jeg i tivoli  
- luftgyngen dør –  
for ikke at tvivle men hænge  
til tørre i trækronens latter” ... (57)

Det vil ikke sige at Pia ikke tager ansvar, og hun intet er alvorlig. Det er hun sgu. Som de alvorlige humorister søger hun delvis sit stoff ned under depressionens sø og henmod lyset og den susende leg – vinden fra karoussellerne og myggens erotik. Og narre kan hun akademiets herreguds traditionelle energitvivl og ikonerdyrkning. Fordi hun ved at vores øjne kan se, hvis man som barnet kigger:

“ Der ligger et dyr under jorden  
- det har hun [Det lille menneske] set  
og alt det jeg ikke kan se  
kan hun tegne... ”(55)

I digtsamlingen siger jeg, sagde jeg, finder læseren dyrbære sætninger som bombarderer læserens urværk og dirrer ved læserens følelser. F.eks:

“De har sendt en gammel mand ud i rummet”  
(52)

Og:

“når det nu så tit er nat” (45)

Og:

“Jeg lå i mit daglige / latteranfald og lo så / let og  
mildt at man / ku ha troet jeg var / en kvinde / Jeg  
troede det næsten selv” (40)



Der er ikke tid eller rum nok for flere citeringer her, og jeg vil heller ikke spilde læserens fremtidelige nyd, fryd og rumløse oplevelser.

sagde jeg, siger jeg, er et helt selvstændigt værk. Digteren bruger bibliske og eventyriske tegn i høj grad. Pias bibliske digte er voldsomme og magtfulde og deres muligvise fortolkninger tør jeg ikke nævne eller analysere. Det bliver efterladt os alle sammen i vores hellige ensomhed. Digtsamlingen sagde jeg, siger jeg, kræver læserens øjne og øre, og ligesom de ondskapsfulde, magiske, fornøjelsesfulde eventyre venter òn i skoven, venter Pias digter Dem.

Velkommen til Pias fest .

P.S.

Gad vide om digtsamlingen kan købes i live oplæsning direkte fra scenen, fordi Pia Juul er en af de beste oplæsere verden har hørt og set.

---

*14 IV 2005, Barcelona, Kristín Ómarsdóttir og Sveinbjörg Bjarnadóttir. Kristín Ómarsdóttir (1962) er ljóðskáld, hún stundaði nám í bókmenntum og spænsku við HÍ. Kristín hefur jöfnum höndum fengið við ljóða- og skáldsagnagerð, smásögur og leikritun. Hún blaut Menningarverðlaun DV árið 1998 fyrir bókina Elskan mín ég dey. Sveinbjörg Bjarnadóttir (1979) ólst upp í Kaupmannahöfn, hún lagði stund á mannfræði við Háskóla Íslands og stundar nú nám í ljósmyndun í Barcelona*

## 3 ljóð úr ljóðabókinni sagde jeg, siger jeg

Ef þú heyrir eitthvað í nótt  
sem hljómar eins og HJÁLP  
er það bara páfugl  
Sofðu bara, munnharpa  
Ef þú getur  
Asnadrekinn er á eftir honum  
þú getur ekkert gert  
Bjargaðu sjálfri þér  
inn í drauminn  
sem rætist  
Martröðin ógnar  
með raunveruleikanum  
HJÁLP skrækir páfuglinn  
en það er ekki það  
sem hann meinar  
Asnadrekinn er á eftir honum

Af því:

-Vilt þú kannski taka  
þessa veru að hjarta þínu?  
Það vilt þú og það vil ég

Hvers vegna geta hinir ekki  
vanist því  
fyrst það er nú svo oft nótt  
allur þessi gauragangur út af einum dansi

Nú loka þeir gati álfastúlkunnar  
með nál og þræði og glóandi kolum  
- því þannig er tilfinningin,  
hún öskrar mest á eftir  
Hún æpir upp á nóttunni  
og fær ekki svar  
Hún hefur, hún hefur jú vitað það  
lengi, gættu þín, stúlka mín, þeir sjá þig  
en hún gekk í gildruna  
og gildran er fallin

Í gær skein sólin  
í Kaupmannahöfn  
í 1 klukku tíma og 10 mínútur  
Á meðan það stóð yfir  
áttaði ég mig  
það tók klukku tíma og  
tíu mínútur, ég stóð  
alveg kyrr undir  
gullregni í skrudgarðinum

Þú hlýtur að vita hversu  
flókið jafnvel hið einfalda er  
Skil ekki hvers vegna þú  
heldur að það sé auðvelt að  
kortleggja líf  
en erfitt að lifa því  
þegar það er alveg  
þveröfugt

Hvað getur maður kortlagt?  
Borgir og vegi?  
Engi og ár?  
Lyktina þar? Sársaukann? Bragðið af  
rauðgraut?  
Ég fékk stuð úr  
rafmagnsgirðingunni við síkið  
um vorið, ég greip um hana  
með báðum höndum, til þess að  
detta ekki. Stálþrumur.  
Í gær skein sólin í Kaupmannahöfn  
eftir hundrað ár verður allt gleymt.

---

*Herðís Magna Hübner þýðdi. Pía Juul (f. 1962) er danskt skáld sem hefur gefið út fjölmargar bækur, þar á meðal, sagde jeg, siger jeg, Levende og lukket og Adresser.*

## Úr bókinni *173 frá en till en*

Bróðir minn systir mín og ég flýjum Ljóskeilur velta yfir  
vegarkantinn  
Skrjáfar í þrjónuðum trefli mínum sem skýst út um gluggann á  
bílnum  
Hnykillinn raknar upp Við brúna rennur síðasta kögrið úr hendi  
minni  
Höndin mín raknar upp en systir mín bindur hnút  
Öldurnar hengja sig í buxnaskálmur bróður míns Hár systur  
minnar  
Blæs yfir hafið Himinninn rymur í bylnum  
Þú kemur hlaupandi með hnykilinn í vasanum  
Þú lýsir upp brúna með vasaljósinu Brúin lýsist upp eins og skip  
Skip hvolfist í hári þínu Við stöndum á blaði skæra  
Þar sem bylurinn málar í bergið orð okkar  
<<Góða Nótt>> stafa ég  
Áður en bróðir minn gefur bendingu og hendir sér út fyrir í hafið  
Áður en hafið fleygir mér yfir brúna  
efst uppi á brúarfestingunni vegur systir mín salt  
Áður en okkur er feykt hvoru á sína hlið  
Þar sem bylurinn blæs upp lófum okkar  
vinka litlir og bleikir  
smærri en læmingjakveðja

---

*Catharina Gripenberg (f. 1977) er sænskumælandi Finni og ljóðskáld. Hún gaf út ljóðabókina Þá diabilden är huvudet proppfullt av lycka og blaut Arvið Mörne-verðlaunin árið 1998. Valur Brynjar Antonsson þýðði.*

Michel Houellebecq

## AÐ HALDA LÍFI

Aðferð

### Í upphafi, þjáningin

“Alheimurinn grætur. Steinsteypuveggirnir markast af ofbeldinu sem á þeim dýnur. Steypan grætur. Grasið kveinar í gini dýrsins. Og maðurinn? Hvað ættum við að segja um manninn?”

Heimurinn er útbreidd þjáning. Uppruni hans er hnútur þjáninga. Öll tilvist er útbensla, og niðurtroðningur. Allir hlutir þjást, þjást inn í tilvistina. Tómið nötrar af sársauka, nötrar uns það verður að veruleika : í fyrirhlegri hviðu.

Verur verða fjölbreytilegar og flóknar að gerð, án þess að þær glati frumeðli sínu. Þegar tilteknu stigi meðvitundar er náð, kveður við öskur. Ljóðlist er runnið undan rifjum þessa öskurs. Tjáning tungumálsins, sömuleiðis.

Fyrsta ljóðræna skrefið felst í því að leita aftur til upprunans. Það er : aftur til þjáningarinnar.

Blæbrigði þjáningarinnar eru mikilvæg ; en ekki grundvallaratriði. Öll þjáning er góð. Öll þjáning er gagnleg. Öll þjáning ber ávöxt. Öll þjáning er veröld út af fyrir sig.

Henri er eins árs. Hann liggur á gólfinu, bleyjan er skítug. Hann grenjar. Móðir hans gengur um gólf, háir hælarnir smella á flísalögðu gólfinu. Hún er að verða of sein á stefnumót og finnur hvorki brjóstahaldarann né pilsíð sitt. Þetta litla fyrirbæri, sem flækist um á flísunum útbíað í skít, fer óstjórnlega í taugarnar á henni. Hún byrjar sjálf að gráta. Henri grenjar enn hærra. Svo er hún farin.

Henri hefur hlotið góða byrjun á ferli sínum sem skáld.

Marc er tíu ára gamall. Faðir hans er með krabbamein og liggur dauðvona á spítala. Þessi úrsérgengna tækjahrúga, rör sem liggja niður í háls og vökvagjöf í æð: þetta er faðir hans. Aðeins augun sýna lífsmark ; þau tjá þjáningu og ótta. Marc þjáist einnig. Hann er líka hræddur. Hann elskar föður sinn. En á sama tíma er hann farinn að óska þess að faðir hans deyi, og sú ósk vekur með honum sektarkennd.

Marc hefur verk að vinna. Hann ætti að leggja rækt við þjáningu sem í senn er svo einstök og frjósöm : Hin Alheilaga Sektarkennd.

Michel er fimmtán ára. Hann hefur aldrei verið kysstur af stelpu. Hann langar að dansa við Sylvie, en Sylvie er að dansa við Patrice og lætur á því bera hversu innilega hún nýtur þess. Michel er stjarfur ; tónlistin treður sér leið inn að innsta kjarna tilveru hans. Þetta er stórkostlegur vangadans, fegurð sem ekki er af þessum heimi. Michel óraði ekki fyrir því að hægt væri að þjást svona mikið. Hann hafði, fram að þessu, átt góða bernsku.

Michel mun aldrei gleyma andstæðunni milli hjartans sem er stjarft af þjáningu og yfirþyrmandi fegurðar tónlistarinnar. Tilfinningaræmi hans er byrjað að mótast.

Ef heimurinn er settur saman úr þjáningu stafar það af því að hann er, í eðli sínu, frjáls. Þjáningin er nauðsynleg afleiðing hinnar frjálsu notkunar á hlutverkum kerfisins. Þetta ættir þú að vita, og þú ættir að segja það.

Þér mun reynast ómögulegt að umbreyta þjáningunni í markmið. Þjáningin er, og getur þar af leiðandi aldrei orðið að markmiði.



Í sársaukanum sem lífið lætur okkur þola, sveiflumst við milli hrottans og lævísinnar. Þekktu þessar tvær birtingarmyndir. Beittu þeim. Reyndu að öðlast gagngera þekkingu á þeim. Greindu í sundur hvað aðskilur þær, og hvað sameinar. Margar mótsagnir munu, með þessu móti, leysast upp. Rödd þín mun eflast að krafti, og styrk.

Séu einkenni nútímans höfð í huga, á ástin sér varla viðreisnar von ; en frummynd ástarinnar hefur síst rýrnað. Verandi, eins og allar frummyndir, í grundvallaratriðum hafin yfir tíma og rúm, getur hún hvorki rýrnað né horfið.

Þeim mun meira sláandi ósamræmi á milli raunveruleika og frummyndar, þeim mun auðugri er uppspretta þjáninganna.

Unglingsárin eru mikilvæg. Daginn sem þú hefur þróað með þér skilning á ástinni sem er nægilega háleitur, nægilega göfugur og fullkominn, ertu búinn að vera. Ekkert, héðan í frá, mun vera nóg.

Ef þú umgengst ekki konur (hvort sem það er út af feimni, ljótleika, eða einhverju öðru), lestu kvennatímarit. Þú munt upplifa næstum samsvarandi þjáningar.

Farðu beint á botninn í fjarveru ástarinnar. Ræktaðu sjálfshatur. Hatur á sjálfum þér, fyrirlitningu í garð annarra. Hatur í garð annarra, fyrirlitningu á sjálfum þér. Blandaðu þessu öllu saman. Dragðu ályktun. Í lífsins ólgusjó, vertu alltaf viðrinið. Alheimurinn er eins og diskótek. Safnaðu öllum vonbrigðunum saman í haug. Að læra að verða skáld, það er að venja sig af því að lifa.

Elskaðu fortíð þína, eða hataðu hana ; en haltu henni ávallt í augsýn. Þú ættir að öðlast fullkomna sjálfsþekkingu. Þannig, hægt og bitandi, mun þitt djúpa sjálf skiljast frá, smjúga handan við sólina ; og eftir stendur líkami þinn ; þrútinn, útblásinn, pirraður ; tilbúinn til að takast á við nýjar þjáningar.

Lífið er röð tortímingarprófa. Reyndu að standast það fyrsta, en falla á hinum. Eyðileggðu líf þitt, en ekki um of. Og þjást, alltaf að þjást. Þú ættir að finna fyrir sársaukanum í hverri svitaholu. Sérhvert brot af alheiminum ætti að geta valdið þér persónulegum skaða. En samt, þú verður að halda lífi – að minnsta kosti í ákveðinn tíma.

Feimni ætti síst að lítilsvirða. Sumir telja að hún sé hin eina sanna uppspretta innri auðæfa ; það er ekki fjarri lagi. Í raun má segja, að það sé á augnabliki tregðunnar milli vilja og gjörða sem áhugaverð

fyrirbæri láta fyrst á sér kræla. Sá maður sem ekki þekkir þetta hik er fátt annað en skepna. Feimni er prýðilegur upphafsreitur fyrir skáld.

Þróaðu í sjálfum þér djúpstæða heift gagnvart lífinu. Þessi heift er nauðsynleg í allri sannri listsköpun.

Stundum, í sannleika sagt, mun lífið einfaldlega birtast þér sem ósamkvæm reynsla. En heiftin ætti aldrei að vera langt undan, aldrei utan seilingar – þó svo að þú kjósir að tjá hana ekki.

Og snúðu alltaf aftur til upprunans, þjáningarinnar.

Þegar þú ert farinn að vekja með fólki óttafulla vorkunn í bland við fyrirliðningu, muntu vita að þú ert á réttri braut. Þú getur byrjað að skrifa.

### **Að tjá sig**

“Afl verður að hreyfingu um leið og það verður að verknaði og þróast í tíma.”

Ef þér tekst ekki að tjá þjáningarnar þínar skýrt innan ákveðins strúktúrs, ertu búinn að vera. Þjáningin mun gleypa þig í einum bita, innan frá, áður en þú hefur haft tíma til þess að skrifa staf.

Strúktúrinn er eina leiðin til þess að komast hjá sjálfsmorði. Og sjálfsmorð leysir engan vanda. Ímyndaðu þér ef Baudelaire hefði tekist sjálfsmorðstilraunin, tutugu og fjögurra ára gamall.

Hafðu trú á strúktúrnum. Hafðu trú á fornum bragarháttum, sömuleiðis. Bundið mál er öflugt verkfæri í frelsun innra lífsins.

Ekki halda að þú þurfir að finna upp nýtt form. Ný form eru fátíð. Eitt á öld, það er bara nokkuð gott. Og það eru ekki endilega stórskáldin sem eru upphafsmenn þeirra. Í ljóðlist er ekki unnið með tungumálið ; ekki í eðli sínu. Orð eru á ábyrgð samfélagsins í heild.

Fæst ný form verða til úr engu, heldur þróast þau með hægu fráviki frá eldri háttum. Verkfærið aðlagast, smám saman ; það gengst undir smávægilegar breytingar ; nýjungin sem stafar af sameiginlegum áhrifum birtist yfirleitt ekki fyrr en á endanum,

þegar verkið hefur verið skrifað. Þetta er fyllilega sambærilegt við þróun tegundanna.

Í fyrstu munt þú senda frá þér þvoglumælt vein. Og þú munt oft freistast til þess að hopa aftur á það stig. Þetta er eðlilegt. Ljóðlist, í rauninni, kemur ögn á undan tjáningu tungumálsins.

Sökktu þér aftur í þetta þvoglumælda vein, hvenær sem þörfin grípur þig. Það er uppyngjandi það. En hafðu hugfast : ef þér tekst ekki, að minnsta kosti endrum og sinnum, að komast upp úr því, muntu deyja. Líkamsstarfsemi manneskjunnar er takmörkum háð.

Á hátindi þjáninganna, muntu ekki geta skrifað. Ef þörfin knýr dyra, skaltu samt láta á það reyna. Árangurinn verður sennilega slæmur ; sennilega, en ekki endilega.

Aldrei að vinna. Að skrifa ljóð er ekki vinna ; það er árás.

Ef notkun á tilteknum hætti (alexandrínskum, til dæmis) krefst fyrirhafnar, hafnaðu honum. Slík fyrirhöfn borgar sig aldrei.

Öðru máli gegnir um hina almennu, óslitnu og stöðugu viðleitni til að forðast sinnuleysið. Hún er lífsnauðsynleg.

Hvað formið varðar, hikaðu aldrei við að lenda í mótsögn við sjálfan þig. Klofnaðu, breyttu um stefnu oftast en nauðsyn krefur. Ekki rembast við að vera heilsteyptur persónuleiki ; slíkir persónuleikar eru til, hvort sem þér líkar betur eða verr.

Vanræktu ekkert sem mögulega gæti veitt þér snefil af jafnvægi. Hvað sem öðru líður, hamingjan er ekki handa þér ; þetta hefur verið staðfest, og það í dagóðan tíma. En ef þú sérð færi á að klófesta í eina af eftirlíkingum hennar, skaltu gera það. Hiklaust.

Hvernig sem öðru er háttað, hún mun ekki endast.

Héðan í frá er tilvist þín ekki annað en vefur þjáninga. Þú heldur að þú getir stillt þeim upp í heilsteypt form. Markmiðið, á þessu stigi : von um bærilegt líf.

## Að lifa af

“Engu að síður eru ritstörf eina starfsgreinin sem hægt er að stunda kauplaust án þess að líta út eins og fífl.”

Jules Renard

Dautt skáld skrifar ekki framar. Því er mikilvægt að halda sér á lífi.

Þessi einfalda röksemdarfærsla mun stundum reynast þér erfið. Sérstaklega á langvarandi ófrjósemistímabilum sköpunarinnar. Hald þitt í lífið mun, á slíkum stundum, virðast sárlega tilgangslaut ; í öllu falli, þú skrifar ekki staf.

Við þessu, aðeins eitt svar : í raun, veistu ekkert um þetta. Og ef þú lítur hreinskilnislega í eigin barm, hlýtur þú á endanum að fallast á það. Annað eins hefur nú gerst.

Ef þú ert hættur að skrifa, gæti það ef til vill verið forboði þess að þú skiptir um form. Eða breytir um þema. Eða hvort tveggja. Eða kannski er þetta, þegar öllu er á botninn hvolft, aðdragandinn að dauða sköpunargáfu þinnar. En þú veist ekkert um það. Í rauninni muntu aldrei þekkja þau innri öfl sem knýja þig til að skrifa. Þú munt aðeins bera kennsl á ólíkar og mótsagnakenndar birtingamyndir þeirra. Sjálfelska eða tryggð? Grimmd eða samúð? Þetta gæti allt staðist. Sannaðu til, þegar allt kemur til alls, veistu ekkert um það ; láttu því ekki eins og þú gerir það. Andspænis eigin fáfræði, andspænis þessum dularfullu öflum í sjálfum þér, haltu þér heiðarlegum og auðmjúkum.

Skáld sem ná háum aldri afkasta ekki aðeins meiru þegar á heildina er lítið, heldur er aldurinn jafnframt höfuðstöðvar andlegs og líkamlegs ferlis, sem synd væri að fara á mis við.

Að þessu gefnu, er fram úr hófi erfitt að lifa af. Maður gæti hugleitt að tileinka sér það sem kalla mætti *berkænaku Pessoa* : finna sér lítið starf, gefa ekkert út, bíða eftir dauðanum í friði og ró.

Í praxís, mætir maður fljótlega brýnum erfiðleikum : tilfinningunni að maður sé að sóa tímanum sínum, að maður sé ekki á réttri hillu, að maður sé ekki metinn að verðleikum... Innan skamms yrði þetta

óbærilegt. Áfengi yrði erfitt að forðast. Að lokum biðu þín biturð og beiskja við enda blindgötunnar, sinnuleysið myndi fylgja fast á eftir, og alger ófrjósemi sköpunargáfunnar.

Þessi lausn hefur sumsé sína ókosti, en hún er yfirleitt sú eina. Ekki gleyma geðlæknunum, þeir geta skrifað upp á vottorð sem veita frí frá vinnu. Á hinn bóginn, langvarandi dvöl á geðsjúkrahúsum ber að fordæma : of mannskemmandi. Það ætti aðeins að grípa til slíkra úrræða í neyð, sem valkost við örbirgð.

Gangverk velferðarkerfisins (atvinnuleysisbætur, o.s.frv.) ætti að nýta sér til fulls, og einnig fjárhagslegan stuðning vina sem hafa það betra. Ekki láta samviskubitið naga þig hvað þetta varðar. Skáldið er heilagt sníkjudýr.

Skáldið er heilagt sníkjudýr ; líkt og goðýfill Forn-Egypta, þrífst það á líkama ríkra þjóðfélaga í hnignunarástandi. En skáldið á jafnframt sinn stað í hjörtum einfaldra og sterkra samfélaga.

Þú þarft ekki að berjast. Boxarar berjast ; ekki skáld. En, engu að síður, þarftu að gefa pínulítið út ; þetta er nauðsynleg forsenda þess að þú verðir *uppötvaður eftir þinn dag*. Ef ekki liggur eftir þig eitthvað lágmark (þótt ekki sé nema örfáir textar í einhverju annarsflokks bókmenntatímariti), munu komandi kynslóðir ekki koma auga á þig ; ekki frekar en nokkur gerði á meðan þú varst enn á lífi. Jafnvel hinn fullkomni snillingur verður að skilja eftir sig slóð ; og treysta því að fornleifafræðingar bókmenntanna hafi fyrir því að grafa restina upp.

Þetta gæti brugðist ; og gerir það oft. Að minnsta kosti einu sinni á dag skaltu ítreka fyrir sjálfum þér að mikilvægast sé að gera sitt besta.

Það gæti komið að gagni að stúdera ævisögur um þín uppáhaldsskáld ; þær gætu gert þér kleift að forðast ákveðnar vitleysur.

Brýndu rækilega fyrir sjálfum þér að hagkvæmar lausnir á fjárhag eru ekki á hverju strái ; þær slæmu eru hinsvegar út um allt.

Spurningin um hvar þú býrð mun yfirleitt ekki koma upp ; þú býrð þar sem það býðst. Reyndu bara að forðast hávaðasama nágranna, sem gætu upp á eigin spýtur framkallað endanlegan dauða vitsmunanna.

Smá reynsla af atvinnulífinu gæti skaffað ákveðna þekkingu, sem hugsanlega væri nothæf í síðari tíma verk, um starfsemi samfélagsins. En tímabil örbirgðar, þar sem þú steypir þér út á jaðarinn, mun færa þér annars konar þekkingu. Best er að skiptast á.

Aðrir hlutir í lífinu, svo sem reglubundið kynlíf, hjónabandið, barneignir, eru í senn heillavænlegir og gjöfulir. En þá er næstum ómögulegt að öðlast. Þetta eru, á landakorti listarinnar, nánast ónumin lönd.

Almennt séð, muntu kastast milli beiskju og angistar. Áfengið mun koma að góðum notum, í báðum tilfella. Mikilvægast er að verða sér út um stundarfríð svo að sköpunarverk þín geti orðið að veruleika. Þessar stundir vara stutt ; reyndu hvað þú getur að grípa þær.

Vertu ekki hræddur við hamingjuna ; hún er ekki til.

### Gerðu árás á það sem skiptir máli

“Legg kapp á að reynast hæfur fyrir Guði sem verkamaður, er ekki þarf að skammast sín og fer rétt með orð sannleikans.”

(II Tímóteusarbréf 2:15)

Ekki sækjast eftir þekkingu þekkingarinnar vegna. Allt sem ekki sprettur beint af tilfinningum er einskis virði í ljóðlist.

(Auðvitað ber að skilja *tilfinningu* í víðum skilningi ; vissar tilfinningar eru hvorki þægilegar né óþægilegar ; þetta er oftast nær tilfellið með tilfinningu fyrir framandleika.)

Tilfinning rýfur orsakasambengið ; hún ein gerir okkur kleift að skynja hlutina í sjálfum sér ; þessi skynfærsla er tilgangur allrar ljóðlistar.

Þetta sameiginlega markmið heimspeki og ljóðlistar er uppsprettan að hinni leyndu samsekt sem tengir þessar tvær greinar. Þetta birtist ekki endilega í heimspekilegum ljóðum ; ljóðlist verður að uppgötva raunveruleikann eftir eigin leiðum, af hreinu innsæi, án þess að fara í gegnum síu vitsmunalegrar endurbyggingar á heiminum.

Enn síður ætti heimspekin að tjá sig á ljóðrænan hátt, það endar sjaldnast öðruvísi en í ömurlegu fúski. Samt er það alltaf á meðal skálda sem ný heimspeki finnur sína ábyggilegustu lesendur, þá eftirtektarsömustu og frjóstu. Með sama hætti eru aðeins ákveðnir heimspekingar hæfir til þess að greina, varpa ljósi á og að færa sér í nyt þá huldu heima sem ljóðlistin fangar. Það er í ljóðum, í næstum því eins ríku mæli og í beinni íhugun – og mun frekar en í undangenginni heimspeki – sem þeir finna efnivið í nýja sýn á heiminn.

Virtu heimspekinga, ekki herma eftir þeim ; þín leið, því miður, liggur annað. Hún er órjúfanleg hugsýkinni. Ljóðræn reynsla og reynsla af hugsýki eru tveir stígar sem skarast, vefjast saman, og renna oftar en ekki saman í eitt ; farvegur ljóðlistarinnar leysist upp í blóðugu flóði hugsýkinnar. En þú átt engra kosta vöð. Engin önnur leið er fær.

Sleitulaus úrvinnsla á eigin þráhyggjum mun að lokum umbreyta þér í ömurlega rúst, tærða upp af angist og bugaða af sinnuleysi. En, ég endurtek, engin önnur leið er fær. Það verður ekki aftur snúið. Þú verður að brjótast út úr hringnum. Og skrifa nokkur ljóð, áður en þú brotlendir á jörðinni. Ómælanlegum víðáttum bregður fyrir. Miklar ástríður opna fyrir útsýni inn í eilífðina.

Pegar allt kemur til alls, leysir ástin allan vanda. Á sama hátt leiða miklar ástríður þig að svæði sannleikans. Í annað rými, gífurlega sársaukafullt, en þar sem útsýnið er gott, og skýrt. Þar sem hlutirnir birtast hreinir og tærir, í sínum bjarta sannleika.

Trúðu á samsemd hins Sanna, hins Fallega, og hins Góða.

Þú ert hluti af samfélagi sem hefur það að markmiði að rústa þér. Markmið þín gagnvart samfélaginu eru þau sömu. Vopn samfélagsins er afskiptaleyssið. Þú getur ekki leyft þér sömu stælan. Gerðu árás!

Öll samfélög hafa sína veiku bletti, sín sár. Settu puttann í sárið, og þrýstu fast niður.

Kryfðu til mergjar þau mál sem enginn vill heyra minnst á. Kafaðu undir yfirborðið. Heimtaðu sjúkleikann, kvölin, og afskræminguna. Talaðu um dauðann, og gleyskuna. Um

afbrýðissemína, afskiptaleysið, vonbrigðin og fjarveru ástarinnar. Vertu fyriritlegur, og þú munt verða sannur.

Ekki tilheyra neinu. Eða tilheyrðu, og svíktu síðan strax. Enginn málstaður ætti að hafa tök á þér til lengri tíma. Harðfylgi gerir menn hamingjusama, og það er ekki þitt að vera hamingjusamur. Þú stendur með óhamingjunni ; þú ert hinn myrki mótherji.

Þitt hlutverk er umfram allt ekki að koma með tillögur, né að byggja upp. Ef þú getur þetta, þá skaltu gera það. Ef það leiðir til óverjandi mótsagna, segðu það upphátt. En meginhlutverk þitt er að grafast fyrir um Sannleikann. Þú ert grafarinn, og þú ert líkið. Allir eru hluti af líkama samfélagsins. Allir eru ábyrgir fyrir líkama samfélagsins. Ábyrgðin er ykkar, öll sem eitt. Faðmið jörðina, ógeðin ykkar!

Ákvarðaðu sakleysið, og sektina. Fyrst í sjálfum þér, það ætti að veita þér leiðsögn. En líka hjá öðrum. Skoðaðu hegðun þeirra, og málsbætur ; dæmdu svo, af algjöru hlutleysi. Þú hefur ekki hlíft sjálfum þér ; hlífðu engum.

Þú ert auðgur. Þú þekkir hið Góða, þú þekkir hið Illa. Haltu þessu ávallt aðskildu ; ekki festast í umburðarlyndinu, þeim auma smánarbletti okkar tíma. Ljóðlistin er fær um að setja á stofn varanleg siðferðisleg gildi. Þú ættir að hata frelsið af öllum krafti.

Sannleikurinn er svívirðilegur. En, án hans, er allt einskis virði. Heiðarleg og barnsleg sýn á heiminn verður umsvifalaust að meistaraverki. Í ljósi þessarar forsendu, skiptir frumleikinn litlu máli. Vertu ekki upptekinn af honum. Hvað sem á dynur, ákveðinn frumleiki hlýtur að rísa upp úr summu galla þinna. Hvað þig varðar, segðu einfaldlega sannleikann ; segðu einfaldlega sannleikann, hvorki meira né minna.

Þú getur ekki elskað sannleikann og heiminn. En þú hefur þegar valið. Nú ríður á að standa við þetta val. Ég hvet þig til að missa ekki kjarkinn. Ekki að þú hafir nokkra ástæðu til að vera vongóður. Þvert á móti, vita skaltu að þú munt standa aleinn. Flestir sætta sig við lífið, annars deyja þeir. Þú ert gangandi sjálfsmorð.

Eftir því sem þú nálgast sannleikann, mun einsemd þín aukast. Vistarverurnar eru glæsilegar, en yfirgefnar. Þú gengur um tóma salina, þeir bergmála fótatak þitt. Andrúmsloftið er tært og stöðugt ; hlutirnir virðast hafa breyst í stytur. Stundum brestur þú í grát,



svo grimmur er skýrleiki sýnarinnar. Þú vildir að hægt væri að snúa til baka, aftur í þoku fáfræðinnar ; en í reyndar veistu að það er of seint.

Haltu áfram. Ekki vera hræddur. Hið versta er þegar að baki. Lífið mun, að sjálfsögðu, rífa þig í tætlur á nýjan leik ; en, frá þínum sjónarhóli, hefur þú ekki svo mikið með lífið að gera lengur. Mundu þetta : í grundvallaratriðum, ertu þegar dauður. Nú stendur þú andspænis eilífðinni.

---

*Michel Houellebecq er franskur rithöfundur. Á íslensku hafa komið út eftir hann skáldsögurnar Öreindirnar (1998) og Áform (2001). Að halda lífi – aðferð nefnist Rester vivant – méthode á frönsku og kom fyrst út árið 1991. Fyrr á því ári gaf höfundurinn út sína fyrstu bók, H.P. Lovecraft – contre le monde, contre la vie. Ófeigur Sigurðsson og Gunnar Þorri Pétursson þýddu.*

**Mike Topp**

## **Ljóð**

**Ef**

Ef maður væri geimvera, veistu hvað myndi gera mann alveg brjáláðan? Matreiðslubækur á frönsku. Hvernig í fjáranum á maður eiginlega að geta skilið þær?

### **Kínverskar soðbökur**

300.000.000 matskeiðar af feiti  
1.500.000.000 bollar af hveiti  
2.000.000.000 teskeiðar af natróni  
750.000.000 teskeiðar af salti  
750.000.000 bollar af mjólk

Blandið feitinni við hveitið, natrónið og saltið þar til deigið myndar fína mylsnu. Hrærið mjólkinni saman við. Látið deigið drjúpa úr matskeið niður á heitt kjöt eða grænmeti í sjóðandi heitri kássu (látið ekki drjúpa beint í vökvann). Sjóðið á opinni pönnu í tíu mínútur. Setjið lokið á og sjóðið í 10 mínútur í viðbót. Úr þessu ættuð þið að fá 800.000.000 til 1.000.000.000 soðbökur.

## Fokkaðu þér

Gasan sat við rúmstokk Tekisui þremur dögum áður en lærimeistari hans lét lífið. Tekisui hafði þegar valið sér Gasan fyrir eftirmann. Musteri hafði nýverið brunnið til grunna, og Gasan hóf að endurreisa það. Tekisui spurði hann:

„Hvað ætlarðu að gera þegar musterið er tilbúið?“

„Þegar þér er batnað viljum við að þú haldir ræðu þar,“ sagði Gasan.

„En hvað ef ég dey áður en af því verður?“

„Þá fáum við einhvern annan,“ svaraði Gasan.

„En hvað ef þið finnið engan annan?“ sagði Tekisui.

Gasan svaraði hátt: „Ekki spyrja svona heimskulegra spurninga.

Fokkaðu

þér bara.“

## Hvernig maður skrifar hæku

Víðfrægt bandarískt skáld var spurt hvernig maður semur hæku.

„Hin almenna aðferð samanstendur af þremur línunum,“ útskýrði Ron. „Í fyrstu línunni eru fimm atkvæði; annarri línunni sjö atkvæði; þriðju línunni fimm atkvæði. Þetta sést vel í einu af ljóðum mínum:

Fyrst: fimm atkvæði

Og síðan: sjö atkvæði

Loks: fimm atkvæði.

## Ótitlað

Ég hata inniskó. Það er eins og að vera í skóm með engar reimar.

## Fin-De-Siecle

Stundum  
virðist  
allt  
eins og  
uhh, bara eitthvað.

---

*Eiríkur Örn Norðdabl þýðði. Mike Topp (f. 1969) er bandarískt ljóðskáld og póstmóðernískur vöðingur. Hann er fæddur í Washington, og hefur gefið út nokkrar ljóðabækur, þ.m.t. Happy Ending. Hann hefur að auki birt ljóð í mörgum tímaritum, m.a. McSweeney's og The Jacket.*

## Orð vegna menn

Það er allt eins og snævi þakið ... hvert orð er eins og spor í ósnortinn snjó – dálítið spennandi, en dálítill helgispijöll, svolítið erfitt líka, maður þarf að klofa þögnina á milli húsa ... og sums staðar virðist jafnvel hafa fennt inn – heilu eldhúsin þakfull af þögn.

Í upphafi var orðið, og orðið er enn, maðurinn er fastur í orðinu, orðið stendur í kokinu á manninum, orðið er kokið, maðurinn er orðið. Okkur stendur á sjálfum okkur, við erum föst í kokinu og reynum að komast út.

Orðin sem eru stigin í snjóinn segja svo lítið hvort eð er, hugsar hann. Hann situr í bókabúð í miðbænum, í von um hrynjandi – við rúðu sem vísar á matvöruverslunina fyrir framan – þar fara þó einhverjir um ... og inni í bókabúðinni eru líka einhverjar sálir. Hann heyrir á bak við sig:  
– Þessa hérna?

Já, fyrsta persóna fleirtala er ofbeldi og ég er friðsemdarmaður. Það er ég sem stend fastur í kokinu á sjálfum mér. Komi þeir sem koma vilja.

Síðan líður og bíður og hann les ennþá og það fennir og hann gleymir sér ... fólk í þessu landi kann að grafa sig í fönnina, svo það verði ekki úti en loks heyrir:  
– Eitthvað sem hún myndi lesa ...

Vísindi eru, eins og trúarjátning og hugmyndafræði, viljinn til að festast í myndlíkingu og fylgja henni til enda, þar til hún smættast í fátánleika eins og annað. Ljóðið er játun á því að við miðum ekki í raun að fullkomnum skilningi, heldur nýjum skilningi. Þegar fátánleiki orðsins eina opinberast er eins gott að ljóðin hafi staðið sig í stykkinu því annars lýkur sögunni.

Hann lítur aftur fyrir sig án þess að líta á manneskjurnar sjálfar, lítur um öxl og uppgötvar að tilþrífir eru af þeim toga sem hann þolir ekki – hann stendur sig að verknaði sem gefur til kynna að fólk sé að trufla hann, að hann vilji þagga niður í því. En það er ekki hægt að leiðrétta tilþríf sem þessi – hann les áfram og loks heyrir:  
– Hitchhiker's guide to the galaxy?

En fátánleiki orðsins opinberast ekki öllum í einu lagi heldur gerir statt og stöðugt vart við sig hér og þar – ljóðið er því líka valkostur við geðdeyfðarlyf, í viðleitni til að samþætta heim og mann, sá kostur að smækka ekki heiminn heldur stækka manninn.

Og samræðan nær ekki lengra – hann skiptir um myndlíkingu og honum finnst eins og orðin hafi öll fallið niður í teppið og bíði þess að vera ryksuguð, af innfluttu vinnuafli, í lok dags, heimafolk snertir ekki á óþrífnaðinum lengur.

Ljóð eru hættuleg því menn eru hættulegir.

- DVD disk með mataruppskriftum fyrir örbylgjuofn? Skyndilega virðist nýr kúnni hafa komið í búðina, á neðri hæðina, og ný samræða hefst.

Ljóðið er smæsta byltingin og þannig sú sem étur fæst börn. Það er erfiðara að selja ljóð en kvikmyndir og þess vegna minni ásækni í að loka því.

- DVD disk með mataruppskriftum!?
- Já, fyrir örbylgjuofn.
- DVD disk með mataruppskriftum fyrir örbylgjuofn!?
- Já.
- Nei, bíddu ... DVD disk með mataruppskriftum fyrir örbylgjuofn?  
(Ný rödd, hin starfsstúlkan í búðinni:)  
Mataruppskriftum fyrir örbylgjuofn?
- Já, DVD disk ...

Það er misjafnt hversu vel orðin eru á sig komin og misjafnt hvernig mennirnir mæta þeim. Í Suður-Evrópu eru töluð orð, per capita, langtum fleiri en í Norður-Evrópu. Þar leggja skáldin sig fram um að yrkja þagnir. Á Íslandi eru töluð orð fá og nýmæli nær óheyrð – mikilvægustu skáldin okkar tala í belg og biðu á meðan augun þeirra játast þögninni. Þetta er það sem heitir írónía.

- DVD disk með mataruppskriftum fyrir örbylgjuofn?
- Já.
- Nei.
- Nei?
- Nei.
- Nei.
- Nei, jæja. Takk.

– Já.

Byltingin er fólgin í því að játast veruleikanum til að hafna honum.  
Segja já til að segja nei.

Prestur barði fermingarbarn í höfuðið með kústi.

Til að segja já. Það er alltaf vor í vændum.

---

*Haukur Már Helgason (f. 1978) er ljóðskáld og kvikmyndagerðarmaður með BA í heimspeki frá Háskóla Íslands. Eftir hann liggja ljóðabækurnar Eini strákurinn í heiminum sem kunnir að telja og 2004, heimspekiritgerðin Aðlafræðin, auk fjölmargra stuttmynda, en ein þeirra, Vei! Hryðjuverk! vann til verðlauna á Stuttmyndaöögum 2001. Haukur ritstýrði fyrstu afbók Nýbil, Af stríði, sem kom út 2005.*



## Plan í tilefni af komu Christian Bök

- Muna áður en ég sæki hann út á flugvöll: rugla hárinu, fara í stuttermabolinn sem liggur bak við kommóðuna og borða hvítlauk upp á trúverðuleikann, setja Sartre inn á bað og e-mailið frá múm á eldhúsbordið (muna samt að láta kaffibolla ofan á það þannig að það komi blettur, upp á trúverðuleikann). Setja sjónvarpið og myndina af mér í lúðrasveitabúningnum í geymslu.
- Vera aðeins of seinn út á flugvöll en ekki þannig að Christian taki rútuna. Vera með gleraugu.
- Réttu fram höndina þegar við hittumst en kyssa hann svo óvænt á kinnina til að rugla hann í ríminu. Spyrja hann hvort hann eigi pening.
- Muna að gera Sigvalda bróður viðvart þannig að hann geti bægt frá okkur öllum ættingjum sem við rekumst hugsanlega á úti á flugstöð.
- Passa að ganga framhjá Sirrý þar sem hún er að lesa Gosa, það væri gott ef hún væri ekki í brjóstahaldara innan undir.

- Keyra hægt til Reykjavíkur og láta eins og ég sé skakkur en gefa svo skyndilega í þegar við komum í Hafnarfjörð (gefur karakterdýpt).
- Tala með breskum hreim til að byrja með sem breytist smám saman í þýskan hreim. Hækka líka stöðugt róminn til þess að skapa óöryggi.
- Þykjast ekki heyra fjórðu hverja spurningu og horfa þá á stýrið í bílnum eins og ég hafi aldrei komið í bíl áður.
- Fara með Christian Bök á Múlakaffi, þykjast þurfa að fara á klósettið en skilja hann svo þarna eftir (láta hann borga fyrir báða). Skilja samt gleraugun eftir á borðinu til þess að auka á trúverðuleikann.
- Vekja Christian eldsnemma og þykjast ekki muna neitt eftir Múlakaffi.
- Fara með hann í Norræna húsið og tala illa um Norrænt samstarf. Gera grín að Alto, heilsa Sigurði A. en þykjast svo ekki muna hvað hann heitir.
- Láta líða yfir mig frammi í anddyri (muna að vera í brúnu skónum).
- Keyra framhjá Smáralind og ræða um breiðmenningu en gefa þó sterklega í skyn að það sér frekar búið umræðuefni.
- (Gaman væri að rekast á nýbúa í Kópavogi, helst austurlenska konu með barnavagn, má vera svört en ekki of).
- Heimsækja mömmu Bjarkar og leyfa henni að lesa nokkur slæm ljóð um Kárahnjúka fyrir Christian. Hlæja í hljóði en fara svo að gráta fyrir framan hann til að auka á trúverðuleikann. Spyrja hann hvort hann eigi pening.

- Keyra út í Sandgerði þar sem Guðbergur hefur tekið að sér að vera á reiðhjóli. Flauta á hann.
- Taka reiðikast og hella sér yfir Christian, gráta og spyrja hann hvort hann eigi pening.
- Fara með Christian í Klink og Bank og spyrja hann hvort hann vilji bíða þar þangað til um kvöldið eða fara í sund.
- Fara með hann í sund en ekki fara sjálfur ofan í.
- Fá gæjann sem lék Elías í Stundinni okkar til þess að reka hann upp úr heita pottinum á þýsku.
- Hrinda Elíasi fyrir framan Christian frammi í anddyri.
- Sitja lengi þögull úti í bíl og spyrja hann svo hvort múm hafi nokkuð reynt að hafa samband við hann. Segjast hafa áhyggjur af múm almennt séð. Spyrja Christian hvort hann eigi pening.
- Muna að vera með Gosa í hanskahólfinu.
- Fara með Christian í kirkju. Gaman væri að hitta Geir Ólafsson fyrir utan, helst með ferðatösku.
- Kinka kolli í takt við kirkjutónlistina (aðallega þegar það er engin tónlist, til þess að rugla í ríminu, skapa óöryggi og auka á trúverðugleikann).
- Neyða Christian til þess að ganga til altaris en gera það ekki sjálfur og gefa í skyn að ég sé gyðingur.
- Gefa Christian skyndilega rækjusamlöku og diet Coke.
- Spyrja hann hvort hann sé giftur.

- Fara með Christian í Ráðhús Reykjavíkur þar sem Sigurður Pálsson hefur tekið að sér að selja tússpenna.
- Fá fund með borgarstjóra og reyna að fá styrk út á Christian.
- Láta líðayfir mig inni hjá borgarstjóranum upp á trúverðugleikann. (Muna að lenda á teppinu).
- Rakna úr rotinu og segjast hafa verið í betri heimi þar sem útlínur fólks voru eins og tússaðar.
- Vera utan við mig þegar við göngum út úr húsinu, þykjast ekki sjá Sigurð Pálsson sem hefur nú snúið yfirvararskegginu á hvolf til þess að valda ruglingi.
- Staldra við fyrir framan Iðnó og skamma Christian fyrir að hafa verið dónalegur við borgarstjóran.
- Fara með Christian heim, hella upp á kaffi en aðeins fyrir einn.
- Setja plötuna Ævintýri í Marabaráborg á fóninn, sofna í hægingastólnum en vera búinn að læsa íbúðinni innan frá þannig að Christian komist ekki út.
- Vakna endurnærður og tala miklu hærra en áður og halda augunum ennþá betur opnum en áður.
- Gera snöggar munnhreyfingar við og við eins og íkorni.
- Byrja skyndilega að kalla hann Chrispian án þess að gefa á því nokkra skýringu.
- Spyrja Chrispian hvort hann eigi pening.
- Gefa Christian hreindýrakjöt en ekki borða neitt sjálfur (þetta er gamalt kjöt sem Sigvaldi bróðir skildi eftir um jólin).

- Fara með Christian aftur niður í Klink og Bank þar sem verið að er að undirbúa ljóðakvöldið.
- Spyrja krakkana í Nýhil hver þessi Chrispian sé.
- Hlusta á ljóðalesturinn, brosa og hrista hausinn eins og þetta sé allt meira og minna ort fyrir mistök.
- Standa upp og spyrja Chrispian hvort hann hafi séð gleraugun mín.
- Panta salat og láta líða yfir mig (ekki með neinni dressingu, upp á fötin).
- Elta Christian á klósettið þar sem Vigdís Finnbogadóttir hefur tekið að sér að vera látbragðsleikari.
- Lækka róminn þannig að hann heyri ekki í mér. Gefa honum augnaråd eins og hann hafi stolið einhverju frá mér.
- Láta henda Christian út.
- Spyrja Chrispian hvort hann eigi pening.
- Slappa af.

---

*Þorsteinn Guðmundsson (f. 1967) er rithöfundur, leikari og grínari. Eftir hann liggja bækurnar Klór, Hundabókin og Eftl dagsins. Þorsteinn er einn Fóstbræðra.*





